

**ARI P'ALL KRISTINSSON**

**STOÐHLJÓÐID Ú  
Í ISLENSKU**

**RITGERD TIL KANDÍDATSPRÓFS  
Í ISLENSKRI MÁLFRAEDI**

**HÁSKÓLI ÍSLANDS 1987**

**ARI PÅLL KRISTINSSON**

**STODHLJÓÐIÐ U  
Í ÍSLЕНSKU**

**RITGERÐ TIL KANDÍDATSPRÓFS  
Í ÍSLENSKRI MÁLFRÆÐI**

**HÁSKÓLI ÍSLANDS 1987**

## Formálsord

Eitt fyrsta viðfangsefni mitt á kandidatsstigi í íslenskri málfræði var að fjalla um breytingar í áherslulausum atkvæðum í íslensku, þar á meðal um uppkomu stoðhljóðsins u, í kennslustund hjá Kristjáni Árnasyni dósent. Þar kvíknaði hjá mér áhugi á stoðhljóðinu og síðar varð það fyrir valinu sem viðfangsefni í kandidatsritgerð. Voríð 1984 varði ég nokkrum vikum til að kynna mér viðfangsefnið og viða að mér gögnum. Vegna annarra starfa og náms gerði ég tveggja ára hlé en tók að nýju til við verkið sumarið og haustið 1986 og skrifði þá 3. kafla að verulegum hluta. Frá því í janúar á þessu ári hefur ritgerðin verið unnin að örðru leyti.

Leiðbeinanda mínum, Kristjáni Árnasyni dósent, þakka ég hans gagnlegu leiðsögn og hvatningu og ekki sist það ómak að "hálða tryggð við mig" í leyfi sinu síðast liðinn vetur. Einnig þakka ég Stefní Karlssyni og Kjartani G. Ottóssyni fyrir aðstoð við heimildaöflun.

í mai 1987

Ari Páll Kristinsson

## Efnisyfirlit

1.	INNGANGUR .....	4
1.1	Viðfangsøfni .....	4
1.2	Timamörk .....	4
1.3	u-inniskot í nútímmáli .....	5
1.4	Efnisskipan ritgerðarinnar .....	6
2.	HLJÓDFRÆDILEGT UMHVERFI .....	8
2.0	Inngangsorð .....	8
2.1	Eðli breytingarinnar .....	9
2.2	Stoðhljóð í fæinum öðrum málum .....	10
2.2.1	Norska .....	10
2.2.2	Sænska .....	11
2.2.3	Enska .....	11
2.2.4	Latina .....	12
2.2.5	Írská .....	12
2.2.6	Stuttur samanburður við íslensku .....	12
2.3	Breytileiki í stafsetningu, framburði eða hvoru tveggja? .....	13
2.4	Þjár tegundir hljóðfræðilegs umhverfis .....	17
2.4.1	Þrenns konar umhverfi .....	17
2.4.2	(Eldra) /-r/ á milli samhljóða .....	17
2.4.3	(Eldra), /-r/ í bakstöðu .....	19
2.4.3.1	Dæmum um (eldra) /-r/ í bakstöðu skipt í tvennt .....	19
2.4.3.2	Bakstöðuklasar með /-r/ í fornu málí .....	20
2.4.3.3	Sérstaða <u>pr</u> , <u>tr</u> , <u>kr</u> .....	21
2.4.3.4	Aðgreining <u>p</u> , <u>t</u> , <u>k</u> frá öðrum samhljóðum: +/-sp, rgl. .....	27

3.	STODHLJÓÐ í TEXTUM c1275-1525 .....	29
3.0	Inngangur .....	29
3.1	Elistu dæmi (c1275-1350) .....	32
3.1.0	Inngangsord .....	32
3.1.1	Rannsóknarsaga leitarinnar að elstu merkjum breytingarinnar .....	32
3.1.2	Merki um stoðhljóð í stafsetningu ....	36
3.1.2.0	Inngangsord .....	36
3.1.2.1 - 3.1.2.18	(Vitnisburður 18 heimilda) .....	38-48
3.1.3	Yfirlit yfir dæmi um stoðhljóð .....	49
3.2	Timabilið c1350-1400 .....	54
3.2.0	Inngangsord .....	54
3.2.1	Merki um stoðhljóð í stafsetningu ....	55
3.2.1.1 - 3.2.1.40	(Vitnisburður 40 heimilda) .....	55-67
3.2.2	Yfirlit yfir dæmi um stoðhljóð .....	67
3.3	Timabilið 1402-1525 .....	75
3.3.0	Inngangsord .....	75
3.3.1	Merki um stoðhljóð í stafsetningu ....	78
3.3.1.1 - 3.3.1.16	(Vitnisburður 16 heimilda) .....	78-108
3.3.2	Yfirlit - öll dæmi .....	104
3.4	Skipting dæma um stoðhljóð c1275-1525 eftir þrenns konar hljóðfræðilegu umhverfi .....	109
4.	STODHLJÓÐ í KVEDSKAP .....	112
4.0	Inngangsord .....	112
4.1	Um athugun Jóns Porkelssonar (1863) .....	113
4.2	Rimur frá 14. - 16. öld .....	117
4.2.1	"Stoðhljóðsorð" í síðustu bragliðum visuorða - Gögn úr fimm heimildum ...	117
4.2.2	Stuttur samanburður við laust mál ...	119
4.3	Egils rimur frá 17. öld .....	121
4.4	Aðgreinandi "tónkvæði"? .....	121
4.5	Niðurstaða .....	124

5.	NIÐURSTÖDUR .....	127
6.	UM ORSAKIR BREYTINGARINNAR .....	131
6.0	Inngangsord .....	131
6.1	Lýsing - skyring? .....	131
6.2	Stoðhljóðið borið að hugmyndum Clements og Keyzers (1963) .....	133
6.3	Stoðhljóðið borið að hugmyndum Piggotts og Singhs (1965) .....	137
6.4	Skyring Wesséns (1945) á stoðhljóði i sánku 143	
6.4.1	Atkvæði og vondir klasar .....	143
6.4.2	Atkvæðisbært <del>p</del> millistig í þróuninni? 147	
6.5	Niðurstöður .....	149
7.	LOKAORD .....	151
	HEIMILDIR .....	154
	VIÐAUKI .....	168
	A. Handrit, handritsbrot og frumbréf sem dæmi um stoðhljóð og öfuga rithætti eru tekin úr í 3. kafla ...	168
	1. Handrit og handritsbrot ....	168
	2. Frumbréf .....	169
	B. Ónnur handrit og frumbréf sem nefnd' eru .....	170

## I. KAFLI

### INNGANGUR

#### 1.1 Viðfangsefni

Þegar íslendingur tekur að lesa fornán texta, stafréttan eða með samræmdri stafsetningu fornri, verða bráðlega á vegin hans orð eins og akr., akrs., maðr o.s.frv., með samhljóðaklösum sem hann á yfirleitt ekki að venjast úr nútímmáli, -kr#, -krs#, -ðr# o.s.frv. Viðfangsefni þessarar ritgerðar er sú breyting sem varð þegar stoðhljóðið um kom upp á undan /-r/ í hljóðasamböndum af þessu tagi og þau urðu -kur#, -kurs#, -ður# o.s.frv.

Petta er söguleg athugun með höfuðáherslu á hljóðfræðilega og hljóðkerfisfræðilega þætti.

#### 1.2 Tímamörk

Fyrstu dæma um breytinguna verður vart í textum frá því seint á 13. Öld. Síðan er stoðhljóðið lengi vel ýmist táknað í textum eða ekki, - "alt fram á miðja sextándu Öld, en eptir miðja sextándu Öld verðr alment að rita ur í niðrlagi orða og orðstofna, þar sem svo er framborið", skrifar Jón Þorkelsson (1863:32) (sjá einnig Noreen 1970:140); "seint á 16. Öld er það fyrst, að nýjung þessi fær yfírráð í ritum" segir Jóhannes L. L. Jóhannesson (1924:74) (sjá einnig Bandle 1956:156). Í Nýja Testamenti Odds Gottskálkssonar, 1540, er yfirleitt ritað L, bæði fyrir eldra /-r/ og eldra /-ur(r)/ (Jón Helgason 1929:42-43). Í Guðbrandsbibliu, 1584, er ritað ur með aðeins átta (eða niu) undantekningum, samkvæmt Bandle (1956:156-157).

### 1.3 u-inniskot i nútímaamáli

Því hefur verið haldið frá að u-inniskot sé ennþá virk hljóðkerfisregla í nútímaamáli, þ.e.a.s. að stoðhljóðið u sé ekki komið inn í baklægar gerðir orðanna, a.m.k. ekki allra orða (sjá t.d. Eirik Rögnvaldsson 1984:70-71). Þessi hugmynd hefur einkum komið frá í umræðu um u-hljóðvarp, en tilvist u-hljóðvarps sem hljóðkerfisreglu hvilir á tilvist u-inniskots (Eirikur Rögnvaldsson 1981:37).

Anderson (1969:56, 1972:15, o.v.) setur regluna um u-inniskot í nútímaislensku svona frá:

$$\emptyset \dashrightarrow u / C \_ r \left\{ \begin{array}{l} C \\ \# \end{array} \right.$$

Orešnik (1972:9) hefur morfemaskil í reglunni:

$$\emptyset \dashrightarrow u / C \_ + r \left\{ \begin{array}{l} C \\ \# \end{array} \right.$$

Orešnik féll seinna frá því að reglan væri virk (1978a).

Eirikur Rögnvaldsson (1981:39) færir morfemaskilin til og fellir niður umhverfið hægra megin við /r/:


$$\emptyset \dashrightarrow u / C + \_ r$$

Eirikur Rögnvaldsson (1984:70) er horfinn frá því að tilgreina morfemaskil og hefur regluna svona:

$$\emptyset \dashrightarrow u / C \_ \left[ \begin{array}{l} C \\ [+ hljóm.] \\ [+ samf.] \end{array} \right] \left\{ \begin{array}{l} C \\ \# \# \end{array} \right.$$

Kiparsky (1984) setur fram reglu með öðrum skilyrðum en hinar fyr nefndu. Regla hans segir að stoðhljóði sé skotið inn framan við /r/, sem ekki tilheyri "onset" ("stuðli") eða "coda" ("kálfi") neins atkvæðis (átt er við stöðu (sam)hljóða sitt hvoru megin

við (sérhljóðs)kjarna í atkvæði; þessi staða er táknuð með "W"), og reglan litur svona út (1984:143):



i þessari ritgerð verður ekki fjallað um spurninguna um tilvist u-inniskots sem virkrar hljóðkerfisreglu í nútímmáli. En eins og i ljós kemur í 2.1 hér á eftir hefur þeirri sögulegu breytingu, þegar stoðhljóð kom upp, verið lýst með reglu sem nánast alveg samsvarar reglum Andersons (1969, 1972, o.v.) og Eiriks Rögnvaldssonar (1984) fyrir nútímmáli. Og í 6. kafla, þar sem drepið verður á leiðir til að skýra orsök sögulegu breytingarinnar, verður m.a. minnst á reglu Kiparskys (1984) um u-inniskot í nútímmáli.

#### 1.4 Efnisskipan ritgerðarinnar

"Hljóðfræðilegt umhverfi" er yfirskrift 2. kafla. Í 2.1 verður rætt um rökin til þess að skoða breytinguna sem hljóðfræðilegt fyrirbrigði en ekki beygingarfræðilegt. Í 2.2 er drepið á samsvarandi fyrirbæri í fæeinum tungumálum (norsku, sánsku, ensku, latinu, írsku) og þau lauslega borin saman við íslensku breytinguna. Í 2.3 er fjallað um hvernig e.t.v. mætti sannreyna hvort breytileiki í rithætti ber aðeins vott um tilraunir til íhaldsseimi í skriftinni eða hvort í honum felist visbending um raunverulegan framburð. Í 2.4 er lýst þremur tegundum hljóðfræðilegs umhverfis (eldra) /-r/ í íslensku, en í 3. kafla verða heimildir skoðaðar með þessar þrjár tegundir í huga.

Í 3. kafla verður rakið hvað heimildir frá c1275-1525 segja okkur um táknum á stoðhljóði. Þar kemur m.a. í ljós að mismiklar likur virðast vera til þess að

stoðhljóð sé ritað, í textum frá þessu tímabili, eftir sambandi (eldra) /-r/ og samhljóða í umhverfi þess. Þetta kemur skýrast fram í 3.4. Þar er tafla sem sýnir að frá síðasta fjórðungi 13. aldar og a.m.k. fram á miðja 14. Öld kemur meiri hluti dæma um ritað stoðhljóð fram þar sem (eldra) /-r/ stendur á milli samhljóða. Af töflunni má líka lesa að heimildir frá síðara hluta 14. aldar, 15. Öld og fyrsta fjórðungi 16. aldar benda til þess að á því tímabili séu tiltölulega meiri likur til þess að stoðhljóð sé ritað á undan (eldra) /-r/ í bakstöðu ef samhljóðið næst á undan /-r/ er (var) E, t eða k en ef þar eru (voru) önnur samhljóð. Á sama tím er enn einnig algengara að tákna stoðhljóð á undan /-r/ sem stendur (stóð) á milli samhljóða en ætla mætti miðað við áætlaða tíðni þess umhverfis.

í 4. kafla er fjallað um hvaða upplýsingar um stoðhljóð er að hafa í kveðskap frá 14. öld og til þeirrar 17., og rætt um þá hugmynd, sem sett hefur verið fram í sambandi við kveðskap frá 15. og 17. öld, að "tónkvæði" ("musikalsk aksent") hafi haldið orðum með eldra /-r/ aðgreindum frá orðum með eldra /-ur/.

í 5. kafla eru dregnir saman þræðir úr 2. - 4. kafla. Komist er að þeirri niðurstöðu að innskot stoðhljóðs hafi getað verið valfrjálst frá ofanverðri prettándu öld og fram á sextándu öld.

í 6. kafla eru vangaveltur um orsakir breytingarinnar. Því er haldið fram að leita beri skýringa með atkvæði og hömlur á atkvæðagerð í huga. Uppruni stoðhljóðs er þar borinn að hugmyndum Clements og Keyssers (1983), Piggotts og Singhs (1985) og Wesséns (1945).

í 7. kafla eru nokkur lokaord.

Aftan við heimildaskrána er viðauki þar sem greint er frá handritum, handritsbrotum og frumbréfum sem getið er um í ritgerðinni.

2. KAFLIHLJÓÐFRÆÐILEGT UMHVERFI

## 2.0 Inngangsord

2. kafli er eins konar kynning eða inngangur að athuguninni á stafsetningu og kveðskápi 3. og 4. kafla.

i 2.1 sjáum við að uppkoma stoðhljóðs er hljóðbreyting en ekki beygingarleg breyting.

i 2.2 er stuttlega rakið hvar og hvenær stoðhljóð kemur fram í norsku, sánsku, ensku, latinu og írsku, og það að lyktum borið saman við íslensku. Samanburðurinn leiðir í ljós hljóðfræðilegan skyldleika með þróun u við hlið r í íslensku og þróun stoðhljóða með fjölbreytilegra hljóðgildi og við hlið fleiri hljómandi samhljóða en r í öðrum málum.

i 2.3 er rætt um hvaða upplýsingar stafsetning getur veitt okkur um framburð, á þeim tíma þegar bæði verður vart við r og ur í heimildum. Rakið er hvaða upplýsinga er að vænta ef dæmum um rithátt er skipt eftir hljóðfræðilegu umhverfi eldra /-r/.

i 2.4 er lýst þremur tegundum hljóðfræðilegs umhverfis eldra /-r/ sem ætlunin er að kanna nánar í 3. kafla: eldra /-r/ á milli samhljóða, eldra /-r/ í bakstöðu á eftir e, t eða k og eldra /-r/ í bakstöðu á eftir óðrum samhljóðum en e, t eða k.

## 2.1 Eðli breytingarinnar

Þeirri nýjung, þegar stoðhljóð kemur upp í íslensku, hefur verið lýst með svofelldri reglu (Hreinn Benediktsson 1969:394):

$$\emptyset > u / V C_n \underset{\#}{\overset{C}{\longrightarrow}}$$

Tilkoma stoðhljóðs verður hér skoðuð sem hljóð(kerfis)fræðileg breyting, ekki beygingarleg.

Aðalrökkin eru þau að breytingunni megi lysa til fulls með undantekningarlausri hljóðkerfisreglu á borð við ofangreinda reglu Hreins Benediktssonar (1969) (að því gefnu að skil milli nafnorðs og viðskeytts greinis séu jafn sterkt orðaskilum).

Reglan er því ekki bundin ákveðnum orðflokkum eða formdeildum og hún gildir hvort sem r-hljóðið er í stofni, t.d. í akr, akrs, fagr, fegrð o.s.frv., eða er ending, t.d. nafnorðs í nf.et. (hestr, gýgr), ef.et. (merkr), nf. og pf.ft. (frændr, geitru), lýsingarorðs í nf.et. (sterkr), sagnorðs í 2. og 3. pers.et. (gefr, grætr, telr), atviksorðs í mst. (betr).<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Segja mætti sem svo að samhljóðasambönd með  $\emptyset$  einkum í enda orðs, séu svo algeng í fornu máli og að í  $\emptyset$ -inu fælist f.a.l. svo mikilvægt og jafnframtíð margvislegt beygingarlegt hlutverk að nauðsynlegt hafi verið að "stýðja við bakið á því" með einhverjum hætti, t.d. þeim að mynda sérstakt atkvæði með  $\emptyset$ -inu. Rót breytingarinnar sé því sprattin úr beytingunni. Þessi tilgáta skýrir ekki hvers vegna stoðhljóð kemur upp í orðstofnum. Enn fremur vaknar sú spurning hvers vegna beygingarleg breyting leiðir til sömu niðurstöðu í svo mörgum formdeildum og orðflokkum - hvers vegna er stutt við bakið á  $\emptyset$  alls staðar með stoðhljóði, og hvers vegna hefur stoðhljóðið þá sama hljóðgildi alls staðar? Vari breytingin ekki kjörið tekifari til að gera mun, t.d. á kynjum? Óg fyrst ástaða atti að hafa verið

Pessi hljóðbreyting varð til þess að i ýmsum orðfloknum breyttust beygingarendingar úr /-r/ í /-Vr/. Slikt kann að hafa áhrif á beygingarkerfi. Hreinn Benediktsson (1969) færir að því rök að umrædd breyting, sem sjálf sé hljóðkerfisfræðileg, hafi haft áhrif i nafnorðabeygingunni (nánar tiltekið á breytingar á beygingu karlkenndra ia-stofna).

## 2.2 Stoðhljóð i fáeinum öðrum málum

### 2.2.1 Norska

i Noregi varð breyting sambærileg hinni íslensku. Samkvæmt Noreen (1970:140-141) fer að bera á stoðhljóðum i Vestur-Noregi upp úr 1250. Samkvæmt Skard (1976:60) er þó fyrsta dæmi frá 1067-1069, (ol)aver rex (á peningi) og Iversen (1961) segir stoðhljóð hafa komið upp á timabilinu 1050-1150 (1961:48). Breytingin mun hafa gengið yfir i Noregi á 14. öld (skv. Noreen 1970:140) og á timabilinu 1350-1523 verður almennnt að tákna stoðhljóð í skrift (Skard 1976:144).

Eftir því sem Noreen segir er táknumin í vesturnorsku margbreytileg (u, ø, i, e) en mællýskubundin: upp kom u eða ø sunnan Björgvinjar en i

til að hjálpa -ç að gegna beygingarlegu hlutverki sinu, hvað þá um n, l, g i brafn, fual, is, þar sem endingin kemur ekki fram? Myndi beygingarleg breyting ekki kalla þarna á beygingarlegt samræmi: \*brafnur, \*fualur, \*isur? En jafnvel þótt rök fyrir því að beygingin hafi knúið á um uppkomu stoðhljóðs reyndust stark, stendur það eftir sem áður að breytingunni sjálfri og framvindu hennar sé best lýst með því að vísa til hljóðfræðilegra þátta. Ekki væri verjandi að taka beygingarreglu, sem visa þyrfti til margra orðflokka og formdeilda, fram yfir fremur einfalda en altska hljóðkerfisreglu. Auk þess þarf slika hljóðkerfisreglu eftir sem áður til að lýsa stoðhljóði á undan r i örðstofnum: akr, feor o.sfrv.

eða e norðan hennar, á Orkneyjum i, á Hjaltlandi e, síðar líka u. Í Austur-Noregi kom á hinn bóginн yfirleitt upp a. Af þessu má ráða að tilhneiging til að skjóta inn stoðhljóði hafi komið upp í landinu öllu en mægvisleg taknun stoðhljóðsins bendir til þess að hljóðgildið hafi ekki verið skyrt, a.m.k. ekki fallið umsvifalaust að rittákni neins áherslulauss sérhljóðs. Þó er svo að sjá að hvert þeirra svæða sem Noreen nefnir hafi komið sér niður á eitt takn eða tvö náskyld (u eða o, i eða e). Sú mynd ruglast í þeim heimildum þar sem gatir sérhljóðasamræmis; Noreen nefnir þessi dæmi um slikt: heilagar, slikir, máttogor, atburður (allt kk. et.).

♦

### 2.2.2 Sænska

I Svíþjóð kom upp stoðhljóð á undan r, líkt og í Noregi og á Íslandi. Fyrstu dæmi um stoðhljóð í sænsku eru í rúnum (fyrir 1225) og á 13. og 14. öld er stoðhljóð almennt táknað; venjulega með a eða e, en jafnvel með a eða i, ellegar eins og undanfarandi áherslusérhljóð (þ.e. með sérhljóðasamræmi) (Wessén 1945:41).

Tölувert síðar, á timabilinu u.p.b. 1375-1526, kemur fram stoðhljóð á undan l og n: fughl > foghel, vapn > vapen o.s.frv., þó ekki á eftir r, l og venjulega ekki á eftir t: karl, barn, vatn (Wessén 1945:41) (nútimasænska hefur þó vatten, skv. orðabók).

### 2.2.3 Enska

I ensku er skotið inn "schwa", [ə], til að koma í veg fyrir vonda samhljóðaklasa. Þar eru t.d. til lýsingarordin central, cyclic, spasmic en samsvarandi nafnorð hafa [ə] : centre/center [sɛn̥ter], cycle [säykə], spasm [spæzəm]. Schwa-hljóðinu virðist þarna

vöra skotið inn í nafnorðin með virkri reglu (fremur en að því sé eytt í lýsingarorðunum). Það sést á því að nafnorðinu water samsvarar lýsingarordið watery, ekki \*watry (sjá Schane 1973:54).

#### 2.2.4 Latina

i latinu geta orð ekki endað á klasanum samhljóð + r (Schane 1973:54). Af stofnum eins og patr-, agr-, libr- er því myndað nf. et. með því að skjóta inn sérljóði, e: pater, ager, liber, eftir því sem Schane segir (1973).

#### 2.2.5 Írska

i írsku er "schwa" skotið inn milli l, r, eða n og eftirfarandi varamæltra eða gómmæltra samhljóða, nema p og q (k), ef l, n, r eru aftast í áhersluatkvæði, t.d. ainm [ə:n'm] , dearg [d'ærθg], Albain [a:Lθbθn] (sjá Ó Siadhail 1980:226). Við sjáum þannig að i írsku er hljómljóðið hið fyrra í samhljóðaklasanum og að þar kemur stoðhljóð ekki einungis upp í bakstöðuklösum (sbr. Albain).

#### 2.2.6 Stuttur samanburður við íslensku

Frá hljóðfræðilegu sjónarmiði er breytingin í íslensku sambærileg reglum í örðrum málum þar sem til verður stoðhljóð við nábyli +hljómandi (hreins) samhljóðs (l, m, n, r) við eitthvert eða einhver önnur samhljóð.

i íslenskum textum kemur ekki fram neitt sem bendir til margvislegs eða óstöðugs hljóðgildis stoðhljóðs eins og norskir og sennskir ættingjar bera

vitni um (sbr. Skard um norsku: "en ubestemmelig kvalitet" (1976:94) og Wessén um sänsku: "en tämligen obestämd och växlande klang, med olika färgning i olika dialekter och olika ställningar" (1945:41)). í íslensku er stoðhljóðið nær alltaf táknað með u (fullum stöfum eða í ur-böndum) en stöku sinnum, einkum framan af, með o, sem vafalaust stendur fyrir sama hljóð og u (sjá, t.d., Hrein Benediktsson 1962b, 1970:110).

Pessi samtíningur úr norsku, sänsku, ensku, latinu og írsku sýnir að þegar stoðhljóð kemur upp við aðstæður, sem annað hvort samsvara eða minna sterklega á hinum íslensku, hefur stoðhljóðið, sem upp kemur, ekki endilega sama hljóðgildi og u, og að stoðhljóðið getur þróast með fleiri +hljómandi samhljóðum en r. Þetta getur verið fróðlegt að hafa í huga þegar stoðhljóð í íslensku er athugað. Þannig mætti spyrja hvers vegna það er táknað u en ekki einhvern veginn öðruvisi og hvers vegna það þróast með r (auðr --> auður) en ekki t.d. með n (auðn --> \*auðun) o.s.frv.

### 2.3 Breytileiki í stafsetningu, framburði eða hvoru tveggja?

A timabilinu frá því seinast á 13. öld og fram á 16. öld er ýmist ritað <r> eða <ur> fyrir eldra /-r/. Framan af er <ur> mjög sjaldgæft. En upp úr 1400 ríkir nokkurt jafnræði með báðum ritháttum fyrir eldra /-r/ (sjá 3. kafla) og á ofanverðri 16. öld virðist <ur> hafa sigrarð.

Pessi langvarandi óstöðugleiki í skriftinni hefur verið rakinn til þess að eftir að hljóðbreytingin sjálf sé um garð gengin, en það hefur venjulega verið talið undir lok 14. aldar (Jón Porkelsson 1863 o.fl.), hafi skrifarár almennt ekki viljað taka upp nýjan

rithátt, heldur reynt að skrifa samkvæmt reglum eldra málstigs en þeir voru sjálfir á. Þetta hafi þeim sifellt gengið verra uns nýi rithátturinn varð alltaf ofan á (sjá Jón Þorkelsson 1863). Þetta viðhorf mun ég hér nefna "stafsetningarkenninguna". Þessi kenning virðist mjög trúleg og hún hefur ekki verið vefsengd frá til þessa. Það er sennilegt að skriftin sé alltaf nokkrum skrefum á eftir framburði og málbreytingum og það ætti ekki síst að eiga við um afrit o.p.h. ef skrifarár fara nákvæmlega eftir forriti sinu.

Augljóslega er þó annar valkostur til. Hann er sá að u-inniskotið hafi einfaldlega verið valfrjálst allan þennan tíma, sem breytileika verður vart í skriftinni; valfrjáls hljóókerfisregla sem verður skyldubundin á 16. Öld. Samkvæmt þessu viðhorfi endurspeglar stafsetningin raunverulegt valfrelsi i hljóókerfinu, en ekki einungis misvel heppnaða samræmda stafsetningu.

En hvaða leið má fara til að gera upp á milli "stafsetningarkenningarinnar" og hugmyndarinnar um valfrjálst stoðhljóðsinnskot?

Samkvæmt "stafsetningarkenningunni" má reikna með því að rithættir með og án stoðhljóðs dreifist fullkomlega tilviljanakennt á orðmyndir með eldra /-r/. Hljóófræðilegt umhverfi eldra /-r/, þ.e. hvaða samhljóð standa vinstra megin þess og hvort hægra megin er annað samhljóð eða orðaskil, ætti ekki að hafa áhrif á það hvort ritað er <r> eða <ur> fyrir eldra /-r/. "Stafsetningarkenningin" segir einungis að skrifarár leitist við að skrifa eftir reglum eldra málstigs, en ryðgi í reglunum þegar á liður, þ.e.a.s. þeir riti <r> þegar þeir telji það "rétt" en <ur> þegar þeir blandi eldra /-r/ saman við eldra /-ur/, í samræmi við sitt eigið málstig.

Sú hugmynd að breytileiki í stafsetningunni endurspegli valfrelsi í framburði virðist við fyrstu sýn

fela í sér, eins og "stafsetningarkenningin", að hljóðfræðilegt umhverfi eldra /-r/ breyti engu um hvort skrifaoð er <r> eða <ur>. En nú má hugsa sér nánari útfærslu á þessari hugmynd. Setjum sem svo að L og ur séu afbrigði af eldra /-r/ í bakstöðu á eftir samhljóði og á milli samhljóða. Þetta séu frjáls afbrigði, en engu að síður séu til hljóðfræðilegar aðstæður sem kalla frekar á annað afbrigðið en hitt. Þetta kann að hljóma eins og þverstæða en að minu mati er því alls ekki þannig varið. Til dæmis eru [r] og [ɹ] frjáls afbrigði í bakstöðu á eftir sérhljóði í nútímmáli: var [va:r] / [va:ɹ]. Í báðum setningunum "Það var logn" og "Það var sól" geta bæði raddaða og óraddaða afbrigðið komið fyrir. En raddaða afbrigðið er miklu "eðlilegra", og sennilega algengara, á undan orði sem hefst á L heldur en óraddaða afbrigðið og þessu er svo öfugt farið á undan orði sem hefst á s. Hugmyndin um frjáls afbrigði, L og ur, fyrir eldra /-r/, getur á sama hátt staðist þótt sýnt sé fram á tilhneigingu í málinu til að taka annað afbrigðið fram yfir hitt í tilteknu hljóðfræðilegu umhverfi. Þegar öllu er á botninn hvolft væri trúlega óhugsandi að gera upp á milli "stafsetningarkenningarinnar" og hugmyndarinnar um að L og ur hafi verið frjáls afbrigði af eldra /-r/ (þ.e.a.s. að þau hafi verið það lengur en til loka 14. aldar, þegar hingað til hefur verið talið að breytingin sé gengin yfir í framburði), án þess að leita visbendinga meðal hljóðfræðilegra atriða eða annarra atriða sem varða málkerfið, óháð t.d. rithefð eða skáldskaparhefð. *en gl. my.*

Eg held að við höfum hérna leið til að prófa "stafsetningarkenninguna". Takist að sýna fram á að hljóðfræðilegt umhverfi eldra /-r/ hafi engin áhrif á hvort ritað er <r> eða <ur>, á því tímabili þegar hljóðbreytingin á að vera um garð gengin samkvæmt "stafsetningarkenningunni", virðist engin sérstök ástæða vera til að efast um hið hefðbundna viðhorf um

stafsetninguna.

Ef það kemur á hinn bóginн í ljós að hljóðfræðilegt umhverfi hafi áhrif á hvort ritað er <r> eða <ur> fyrir eldra /-r/, t.d. frá seinni hluta 14. aldar og fram á 16. öld, getur "stafsetningarkenningin", í þeirri mynd sem ég rakti áður, ekki talist fullgild skýring á breytileikanum í rithætti.

Önnur skýring blasir þá við: að innskot stoðhljóðs hafi verið vælfrjálst en við tilteknar aðstæður sé annað afbrigðið "eðlilegra" eða liklegra en hitt. Aðrar skýringar eru varla í sjónmáli ef í ljós kemur að táknumin lýtur hljóðfræðilegum atriðum.

Í 2.4 hér á eftir verður greint frá þremur tegundum hljóðfræðilegs umhverfis eldra /-r/ sem sjónum verður beint að í 3. kafla. Lita má á athugunina sem þar er lyst sem tilraun til að prófa hvort táknum stoðhljóðs lýtur hljóðfræðilegum atriðum að einhverju leyti eða hvort hún er tilviljun háð, en ef svo er verður ekki séð að ástæða sé til að vefengja "stafsetningarkenninguna".

En jafnvel þótt í ljós komi að hljóðfræðileg atriði ráði einhverju um táknumina er vitaskuld hægt að gera ráð fyrir því eftir sem áður að tilhneiging til ihalðsseimi í skrift eigi lika nokkra sök á breytilegri táknum á stoðhljóði, - en tilhneigingin til "réttritunar" getur þá ekki skýrt breytileikann nema að viðsu marki.

## 2.4 Þrjár tegundir hljóðfræðilegs umhverfis

### 2.4.1 Þrenns konar umhverfi

i 3. kafla hér á eftir eru dæmi um eldra /-r/ í textum skoðuð með tilliti til þess hvort þar er táknað stoðhljóð eða ekki. Jafnframt verða dæmin flokkuð í þrennt eftir hljóðfræðilegu umhverfi eldra /-r/:

a) eldra /-r/ í bakstöðu en á eftir hörðum lokhljóðum, e., t. eða k, t.d. í hestr., tekr.

b) eldra /-r/ á milli samhljóða, t.d. í fegrð, akrs, hendrnar;

c) eldra /-r/ í bakstöðu en á eftir öðrum samhljóðum en e., t., k., t.d. í dagr, silfr, nefndr, gengr, dalr.

Eins og getið var í 2.3 hér á undan má lita á ofangreinda skiptingu sem tilraun til að sjá hvort táknum á eldra /-r/ er háð hljóðfræðilegu umhverfi eða ekki.

i 2.4.2. og 2.4.3 hér á eftir mun ég rekja forsendur þess að greina hljóðfræðilegt umhverfi eldra /-r/ í þrennt með fyrrgreindum hætti.

### 2.4.2 (Eldra) /-r/ á milli samhljóða

Litum fyrst á regluna sem segir til um tilurð stoðhljóðs. Við getum notað framsetningu Hreins Benediktssonar (1969:394):

$$\emptyset > u /VC_n \underline{\quad} r \left\{ \begin{matrix} C \\ \# \end{matrix} \right\}$$

Við sjáum af reglunni að hægra megin við /-r/ er valkostur; innskot verður á undan /-r/ í bakstöðu eða á

undan öðru samhljóði. Það liggur því beint við að flokka dæmin í tvennt eftir því hvort eldra /-r/ stendur á milli samhljóða eða í enda orðs og sjá hvort þar er munur á.

Konráð Gislason segir, eins og í framhjáhlæpi, í ritgerð sinni "NJALL eða NIALL?" (1889:92):

*Trestavede eller längere consonantrækker med r i  
indlyd (f.ex. -trt, -lstrs) vare vistnok de  
förste consonantforbindelser, der optogে u foran  
r ...*

Fjórir aðrir fræðimenn nefna í ritum sinum sérstöðu klasa með /-r/ á milli samhljóða gagnvart tilvikum um /-r/ í enda orðs þegar þeir ræða stafsetningu fjögurra handrita: í lýsingu Jóns Porkelssonar (1863:15) á taknum á stoðhljóði í Konungsbók Snorra-Eddu, GKS 2367 4to (frá um 1325), segir að þar bregði stoðhljóði stundum fyrir ef á eftir /-r/ fer eignarfalls-s eða eitthvert annað samhljóð; Stefán Karlsson (1982) getur þess að annar af skrifum Helgastaðabókar, Sth. Perg. nr. 16 4to (frá um 1382-1394), virðist takna stoðhljóð "tiltölulega oft þegar annað samhljóð fer á eftir r-inu" (1982:59); O.A. Johnsen og Jón Helgason (1941) segja að i Bæjarbók i Borgarfirði, AM 75a fol., (frá um 1300) sé stoðhljóð ritað einstaka sinnum og þá sinkum ef /r/ stendur á undan samhljóði (1941:902); og þeir geta um það sérkenni á stafsetningunni í Sth. Perg. nr. 4 4to (frá um 1320-1340) að stoðhljóð komi fyrir á undan rn í ft.-myndum af samhljóðastofnum með greini (1941:943). Við þetta má svo bæta hugleiðingum Jóns Porkelssonar (1863) um að tilkoma stoðhljóðs sé sú "stefna í málinu" að "mýkja framburðinn" (1863:4) en framburðurinn hafi verið erfiðastur í orðum "þar sem eigandamerkið s boetist aptan við r, sem endar stofninn, t.d. í orðúnum akres,

otrs, rekstrs" (1863:5).

Verður því fróðlegt að komast að því hvort hægt er að finna framangreindri tilgátu Konráðs Gislasonar (1889:92) stuðning í þeim heimildum (öðrum en Konungsbók Snorra-Eddu, Helgastaðabók, Bæjarbók i Borgarfirði og Sth. Perg. nr. 4 4to) sem sagt er frá í 3. kafla.

#### 2.4.3 (Eldra) /-r/ i bakstöðu

##### 2.4.3.1 Dæmum um (eldra) /-r/ i bakstöðu skipt i tvennt

I 3. kafla verður ekki látið nægja að tvískipta hljóðfræðilegu umhverfi eldra /-r/, eftir því hvort /-r/ stóð inni i samhljóðaklasa eða í enda orðs; dæmum um /-r/ i bakstöðu verður enn fremur skipt i two hópa. Annars végar eru dæmi um /-r/ i bakstöðu þar sem e, t eða k fór næst á undan /-r/, áður en stoðhljóði var skotið inn, og hins végar eru dæmi þar sem önnur samhljóð en e, t, k fóru næst á undan /-r/. Hér á eftir litum við nánar á þessa skiptingu og ástæður þess að ákvæðið var að prófa hana.

Þar sem /-r/ er i bakstöðu hljóta augun að beinast að því hljóði sem er "vinstra megin" við það. Það sem gerist í nábýli samhljóðs við /-r#/ , þegar stoðhljóði er skotið inn á milli hljóðanna, er að þá er /-r#/ "bjargað" frá því að standa i bakstöðuklasa með undanfarandi samhljóði. En klasar með samhljóði (eða samhljóðum) og /-r/ i bakstöðu voru ýmiss konar og skal nú vikið að þeim.

### 2.4.3.2 Bakstöðuklasar með /-r/ i fornu máli

I fornu máli voru tveggja samhljóða klasar með samhljóði og /-r/ i bakstöðu þessir: -er, -tr, -kr, -fr, -ðr, -gr (önghljóðsafbrigði + r), -lr, -mr, -nr.

Auk þessara 9 hljóða gátu lokhljóðin b, d, g (sbr. Moulton 1954:18) staðið næst á undan r ef bakstöðuklasarnir voru meira en tvö hljóð: -(m)br, -(l/n)dr, -(n)gr.<sup>1</sup>

Langt, tvöfalt rr styttist í r, ekki seinna en um miðja 14. öld, a.m.k. á eftir löngum áherslusérhljóðum og í áherslulausum atkvæðum (Hreinn Benediktsson 1969:395), og langa hljóðið var aldrei klofið með innskoti stoðhljóðs.

s er, auk h, eina (hreina) samhljóðið sem ekki getur staðið næst framan við r í bakstöðu (-sR breyttist í -ss við lok frumnorræns tima skv. Noreen 1970:200). menSF?

Samtals gátu 12 mismunandi samhljóð staðið næst á undan /-r/ í bakstöðu (11 fónem skv. Hreini Benediktssyni 1972:170-172, þar eð g og y séu afbrigði sama fónems):

p	t	k
b	d	g
f	ð	ɣ
	l	
m	n	

<sup>1</sup> Með tímanum battust við samböndin -(l)br og -(r)br (a.m.k, sums staðar), -(r)or og -(l)or; sú breyting að önghljóðs-g varð þarna að lokhljóði kom upp um sama leyti og í varð þ (a.m.k, svæðisbundið) á eftir l eða r, eða um miðja 14. öld eftir því sem Jóhannes L. L. Jóhannesson telur (1924:24-30); við þetta má bæta, a.m.k, á sumum svæðum, samböndunum -(r)dr, -(l)dr, -(f)dr, frá því um eða nokkru fyrir 1400 ef Ásgair Bl. Magnússon hefur á réttu að standa (1959:18), og loka má nefna að samböndunum ld, ñd veitist liðsauki þegar l, ñd urðu ld, ñd á fyrri hluta 14. aldar (sbr. Jakob Benediktsson 1960:32).

Við fyrstu sýn virðast bakstöðuklasar með þessum 12 samhljóðum og eru vera hver öðrum verri, miðað við nútínamál. Ég leiði hjá mér að sinni þau no. leidd af so. í nútínamáli sem geta haft klasa sem þessa, a.m.k. í málí sumra, t.d. pukr af so. pukra, sifr af so. sifra o.fl. Að Öðru leyti virðist, miðað við nútínamál, vera rík þörf á að skjóta inn stoðhljóði í öllum þessum klösum. Skyldubundið u-innskot í nútínamáli leyfir ekki að gert sé upp á milli samhljóða í umhverfi /-r/.

Ekki er þó vist að svo hafi verið á 14.-16. öld. Málið horfir Öðruvísni við þegar um málbreytingu er að ræða, nýja reglu sem e.t.v. varð ekki skyldubundin í málínu fyrr en á 16. öld. Við slikar aðstæður má vera að einhverjar hljóðfræðilegar aðstæður Öðrum fremur kalli á hið valfrjálsa stoðhljóð.

#### 2.4.3.3 Sérstaða pr, tr, kr

Kristján Árnason (1980a) setur fram þá hugmynd um atkvæðaskil í nútínamáli að áhersluatkvæði sé "final-maximalistic", þ.e.a.s. nái eins langt "til hægrí" og mögulegt sé. Á þessari atkvæðaskiptingu sé þó sú hljóðskipunarlega hamla að atkvæði geti ekki endað á klasa með p, t, k, s + v, i, ɛ (Kristján Árnason 1980a:42 o.v.). Í orðum eins og skopra, titra, akrar er því atkvæðaskiptingin þessi: skop\$ra, tit\$ra, ak\$rar, en hins vegar fáum við, samkvæmt almennu reglunni, jórfast, töfr\$a, fegr\$a, hamr\$a o.s.frv. Þessum greinarmun á pr, tr, kr (o.fl.) annars vegar og Öðrum klösum með ɛ (i, v) hins vegar er ætlað að skýra þá undantekningu frá lengdarreglunni í nútínamáli að sérhljóð er langt á undan p, t, k, s + v, i, ɛ. Með fyrrgreindum hætti tekst Kristjáni Árnasyni (1980a) að setja lengdarregluna fram á mjög sinfaldan hátt. Hugmynd Kristjáns (1980a) er einnig tekin upp t.d. í bók Eiriks Rögnvaldssonar (1984:91-92).

Vennemann (1972) o.fl. hafa sett fram aðra hugmynd um atkvæðaskil, einnig í tengslum við umræðu um lengdarregluna í nútímaislensku. Vennemann (1972:7-8) gerir ráð fyrir atkvæðaskilum á milli sérhljóðs og eins samhljóðs sem sérhljóð fer á eftir. Þessi greining samræmist reglu (18) hjá Hooper (1972:534), sem hún telur algilda. í orðum eins og skopra, nepja, vökva o.s.frv. gerir Vennemann (1972) líka ráð fyrir atkvæðaskilum á milli áherslusérhljóðsins og eftirfarandi samhljóðs, enda þótt því fylgi annað samhljóð (1972:7-8). Samkvæmt því fáum við skiptinguna sko\$pra, ti\$tra, a\$krar.

Hvort sem við höllumst frekar að atkvæðaskiptingu Kristjáns Arnasonar (1980a) eða Vennemanns (1972) er eitt augljóst: báðar aðferðir gera ráð fyrir því að hegðun klasanna pr, tr, kr sé í nútímaáli frábrugðin hegðun annarra samhljóðaklasa með L.<sup>1</sup>

Skyringarinnar á sérstakri hegðun pr, tr, kr kann að vera að leita í mismiklu styrk ("strength") samhljóðanna (sjá Vennemann 1972:6-7, Hooper 1976:195-207), eða í mismiklu "hljómmagni" ("sonority") þeirra (sem stendur í öfugu hlutfalli við styrk) (Hogg og McCully 1987:32-33, Hooper 1976:201) (um skilgreiningu á "hljómmagni", sjá Ladefoged 1975:219). Hennar kann að vera að leita í þeiri almennu reglu um hljóðskipun samhljóða í islensku að L (v, og þó einkum j) í klösum standa nálægt sérhljóðinu, en R, t, k (og þó einkum s)

<sup>1</sup> Kristján og Vennemann hafa sérstaklega í huga ósamsett orð þegar þeir lýsa lengdarreglunni. En hér má bæta því við, sem Gussmann bendir á (1995:89-91), að áherslusérhljóð getur haldist langt í samsettum orðum, þótt tveggja samhljóða klasi komi á eftir því, ef fyrrri liður endar á g, t, k eða s: bluttaka, auknefni, hauskúpa, dýrpskvæði. Hér kemur fram sá munur á samsettum og ósamsettum orðum að í þeim fyrrnefndu þarf síðari liður ekki endilega að hefjast á j, v eða R; eins og dæmin sýna, þótt slikt sé að sjálfsögðu einnig til: blutverk, akrein o.s.frv.

sem fjarst því (Sigurður Konráðsson 1980:8-10, 20-26, Eiríkur Rögnvaldsson 1984:30, Kristján Árnason 1980a:41). Liklega er þó vänlegast að reyna að skýra hegðun pr., tr., kr. með því að vísa til þessa hvors tveggja: Hinn mikli munur sem er á styrk eða hljómmagni e., t., k. annars vegar og r. hins vegar orsakar þá hömlu á hljóðskipun samhljóða að pr., tr., kr. á milli sérhljóða fá ekki staðið saman aftast í atkvæði, þ.e.a.s. þannig að of "sterkt" eða "hljómlitið" samhljóð skilji hið "veika" eða "hljómmikla" r. frá sérhljóðinu í kjarna atkvæðis (sjá Kristján Árnason 1980a:38-43, 160, t.d.). Gagnvart lengdarreglunni virðist sem örðru mál gegni um "veikari" eða "hljómmeiri" samhljóð en e., t., k., t.d. v., ð., ll..<sup>1</sup>

Mér hefur orðið tiðrætt um sérstöðu pr., tr., kr. gagnvart örðum samhljóðasamböndum með r., með tilliti til lengdarreglunnar í nútímmáli, og ég hef nú nefnt hugsanlega skýringu á þeirri sérstöðu.

Fyrrgreind sérstaða er orsök þess að i eftirfarandi köflum verður gerður greinarmunur á samhljóðakiðsum með eldra /-r/ í bakstöðu eftir því hvort e., t., k. fór næst á undan r., eða hvort þar var eitthvert annað samhljóð. Mér þykir forvitnilegt að kanna hvort sérstaða pr., tr., kr. á milli sérhljóða gagnvart lengdarreglu nútímmáls á einhvers konar

<sup>1</sup> Þessi niðurstaða fellur sem sagt ekki að fullu að alhafingum um að til sé stigveldi innan atkvæðis, þannig að samhljóð ráðist út frá sérhljóði í kjarna atkvæðis eftir minnkandi hljómmagni eða euknum styrk (sjá t.a.m., Selkirk 1984:116 eða Hooper 1976:199). Miðað við skala Vennemanns (1972) um styrk og skala Höggs og McCullys (1987) eða Selkirk (1984) eða Jespersens (Hooper 1976:197-198) um hljómmagn atti klasi eins og mr. aftast í atkvæði, t.d. í hamrúa, að ganga gegn stigveldinu, eins og pr., þótt munurinn á hljóðunum í mr. sé miklu minni en í pr.. Sérstök hegðun samhljóða á undan r. kemur þannig ekki fram nema á þeim og r. sé tiltekinn lágmarksmunur,

samsvörun í (eldri) bakstöðuklösum, -pr, -tr, -kr, á 14. - 16. öld, gagnvart (hugsanlega valfrjálsu) innskoti stoðhljóðs.

Eins og fram kemur í 6. kafla má reyna að skýra uppruna stoðhljóðs með hömlu á atkvæðagerð sem segir m.a. að Cr sé óleyfilegur bakstöðuklasi. Slik hamla væri orsök fyrir uppruna stoðhljóðs í öllum bakstöðuklösum, þ.e. pr, tr, kr, fr, ðr, gr, lr, mr o.s.frv. En ofangreind sérstaða pr, tr, kr á milli sérhljóða gæti átt sér þá samsvörun að i pr#, tr#, kr# sé (annars valfrjálst) stoðhljóðsinnskot eðlilegra eða nauðsynlegra en í öðrum bakstöðuklösum.

Forsendurnar til þess að reyna fyrir sér með skiptingu sem þessa, en ekki einhverja aðra, verða þó enn skýrari þegar þess er gætt að e.t.v. var áðurnefnd sérstaða pr, tr, kr á milli sérhljóða í íslensku nútímmáli þegar á ferðinni á 14. - 16. öld.

Kristján Árnason (1980a) lýsir því hvernig hljóðvalarbreytingin felist í því að gerð áhersluatkvæðis, sem nær eins langt "til hægri" og hægt er (er "final-maximalistic"), verði það sem ákvarðar lengd sérhljóða í stað þess að áður voru sérhljóð löng eða stutt óháð atkvæðaskilum. Kristján telur liklegt (1980a:160) að á undan endanlegri hljóðkerfislegri uppstokkun ("phonological reorganisation") hafi farið langt óstöðugleikatímabil. Slikur óstöðugleiki hefði getað hafist þegar um það bil sem kerfi stuttra og langra sérhljóða höfðu orðið mismunandi hljóðgildi (1980a:160). Þær aðstæður höfðu skapast nokkru fyrir þann tima sem hljóðvalarbreytingin er vanalega kennið við (15. - 16. öld, sjá, t.d., Hrein Benediktsson 1959:300-301). Nægir að nefna að tvihljóðun (gómlu) löngu einhljóðanna, annarra en í, ý, ú, gæti verið hafin þegar á 14. öld (Hreinn Benediktsson 1959:298, Björn Karel Þórólfsson 1925:XIV, XVIII). Svavar Sigmundsson (1970) færir rök að því að breyting á hljóðvöl hefjist

þegar á 14. Öld. Að þessu athuguðu má ætla að óstöðugleikatímabilið, sem Kristján Árnason nefnir, hafi hugsanlega getað varað frá 14. - 16. Öld. Æ þeim tíma varð áhersluatkvæðið, sem fyrr segir, það sem réð sérhljóðalengd, samkvæmt Kristjáni Árnasyni (1980a). Að mati Kristjáns er sem fyrr greinir um að ræða atkvæði með eins mörg samhljóð í "coda" ("kálfi"; sjá 1.3) og hægt er, þ.e. "final-maximalistic". En Kristján gerir ráð fyrir að atkvæðaskil í orðum með e, t, k, s + v, i, r kljúfi klasana, þ.e. fari einu þepri skemmta "til hægri" en i orðum með aðra samhljóðaklasa á milli sérljóða.

Sérstöðu orða eins og skop\$ra, tit\$ra, ak\$rar gagnvart orðum eins og iðr\$ast, fegr\$sa o.s.frv. má eins og áður segir reyna að skyra með tilvist hljóðskipunarlegrar hömlu sem ekki vill sjá \*Vpr\$V, \*Vtr\$V, \*Vkr\$V. Af því sem Kristján Árnason (1980a) segir um þá þróun að sérhljóðalengd taki að skilgreinast af atkvæðagerð sýnist mér að ákjósanlegast sé að gera ráð fyrir því að slik hamla hafi þegar verið komin fram á óstöðugleikatímabilinu, t.d. frá 14. Öld til 16. aldar. Tilvist einhverrar slikrar hömlu þegar á þeim tíma þegar áhersluatkvæðið tekur að ráða sérhljóðalengd er grundvöllur þess að hægt sé að gera ráð fyrir að skopra, titra, akrar o.s.frv. hafi skorið sig úr frá fyrstu tíð.<sup>1</sup>

Nú bendir Kristján Árnason á (1980a:151-152) að orð eins og vekja, fitium o.s.frv. séu notuð í hendingum

<sup>1</sup> Sbr. ummeli Kristjáns: "If a syllabification set *j\$ə*, *akr\$ɪ* etc. is unlikely to be valid for Modern Icelandic, it is even less likely to be valid for Old Icelandic since this could only be justified by assuming that the stress pushed the syllabic boundary of the stressed syllable even further 'to the right' in Old Icelandic than in Modern Icelandic" (1980a:154).

i skáldskap eins og önnur orð með tveimur eða fleiri samhljóðum aftan við sérljóð. Þetta samræmist ekki þeim hugmyndum Kristjáns sem ég rakti hér á undan nema með því móti að gera ráð fyrir að bragreglur skilgreini hendingar á annan hátt en Kristján gerir ráð fyrir að orðum sé skipt í atkvæði, þ.e.a.s. að vekj- i vekja sé þungur bragliður þótt atkvæðaskiptingin sé vek\$ja.

Mér sýnist að hugmyndin um atkvæðaskiptinguna tit\$ra o.s.frv., þegar á óstöðugleikatímabilinu frá t.a.m. 1400 til 16. aldar, fengi óbeint utanaðkomandi stuðning ef i ljós kemur að bakstöðuklasarnir -pr#, -tr#, -kr# eru "verri" en t.d. -fr#, -fðr#, -gr# o.s.frv. að því leyti að hinir fyrrnæfndu þurfi meira á stöðhljóði að halda.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Áður hefur lauslega verið minnst á þó, mynduð af so, í nútímmáli, eins og pukr, klifr o.s.frv, í þessum þessum orðum virðist ríkja valfrjálst y-innskot í nútímmáli: pukr/pukur, klifr/klifur o.s.frv. (sjá Helga Bernódusson 1978, sjá einnig Orešnik 1978a og 1978b, sem rekur elstu dæmi um orð eins og klifr til 17. aldar), Gerð dæmanna er að sjálfsögðu mjög einhaf. Engu að síður væri fróðilegt að skoða hvort hljóðfræðilegt umhverfi hins stofnlæga þ i orðum sem þessum ráður einhverju um það hvort y-innskotið, sem þarna er valfrjálst í nútímmáli, verður eða verður ekki. Hjá Helga Bernódussyni (1978:12-13) kemur fram að svo virðist sem lokhljóð + þ séu verri bakstöðuklasar í nútímmáli en önghljóð eða nefhljóð + þ. Visbendingu um að hljóðfræðilegt umhverfi skipti máli þarna má og finna í gögnum Sigurðar Jónassonar (1983). Sigurður gerði lista þar sem m.a. voru 36 orð sömu gerðar og pukr o.s.frv., lagði listann fyrir 8 manns og bað þá að strika yfir ótak orð. (Því miður hefur Sigurður aðeins dæmi um þ i bakstöðu en ekki á milli samhljóða.) Af þessum gögnum má ráða að málhafarnir 8 hafi greinilega tilhneigingu til að strika frekar yfir orð sem enduðu á -pr, -tr, -kr heldur en önnur. Athygli vekur þó að -r far á móta slæma útreið. Þessi athugun á útstrikkunum segir þó því miður ekkiert um það hvort samsvarandi orð með -ur veru eitthvað tekari að mati fólks.

**2.4.3.4 Aðgreining p, t, k frá öðrum samhljóðum:  
+/-sp.rgl.**

Venjulega er litið svo á að í elsta málí hafi p, t, k verið órödduð en b, d, g hafi verið rödduð (Haugen 1940-1941:103, Steblin-Kamenskij 1960:79, Hreinn Benediktsson 1972:168-172); b, d, g hafi síðar afraddast (sjá Sigriði Sigurjónsdóttur 1986) og eftir það greini fráblástur/fráblástursleysi b, d, g frá p, t, k. Eins og Sigriður Sigurjónsdóttir (1986) bendir á er ekki hægt að dæma um aldur óraddaðra b, d, g út frá rituðum heimildum (1986:27, 40). Því hefur jafnvel verið haldið fram að b, d, g hafi verið orðin órödduð þegar á vikingatimanum (Steblin-Kamenskij 1974:25-27). Hvað sem liður aldri afröddunar er óhætt að nota þáttinn +/-sperrt raddglufa til að greina á milli p, t, k og b, d, g, eins og gera má í nútímmáli (sjá t.d. Eirik Rögnvaldsson 1984:49). Þessi þáttur, +/-sp.rgl., getur bæði lýst raddleysi/röddun, þar sem þess þarf, og fráblæstri/fráblástursleysi, þar sem þess þarf.<sup>1</sup>

Engin sérstök ástæða er til að efast um að l, m, n hafi verið rödduð, -sp.rgl., á undan /-r/.

Einnig er að sjá sem önghljóðin hafi að jafnaði verið rödduð og -sp.rgl. á undan /-r/.

I sambandinu /Vgr#/ bendir ekkert til annars

<sup>1</sup> Eg mun nota þáttinn +/-sp.rgl. til aðgreiningar á lokhljóðaröðunum hér enda þótt aðgreining hljóðanna sé upphafin í innstöðu í "sunnlensku" nú á dögum. Það er raunar ekki víst að p, t, k hafi neitt verið farin að linast á milli sérhljóðs og p á 14. - 16. öld. Björn Guðfinnsson segir frá dænum um linun frá 18. öld og um 1800 (1946:234 númer.) og mér er ekki kunnugt um eldri rituð dæmi. En jafnvel þótt skyld væri að reikna með því að andstaða p, t, k og b, d, g í inn- og bakstöðu á undan p væri upphafin á 14. - 16. öld mætti þó eftir sem áður nota þáttinn +/-sp.rgl. til aðgreiningar með því að setja sem svo að hann visi til aðgreiningar á einhverju eftir og óhlutbundnara stigi í hljóðkerfinu.

en að önghljóðsafbrigðið af /g/ hafi verið raddað, eftir því sem Moulton (1954:14, 18-20) greinir frumnorðenu afbrigðin af /g/ og seinni þróun þeirra í fornisiensku.

Af fónemunum /f/ og /þ/ voru til rödduð afbrigði, [v] og [ð] (Hreinn Benediktsson 1972:170, 172). Um dreifinguna segir Hreinn Benediktsson (1962a:d.490) að /f/, eða raddaða afbrigðið, [v], hafi getað fallið saman við hálfhljóðið /w/ í innstöðu (á timabilinu 1000-1300), og hann segir að /þ/ hafi, eins og /f/, haft raddað afbrigði í rödduðu umhverfi. Lýsingarhættir sem vakbr, lukbr (Noreen 1970:344) hafa líklega orðið vaktr, luktr þegar á 13. öld (sbr. Hrein Benediktsson 1962a:d.491). Þegar um langt f-hljóð var að ræða (aðeins í tökuordum og (sjaldgæfum) samsetningum eins og t.d. affarar í Fyrstu málfræðiritgerðinni, sbr. Hrein Benediktsson 1972:173) hefur það þó vafalaust verið óraddað (sbr. Halldór Halldórsson 1979). Halldór Halldórsson nefnir til orðin offr, koffr sem elstu dæmi um [f:] á undan /r/ í bakstöðu (offr "í hópi allra fyrstu ósamsettra orða, sem höfðu [f:] í islenzku", en koffr frá 1408 (1979:59)). I einföldunarskyni leyfi ég mér þó að láta orð sem þessi liggja á milli hluta þegar ég skilgreini hljóðfræðilegt umhverfi eldra /-r/.

Hér á eftir verða því e, t, k á undan eldra /-r/ auðkennd sem +sp.rgl., en önnur samhljóð, þ.e. b, d, g, f, ð, v, l, m, n á undan eldra /-r/ sem -sp.rgl.

3. KAFLLSTODHLJÓÐ I TEXTUM c1275-1525**3.0 Inngangur**

Pessum kafla er skipt í þrjá meginhluta eftir timabilum.

Um fyrsta timabilið, c1275-1350, er fjallað i kafla sem nefndur er **Elstu dæmi (c1275-1350)** (3.1). Þar er fyrst rakin að nokkru rannsóknarsaga leitarinnar að elstu dæmum (Konráð Gislason 1846, Jón Porkelsson 1865) og hvað ymis málfræðirit hafa haft um upptök hljóðbreytingarinnar að segja (3.1.1). Siðan (3.1.2) er greint frá þeim heimildum sem ég hef fundið elstar með merki stoðhljóðs í stafsetningunni (rakinn er vitnisburður úr 18 heimildum frá timabilinu c1275-1350). Yfirlit yfir dæmi um stoðhljóð á þessu timabili er loks gefið í 3.1.3.

Annar hlutinn (3.2) nefnist **Timabilið c1350-1400** og fjallar um heimildir um stoðhljóð á samnefndu timabili. Rakinn er vitnisburður 40 heimilda í 3.2.1 og yfirlit yfir dæmi um stoðhljóð á timabilinu er gefið í 3.2.2.

Í köflum 3.1 og 3.2 er sá háttur hafður á að fiska vitnisburð um stoðhljóð héðan og þaðan og aðeins í fæeinum tilvikum þótti ástæða til að hefja skipulega talningu í textum á öllum dæmum um eldri sem yngri rithátt (enda stoðhljóðsdæmin oftast aðeins örfa, samanborið við dæmi um eldri rithátt).

Í kafla 3.3, **Timabilið 1402-1525**, er fjallað um heimildir frá 1402-1525 og vitnisburður þeirra rakinn (16 heimildir; 6 handrit og 10 frumbréf) (3.3.1) og yfirlit gefið yfir ritháttinn á timabilinu (3.3.2). Í þessum hluta (3.3) eru í öllum tilvikum teknir textabútar úr heimildum (eða heimildin öll, þ.e.

þau frumbréf sem höfð eru með) og öll dæmi um gamalt /-r/ og gamalt /-ur/ i bútunum talin með og rithátturinn skoðaður (einkum með tilliti til hljóðfræðilegs umhverfis í orðum með gamalt /-r/).

Í 3.4 eru dregnar saman heildarlinurnar um skiptingu stoðhljóðsdæma eftir þrenns konar hljóðfræðilegu umhverfi á framangreindum þremur timabilum.

Í köflum 3.1.2, 3.2.1 og 3.3.1 er þeirri reglu fylgt að greina frá heimildunum í tímaröð og byrja á þeim elstu. Til samræmis er alltaf farið eftir þeim timasetningum á handritum og handritsbrotum sem gefnar eru í Skrá fornálsorðabókarinnar í Kaupmannahöfn um áætlaðan aldur handrita og handritsbrota. Frumbréfin sem notuð eru halda ýmist eigin dagsetningum eða þeim sem útgefandi þeirra, Stefán Karlsson, áætlaði (í Islandske originaldiplomer indtil 1450 (1963), hér eftir skammstafað I.O.). Þegar timasetning heimildar er áætluð á árabil raðast hún eftir lægri tölunni. Þegar fleiri en ein heimild lenda á sama stað eru fyrst nefndar þær sem ekki eru áætlaðar á neitt nefnt árabil og hinarr fylgja á eftir á þann hátt að byrjað er á heimildum með elsta terminus ante quem.

Stoðhljóð + r er ekki nærrí alltaf ritað fullum stöfum í textum. Mjög oft er ur bundið (sjá t.d. Seip 1954:60, 102-103, 143-144). Eldra /-ur/ gat frá gamalli tíð verið bundið og þegar eldra /-r/ breyttist í ur voru notuð sams konar ur-bönd, ef svo bar undir, óháð uppruna orðanna. Samkvæmt Seip (1954) eru helstu ur-bönd fram til u.p.b. 1300 þessi: \* (svipað litlum tölustafnum "tveimur"), \* (svipað tölustafnum "átta" á hliðinni), og einnig kom fyrir (eftir u.p.b. 1225) táknað sem likist v (Seip 1954:60, 102-103). Í kafla Seips (1954) um íslenska skrift eftir 1300 nefnir hann enn ur-böndin \* og \* (1954:143) en getur auk þeirra um "siksaktegnet" sem hann kallar svo (það gat þó táknað margt annað en ur, t.d. er, ir, eða bara r) (1954:143) og \* (þetta band var samt oftast notað fyrir samhljóð + a, t.d. ya, ra; jafnvæl aðeins a) (1954:144). Auk

eiginlegra banda nefnir Seip loks þann síð að tákna ur með því að rita <r> eða r-rotunda yfir næsta samhljóða á undan (1954:144).

Lýsingar og útgáfur á handritum eru aðalheimildirnar í þessari athugun. Verður þá að treysta á að handritin séu rétt lesin. Í nokkrum tilvikum (sjá síðar) voru sýnishorn af handritum skoðuð og borin saman við útgáfur. En í engu tilviki var handrit sjálft, eða bútur úr handriti, sem til stóð að nota sem heimild, lesið frá upphafi til enda.

Loks skal þess getið að ákveðið var að i eftirfarandi athugun skyldi ekki talið með öfugum ritháttum (r fyrir eldra /-ur/) þegar óákv. fn. \* nokkur(r) var ritað sem einkvæður stofn, (t.d.) nokkr-, í þeim beygingarformum þessa orðs þar sem u er fellit brott í nútínamáli. Í Konungsbók Grágásar, GKS 1157 fol., frá c1250, og Alexanders sögu, AM 519a 4to, frá c1280, eru aðeins tvíkvæðar stofnmyndir (þgf. og ef. et. kvk. vantar að visu) (Hreinn Benediktsson 1961-62:18) en í Guðbrandsbibliu og Nýja Testamenti Odds Gottskálkssonar eru fram komnar einkvæðar myndir alls staðar þar sem svo er í nútínamáli (kk.ft. nockur lifir þó enn við hlið nockr) (Hreinn Benediktsson 1961-62:33). Það er því alvög ljóst að þarna hefur orðið breyting, á timaskeiði sem skarast við það timabil sem ætlunin er að skoða í köflum 3.1-3.4 hér á eftir. Mér þykir óþarf að eiga á hættu að telja til öfugra ritháttar orðmyndir sem hugsast gætu rétt ritaðar einkvæðar orðmyndir. Í Nýja Testamenti Odds og Guðbrandsbibliu eru einnig notaðir einkvæðir stofnar í þgf. og ef. et. kvk. og í ef.ft. (þar sem eru tvíkvæðir í nútínamáli) (Hreinn Benediktsson 1961-62) og bera vitni breytingu sem nú hefur gengið til baka, en óþarf var að taka tillit til þessa, þar eð engin dæmi um hugsanlega öfuga rithætti komu fyrir í þessum beygingarformum í athugun minni.

### 3.1 Elstu dæmi (c1275-1350)

#### 3.1.0 Inngangsord

i 3.1.1 verður rakin i stórum dráttum saga leitarinnar að elstu merkjum breytingarinnar þegar stoðhljóð fer að skjóta upp kollinum og litið á hvað nokkrir málfræðingar segja um það í ritum sinum.

i 3.1.2 eru raktar visbendingar sem 16 heimildir, frá c1275-1350, veita um elstu merki breytingarinnar.

i 3.1.3 er loks gefið yfirlit yfir þau dæmi um stoðhljóð sem fundist hafa í heimildum frá timabilinu (áðeins sjálf stoðhljóðsdæmin - ekki öfugir ritháttir) og litið er á hvernig dæmin skiptast eftir þremur tegundum hljóðfræðilegs umhverfis (sjá kafla 2.4 um þá skiptingu).

#### 3.1.1 Rannsóknarsaga leitarinnar að elstu merkjum breytingarinnar

Um frum-partu islenskrar túngu i fornöld, eftir Konráð Gíslason, kom út í Kaupmannahöfn 1846. Í þessari bók um hljóðfræði fornmálsins segir um muninn á ur og ur í niðurlagi orða m.a. þetta:

*Stafurinn r ... i endingum orða, er nákvæmlega greindur frá samstöfunni ur i hinum eldri skinnbókum, ... (1846:70).*

Síðan greinir Konráð m.a. frá dænum úr handritinu AM 623 4to um ur fyrir eldra /-r/ (7 dæmi) og um öfuga ritháttinn r fyrir eldra /-ur/ (8 dæmi) (1846:71-72) og tveimur dænum um stoðhljóð í AM 625 4to (1846:71 nmgr.\*\*\*).

Dæmi Konráðs um stoðhljóð í AM 623 4to eru þessi (táknið 2 hérna og hér eftir á að standa fyrir r-

rotunda), : fa/gnobo2, lono2 (4 dæmi), v1No2, Syrligavr (1846:71); og í AM 625 4to þessi : angvr/feml, myrkvr (1846:71 nmgr. \*\*\*).

AM 623 4to mun nú vera talið ritað um 1325 (sjá Skrá formálsorðabókarinnar) og AM 625 4to (sá hluti sem dæmi Konráðs eru tekin úr, þ.e. bl. 1r-49v) á bilinu frá um 1300-1325 (sjá Skrá).

Konráð mun á hinn böginn hafa talið þessi handrit vera eldri; AM 623 4to "á að gizka frá miðri 13. Óld" (Konráð Gislason 1860:V) og AM 625 4to frá því seint á 13. Óld (Konráð Gislason 1846:LVII). (Hreinn Benediktsson (1962a:d.490 og 1965:xxxvii) hefur reyndar eldri timasetningu á AM 623 4to en gefin er í fyrrnefndri Skrá).

Jón Porkelsson, sem ævinlega hefur verið vitnað til allar götur síðan hann birti ritgerð sina "Um r og ur i niðrlagi orða og orðstofna í íslenzku" 1863, tók upp þessi ofangreindu dæmi frá Konráði og timasetningar hans á þessum (og fleiri) heimildum.

Vert er að geta þess hér strax að þótt heimildir þær er Konráð Gislason og Jón Porkelsson töldu vera frá 13. Óld (og handbækur hafa síðan tekið upp þær timasetningar á elstu dæmum eftir ritgerð Jóns) séu nú talðar vera yngri, eða frá fyrsta fjórðungi 14. aldar, verður því i engu hnekkt hér á eftir að fyrstu dæmi um stoðhljóð i rituðum heimildum séu frá því seint á 13. Óld. Það hafa komið i leitirnar aðrar heimildir sem eru talðar vera frá því fyrir 1300 (sjá 3.1.2 hér á eftir).

Eina yfirlitsathugunin á uppkomu stoðhljóðs, sem birt hefur verið, er fyrrnefnd ritgerð Jóns Porkelssonar frá 1863. Jón rekur þar vitnisburð stafsetningar elstu handrita og kvæðskapar allt til 1263 um hinn forna framburð (1863:10-14). Siðar segir:

Það eru mikil líkindi til, að framburðrinn á niðrlagsserrinu hafi ... verið farinn að breytast á islandi fyrir 1300 og að menn hafi þar verið farnir að bera það fram sem ur (1863:15).

Þessu til stuðnings tilfærir Jón dæmi úr fimm handritum: AM 623 4to, AM 625 4to, Konungsbók Snorra-Eddu, Uppsalabók Snorra-Eddu og Hauksbók (1863:15-16).

Dæmin úr AM 623 4to og AM 625 4to eru frá Konráði Gislasoni komin (sjá hér á undan) og styðst Jón við aldursákvarðanir Konráðs. Sem fyrr segir eru bæði þessi handrit nú talin yngri (samkvæmt Skrá) en Konráð taldi þau vera, þ.e.a.s. AM 623 4to frá um 1325 og AM 625 4to frá um 1300-1325.

Dæmin úr Konungsbók Snorra-Eddu, sem Jón segir að talin sé rituð "i lok 13. aldar eða byrjun hinnar fjortándu" (1863:15), eru öll um stoðhljóð á undan /\*-r/ sem stóð á milli samhljóða: fegurð, digurleiks, ragnarökurs, feturnir, vaforlogi (2 dæmi), fegurst, vindræfurs (1863:15; hér er fylgt þeim rithætti sem Jón Porkelsson notar). Í Skrá fornmaðsorðabókarinnar er Konungsbók Snorra-Eddu, GKS 2367 4to, talin vera frá um 1325. Sjá kafla 3.1.2.16.

Dæmi Jóns úr Uppsalabók Snorra-Eddu, sem hann segir að talin sé rituð um 1300 eða skömmu síðar, eru öll um öfugan rithátt (1863:16). (Fleiri dæmi nefnir Konráð Gislason (1889:91); hann greinir frá því að öfugir rithættir í Uppsalaeddu séu minnst 118 (í þeirri útgáfu sem hann notist við) og tinir þar að auki til 5 dæmi (1889:92) um ritað stoðhljóð í þeirri útgáfu, sjá 3.1.2.9 hér á eftir). Í Skrá er Uppsalabók, Uppsala DG 11, talin vera frá svípuðum tíma og Konungsbók eða aðeins eldri, þ.e. frá fyrsta fjórðungi 14. aldar.

Loks tilfærir Jón Porkelsson dæmi úr skinnblöðum sem Hallgrímur Scheving hefði haft undir höndum og sem muni vera úr Hauksbók. Jón greinir frá því að Guðbrandur Vigfússon telji Hauksbók alla ritaða á árunum 1294-1300 (en sjálfur færir Jón rök að því að sumt í Hauksbók muni vera ritað eftir 1300 (1863:16 nmgr.)). Dæmin sem Jón nefnir um stoðhljóð á þessum blöðum eru nautur, eitur, muñur. Jón tilgreinir og þrjú dæmi um öfuga rithætti. Hér mun vera um að ræða fjortán fyrstu blöðin í AM 544 4to (Hauksbók) en þau komust í hendur Hallgrims

Scheving (sjá formála Finns Jónssonar að útgáfu Hauksbókar 1892-1896:VIII). Blöðin mynda hið lengra af tveimur handritsbrotum sem Finnur Jónsson gerir grein fyrir í formálanum að Hauksbókarútgáfunni (1892-1896:XX-XXXI og XXXI-XXXVI) og kallar norsk brot. Finnur Jónsson telur að brotið sé ritað af Norðmanni en hann hafi haft íslenskt forrit. Finnur telur að þessi blöð, sem telja má vist að séu hin sömu og Jón Porkelsson á við, geti ekki verið eldri en frá um 1300 (1892-1896:XXXI). Í Skrá eru blöð ir-21v, sem norsku brotin eru á, ársett á bilið c1290-1334. Í styttra "norska brotinu" (bl. 15-18 í Hb.) eru engin dæmi um stoðhljóð (Finnur Jónsson 1892-1896:XXXIV). Þetta brot sýnir, að sögn Finns, aðeins örfá merki um norsk áhrif. Brotið sé þó ritað af Norðmanni en sá hafi í nær öllum greinum fylgt stafsetningu íslensks forrits. Af þessu, ef rétt er, mætti álykta að þau dæmi sem lengra norska brotið hefur að geyma um stoðhljóð og ófuga rithætti beri vitni norskri ritvenju fremur en íslenskri. (Af þessum sökum verður framantöldum dæmum úr þessu "norska broti" Hauksbókar sleppt í greinargerðinni í 3.1.2 hér á eftir.)

Engin af þeim íslensku heimildum sem Jón Porkelsson notar til að sýna að fyrir 1300 sé "framburðrinn á niðrlagserrinu farinn að haggast" (1863:31) er því nú um stundir talin vera eldri en frá um 1300.

Noreen (1970:140) segir að finna megi merki stoðhljóðsins frá því fyrir 1300 og visar í Jón Porkelsson (1863).

Jóhannes L.L. Jóhannsson (1924) segir að ríendingum byrji að breytast í ur "Rétt um 1300" (1924:4) og "Rétt eftir 1300 breytist ríenda orða, svona alment sagt, i ur" (1924:73) og visar Jóhannes í ritgerð Jóns Porkelssonar (1863) auk þess að nefna nokkur dæmi frá 14. öld og um 1400.

Björn K. Þórólfsson (1925) segir: "Inniskot þetta hófst síðast á 13. öld" (1925:XXIV) og visar sömuleiðis í ritgerð Jóns Porkelssonar (1863).

Hreinn Benediktsson (1962a) segir: "Svarabhabitivokalen u trengte inn mellom kons. og r i utlyd el. foran kons. på 1200-1300-tallet" (1962a:d.490) og nefnir dæmi úr AM 623 4to sem hann segir vera frá 13. öld. Sem fyrr segir er handrit þetta talið yngra (frá um 1325) í Skrá fornálsorðabókarinnar. Hreinn Benediktsson (1969) segir: "This change took place mainly in the fourteenth century, though it no doubt began in the late thirteenth century" (1969:394-395) og visar í Jón Þorkelsson (1863).

Stefán Karlsson (1964:26) segir: "Stoðhljóðið u skýtur upp kollinum í islenskum handritum þegar fyrir 1300" og bætir við fróðleik um útbreiðslu þess samkvæmt norðlenskum fornþréfum frá 14. og 15. öld. Þau "bera með sér að stoðhljóðið hafi verið að breiðast austur eftir Norðurlandi á 14. öld og allt fram á þá 15." (1964:26). Stefán greinir ekki frá því í hvaða handritum stoðhljóð "skýtur upp kollinum" fyrir 1300 og getur ekki heimildar. En í útgáfú hans (1963) á frumþréfum er elsta dæmið um stoðhljóð i þeim að finna í elsta bréfinu sem ritað er á Íslandi - og e.t.v. fyrir lok 13. aldar: nr. 3:11, ritað 1295-1313 (sjá 3.1.2 hér á eftir).

### 3.1.2 Merki um stoðhljóð í stafsetningu

#### 3.1.2.0 Inngangsord

Hér á eftir verður greint frá 18 heimildum, frá timabilinu c1275-1350, þar sem ég hef fundið vitnisburð um stoðhljóð í stafsetningunni.

A þessu elsta timabili er um það örfá og stopul dæmi að ræða í hverri heimild að oftast var látið við sitja þau dæmi sem útgefendur hafa tint til í formálum eða aðrir hafa greint frá í öðrum ritum. Þar má oft heita vist (af orðalagi höfunda) að þeir nefna öll dæmi sem þeir finna í textunum og stundum er það beinlinis tekið fram.

Akveðið var þó að athuga heimildir nánar í 6 tilvikum frá þessu fyrsta timabili: Tekin voru sýnishorn af samfélldum texta og lesin í Hauksbók (útg. 1892-1896) bls. 193-202 (hönd Hauks Erlendssonar) og bls. 387-402 (hönd "fyrra skrifara" Hauks), Eirspennli (útg. 1916) bls. 1-15 ("hönd I") og bls. 263-278 ("hönd II"), AM 325 VIII 4b, 4to (stafrétt útgáfa Helle Jensen 1979 í Oeuscula VI, bls. 47-63 (þ.e. allur textinn lesinn)) og 4 frumbréf (frá 1310-1346) sem gefin eru út í Appendix við I.O. (1963) en bréf þessi voru ekki með í þeirri athugun sem Stefán Karlsson (1960) greinir frá í ritgerð sinni til meistaraprófs.<sup>1</sup>

Skemmt er frá því að segja að aðeins í Eirspennli komu við þessa "endurskoðun" fjögur ný dæmi í ljós, tvö um öfugan rithátt (hjá "hendi I") og tvö um stoðhljóð (hjá "höndum I og II"). Að öðru leyti miðast umfjölliunin hér á eftir við þær upplýsingar um textana sem finna má í ritum og ritgerðum um þá.

Verður nú greint frá hverri heimild fyrir sig. Í 3.1.3 þar á eftir fer svo yfirlit í dálkaformi yfir öll dæmin um stoðhljóð frá c1275-1350.

<sup>1</sup> Það kann Stefáni Karlssyni bestu þakki fyrir að lána mér hluta úr óprontaðri ritgerð sinni (1960), ásamt vinnuséálum, þar sem gerð er grein fyrir texta frumbréfanna í I.O. Spáraði það mér að miklu leyti testur á 337 bréfum (en bréfin í Appendix var sem fyrst segir eftir að kannna með tilliti til stoðhljóðs).

## 3.1.2.1

AM 325 VIII 4b, 4to (3 blöð).

Aldur: c1275-1300. Mállýsing: Jensen  
1979.

Stoðhljóð kemur að sögn Jensen (1979) tvisvar fyrir í brotinu: Gyrþvr (mannsnafn) (2v1), lvþvr/veiN (3r1) (1979:36).

Um öfugan rithátt nefnir Jensen eitt dæmi: ybr (/veit) (1v9) (1979:36).

Hreinn Benediktsson (1965:xxxix-xl) segir brotið liklega ritað á seinni hluta 13. aldar. Jensen telur í grein sinni að erfitt sé að timasetja brotið með nákvæmni en það sé trúlega ritað "i 2. halvdel af det 13. árh. og mæske snarest i slutningen af denne periode" (1979:45). Í Skrá fornmálsordabókarinnar er brotið sett á bilið c1275-1300 eins og framar greinir.

Deilt hefur verið um hvort brotið er norskt eða íslenskt (Jensen 1979:40-44). Helle Jensen telur að skrifarinn hafi verið íslendingur en e.t.v. undir einhvers konar norskum áhrifum (1979:42).

Brotið er úr Sverris sögu. Í grein Helle Jensen er það birt í heild stafrétt (auk þess fylgja ljósmyndir af tveimur blaðanna). Við könnun á brotinu Öllu (stafréttum texta á bls. 47-63 í grein Jensen) fundust ekki fleiri dæmi um stoðhljóð eða öfugan rithátt en þau sem Jensen greinir frá.

Af 122 dæmum í brotinu um gamalt /-r/ eru því aðeins tvö (1,6%) rituð með stoðhljóði. Það er eftirtektarvert að annað þeirra, lvþvr/veiN (57:1) skuli vera um gamalt /-r/ á milli samhljóða en aðeins eru fimm dæmi alls í textanum um þá gerð af hljóðfræðilegu umhverfi (hin eru akrshaga 47:14, akr/haga 49:16 (ritað í tveimur orðum: akr/ haga hjá Hreini Benediktssyni 1965:xl:16), folangr/ 47:15, bvendrna 49:11).

Dæmið Gyrþvr (54:1) er mannsnafn. Talið er að í Noregi fari að bera á stoðhljóði eitthvað fyrr en á Íslandi (um 1250, skv. Noreen 1970:140, 1050-1150 skv. Iversen 1961:48). E.t.v. mætti geta sér þess til að nafn á norskum manni hafi getað verið borið fram og ritað með

stoðhljóði þótt önnur orð með sams konar hljóðafar í hinum íslenska orðafordá skrifaráns hafi ekki verið borin þannig fram. Dæmið er því ekki alveg órækur vitnisburður um stoðhljóð i íslensku á milli /rþ/ og /-r#/.

Af alls 18 dæmum í brotinu um gamalt /-ur/ er sem fyrr segir eitt (5,6%) með öfugan rithátt: yþr (efn.) (49:9). Í næstu linu við dæmið stendur yþvr (efn.) (49:10), þ.e. "rétt" ritaoð.

### 3.1.2.2

Frumbréf, e.t.v. ritaoði

Skagafjarðarsýslu.

Aldur: 1295-1313.

Eitt dæmi um stoðhljóð: klaustursins (I.O., nr. 3:11).

### 3.1.2.3

AM 75a fol. (Bæjarbók í Borgarfirði)

Aldur: c1300. Málysing: Johnsen, O.A. og Jón Helgason 1941. Auk þess Konráð Gíslason (1889).

Skinnhandrit, 43 blöð. Utgefendur Oláfs sögu helga (1941), O.A. Johnsen og Jón Helgason, greina frá því að stoðhljóð sé ritaoð "i enkelte tilfelle" og þá einkum þar sem /r/ stendur á undan samhljóði. Dæmin sem þeir nefna eru þessi: akvrs 12r, rðturnar 17v, brðurnir 23v, gefur þu 39v, dögur 8r (1941:902). Konráð Gíslason (1889:94-95) nefnir þessi sömu dæmi úr AM 75a fol. og segist ekki hafa komið auga á fleiri. Konráð greinir auk þess frá því að r komi fyrir "vistnok ... over 1700 gange uforandret" í handritinu (1889:95). Skv. því kemur hinn nýi ritháttur aðeins fyrir í um 0,3% tilfella í AM 75a fol.

## 3.1.2.4

AM 325 XI 2c, 4to (2 blöð).

Aldur: c1300. Mállýsing: Johnsen, O.A.  
og Jón Helgason 1941.

Þetta eru tvö slitin blöð sem notuð hafa verið utan um bækur en eru þó læsileg (O.A. Johnsen og Jón Helgason 1941:959). Útgefendum sýnist að stoðhljóð sé á ferðinni í tveimur orðum: tveimur og kalfur þar eð tveim og kalf eru rituð með ur-bandi (1941:959).

## 3.1.2.5

AM 47 fol. (Eirspennill) ("hönd I").

Aldur: c1300-1325. Mállýsing: Finnur Jónsson 1916.

Eirspennill er 194 blöð. A honum eru tvær rithendur (ef frá eru talin nokkur einstök orð hér og þar, sjá Finn Jónsson 1916:V-VI). Finnur Jónsson segir í formála útgáfu sinnar: "det er klart, at et swarabhakti-u er blevet almindeligt, da handskriftet blev til" (1916:XII).

Hjá "hendi I" segist Finnur engin dæmi hafa fundið um stoðhljóð. En mér finnst rétt að telja með stoðhljóðum dæmið roðor (26:34), eins og fyrst stóð þar, þótt orðið hafi verið leiðrétt i roðr í hdr.

Finnur getur eftirtalinna 10 dæma um öfuga rithætti (1916:XII): broðr (ef.), fǫðarf, fǫðr (þgf.), faðr (ef.), fǫðvr (ef.) (þar sem vr er leiðréttning úr "2"), aundrðan (vetr, uetr) (2 dæmi), sauðr, setr (kvk.ft.), Sigrð.

Kannaðar voru bls. 1-15 i útgáfu Finns (1916). Í ljós komu 296 dæmi um gamalt /-r/, öll "rétt" rituð (dottir (8:8) (í visu eftir Sighvat) er liklega þgf.-myndin "doetr" fremur en "dóttur" (sjá islenzk fornrit XXVIII, 1979:5) en þess eru ýmis dæmi í Eirspennli hjá báðum skrifurum að <þ> tákni /œ/ (sbr. Finn Jónsson 1916:X)).

A bls. 1-15 i útgáfunni fundust 27 dæmi um gamalt /-ur/. 20 þeirra (74,1%) voru rituð með <or, ur, ɔr, uR, ur, oR>. Fimm voru rituð <r>. Tvö voru rituð með <vr> en <v> þar leiðréttning (sbr. Finn Jónsson 1916:1 nmgr.1, 14 nmgr.6). Öfugir rithættir á bls. 1-15 eru þá samtals 7 (25,9%). Tveggja dæma af bls. 1-15, fóðvr (ef.) (1:3) (þar sem vr er leiðréttning úr "2") og broðr (þgf.) (13:4), getur Finnur ekki í formála sinum. Samtals eru því öfugir rithættir hjá "hendi I" a.m.k.12 talsins. Þar af eru tvö dæmi sem hafa verið færð til betri vegar í handritinu. E.t.v. var þar seinni tima hönd að verki. En sá sem það gerði hefur ekki hirt um eða ekki treyst sér til að leiðréttta nema litinn hluta af villunum.

## 3.1.2.6

AM 47 fol. (Eirspennill) ("hönd II").

Aldur: c1300-1325. Mállýsing: Finnur Jónsson 1916.

(Um heimildina, sjá 3.1.2.5). Útgefandi greinir frá því (1916:XII) að hjá "hendi II" sé að finna "skrivemáder som": hendurnar, feturnir, bondurnir, uedurs, klaustursins. Finnur getur engra dæma um öfugan rithátt hjá "hendi II".

Kannaðar voru bls. 263-278 i útgáfunni. Um gamalt /-r/ fundust þar 287 dæmi. 285 voru "rétt" rituð (99,3%) en 2 dæmi voru um ritað stoðhljóð (0,7%). Annars þeirra getur Finnur en ekki hins og skal því bætt hérna við sem sjötta dæmi: hendurnar (204:18).

A bls. 263-278 i útgáfunni fundust 19 dæmi um gamalt /-ur/, öll rétt rituð (<-ur>, <-uR>, <-ur>).

## 3.1.2.7

AM 68 fol.

Aldur: c1300-1325. Mállýsing: Johnsen, O.A. og Jón Helgason 1941.

Skinnhandrit, 64 blöð. Útgefendur benda á það

sérkenni "i et så gammelt håndskrift" að ur-band það sem notað er fyrir eldra /-ur/, t.d. i sevrbo, konyr, svatvr (þf.), er lika notað i orðum eins og Vlfvr, leifvr, sialfvr, sonvr, aptvr (O.A. Johnsen og Jón Helgason 1941:892).

Johnsen og Jón eru þeirrar skoðunar að AM 68 fol. sé ritað með sömu hendi og GKS 2367 4to, Konungsbók Snorra-Eddu, og segja það og hafa verið skoðun Jóns Sigurðssonar, Guðbrands Vigfussonar og Kálunds en benda samt á að "der, som Jón Sigurðsson bemerker, finnes enkelte avvikeler i ortografiem" (1941:893).

♦

## 3.1.2.8

AM 625 4to (bl. 1r-49v)

Aldur: c1300-1325. Lýsing: Konráð Gislason 1846:LVII-LXII og 71 nmgr. \*\*\*.

Þetta eru alls 98 blöð (Konráð Gislason 1846:LVII). Konráð Gislason taldi fyrri hlutann, bl. 1r-49v, ritaðan seint á 13. öld (1846:LVII). Sém fyrri greinir (sjá lika 3.1.1) er hann núna talinn vera sósins yngri en Konráð áleit. Blöðin frá 50r-98v munu á hinn bóginna vera frá c1470 - (skv. Skrá).

Eins og fram kom í 3.1.1 getur Konráð tveggja dæma um stoðhljóð i AM 625 4to: angvr/femi og myrkvi (1846:71 nmgr.\*\*\*).

## 3.1.2.9

Uppsala DG 11 (Uppsalabók Snorra-Eddu)

Aldur: c1300-1325. Málilysing: Konráð Gislason 1889:91-93.

Konráð Gislason (1889:92) getur eftirtalinnað dæma um stoðhljóð i Uppsalabók (hér er notaður ritháttur Konráðs): fagvrt, ravckvrs, vindræfirs, gerþvr, otvr. (Konráð greinir á hinn bóginna frá einu dæmi um gerbr og niu dæmum um ott).

Konráð greinir frá því (1889:91) að öfugir

en Garðar?

rithættir séu a.m.k. 118 í Uppsalaeddu (í þeirri útgáfu Snorra-Eddu sem hann hefur undir höndum) (enda lýsir Jón Þorkelsson (1863:16) þeirri skoðun sinni að ritari bókarinnar hafi verið "fjarskalega gálaus og skilningslaus"(!)). Ófugu rithættirnir eru flestir í frændsemisorðunum (65 alls; favbr/fobi 25, mabr/madr 9, brobr/broðr 13, dottr 12, systr 6), þvinæst í kvk.ft. af veikum no. (26) og í nf. et. kvk. og nf. þf. ft. hk. af "annarr" (avnnr, Avnnr, onnr, Onnr; 18 dæmi). Loks eru, að sögn Konráðs, 9 dæmi úr öðrum áttum (fiofr 3, kaver, vimr, mavckr 2, ogrligsto, sigrbær).

\* 3.1.2.10. Sth. Perg. nr. 18 4to (bl. ir-8v)

Aldur: c1300-1350. Mállýsing: Kålund  
1904.

Kålund (1904:XXI) greinir frá tveimur dæmum um stoðhljóð hjá þessum skrifara: þógallidur og fagurt.

Þessi rithönd nær yfir fyrstu 8 blöðin í handritinu (Kålund 1904:II). Um hana segir Kålund (1904:II):

Heiðarviga sagas 1. læg (þ.e.a.s. bl. 1-8) er skrevet med en stiv og gammeldags hånd, hvíl heile præg henfører den til 13. árh.

Hreinn Benediktsson (1965:xxvi) telur fyrstu 8 blöðin vera frá síðari hluta 13. aldar. Kjartan G. Ottósson (munnl.) telur þau og vera eldri en frá 1300. En i Ekrá eru þau, sem að ofan greinir, sett á árabilið c1300-1350.

3.1.2.11

AM 544 4to (Hauksbók) (hönd Hauks

Erlendssonar)

Aldur: c1302-1310. Mállýsing: Finnur  
Jónsson 1892-1896.

Finnur Jónsson (1892-1896:XL) greinir frá þremur dænum um stoðhljóð: sigvr gafarinnar, foðvrs (hk.), Svavrlame (ritað Svafrlame 13 línum neðar).

Kannaðar voru bls. 193-202 í Hauksbókarútgáfu Finns. Í ljós komu 208 dæmi um gamalt /-r/, öll "rétt" rituð. (Pá er nafnið Alexandr, sem svo er ritað, 7 sinnum, ekki talið með). Það er mjög líklegt að dæmin sem Finnur nefnir í formálanum um gamalt /-r/ ritað <vr> (= sigurgiafarinnar, fóðurs, Svafurlami) séu einu dæmin úr fjöldurstaf Hauks; í því sýnishorni sem kannað var eru 208 tækifæri til að rita stoðhljóð en ekkert þeirra nýtt.

Finnur Jónsson nefnir (1892-1896:XL) tvö dæmi um ófuga rithætti hjá Hauki: foðr (þf.), systir svn.

A bls. 193-202 í útgáfu Finns fundust 20 dæmi um gamalt /-ur/, öll rétt rituð. (Pá er sleppt þeim 6 dænum þar sem orð eru skammstöfuð í handriti en réttum rithætti hefur verið bætt við í útgáfunni innan sviga). Af dæmunum 20 eru m.a. 5 um foðvr, í öllum aukaföllum, og 2 um systvr, ef. og þf.

Finnur Jónsson lætur þess getið að Haukur sé "en omhyggelig og korrekt 'äfskriver'" (1892-1896:XXXVI). Finnur telur stafsetningu hans "på det nærmeste rent i landsk" (1892-1896:XXXVI; leturbr. Finns) en getur samt nokkurra norskra áhrifa (1892-1896:XXXVI-XXXVII).

3.1.2.12

AM 544 4to (Hauksbók) (hönd "fyrra skrifarans")

Aldur: c1302-1310. Mállýsing: Finnur Jónsson 1892-1896.

Annar af tveimur skrifurum Hauks sem Finnur Jónsson getur um i Hauksbókarútgáfu sinni (og kallar "den "første" sekretær") ritar að sögn Finns "i det hele rent islandsk uden nogen som helst n o r s k e ejendommeligheder" (1892-1896:XLVI; leturbr. Finns).

Um stoðhljóð nefnir Finnur þessi dæmi (1892-1896:XLVIII): fagvrt (2 dæmi), gripvr, litvr, setvrs, eggvedvrs.

\* Kannadar voru bls. 387-402 í útgáfu Finns (1892-1896) og komu í ljós 395 dæmi um gamalt /-r/. Af þeim voru 391 "rétt" rituð (99%) en 4 með stoðhljóði (1%) og getur Finnur þeirra allra (gripvr 391:5, litvr 391:18, setvrs 397:5, eggvedvrs 401:2). (Hér eru ekki talin með þau dæmi þar sem "réttum" rithátti hefur verið bætt við innan sviga í útgáfunni þar sem orð hafa verið skammstöfuð í handritinu. Enn fremur eru undanskilin 3 dæmi á bls. 389 í útgáfunni sem munu ekki vera rituð með hendi "fyrra skrifarans" skv. formála Finns (1892-1896:XLVI)).

Finnur Jónsson getur eftirtalinna dæma um öfuga rithátti: svara brodr (ef.), brodr bani, broðr (þgf.), moðr (þf.), fodr (þf.), fodr stad, systr (ef.), nokkr (nf. et., liklega kvk.).

Við athugun á bls. 387-402 í útgáfu Finns fannst 21 dæmi um gamalt /-ur/. Þar af voru 18 rétt rituð (85,7%) en 3 með <r> fyrir /-ur/ (14,3%) og getur Finnur þeirra allra í formála sinum (brodr 387:16, 402:5, moðr 401:36).

3.1.2.13

Frumbréf, ritað í Skagafjarðarsýslu.

Aldur: 1311.

Eitt dæmi um öfugan rithátt: okkr innsigle (1.0., nr. 6:12).

## 3.1.2.14

Sth. Perg. nr. 4, 4to

Aldur: 1320-1340. Mállýsing: Johnsen,  
O.A. og Jón Helgason 1941.

Skinnhandrit, 71 blað. Útgáfendur (Johnsen og Jón Helgason 1941) nefna meðal sérkenna í stafsetningu að stoðhljóð komi fyrir á undan in i ft.-myndum af samhljóðastofnum með greini. Dæmin sem þeir nefna eru þessi (1941:943): frændurnir 30v, finnurnir 65v, querkurnar 71r.

Útgefendur ségja höndina væfalaust hina sömu og (3. höndina) á AM 122a, fol. (Króksfjarðarbók, c1350-1370). Jakob Benediktsson er sömu skoðunar í formálanum að Sturlunga Saga. Manuscript No. 122 A fol. in the Arnamagnæan Collection i Early Icelandic Manuscripts in Facsimile, 1. bindi (1958:11). í Sturlungasöguútgáfu sinni (1906-1911) getur Kálund ekki um neinn rugling á gömlu /-r/ og /-ur/ hjá 3. hendi Króksfjarðarbókar. E.t.v. er hér um tilviljun að ræða enda virðast dæmin um stoðhljóð hjá þessum skrifara vera fátið í Sth. Perg. nr. 4, 4to, en 3. hönd í AM 122a, fol. mun ná yfir 20 blað (Kálund 1906-1911:XX). Á hinn bóginн gæti verið að skrifarinн hafi verið orðinn þetta "lærðari" er hann skrifar Króksfjarðarbók að rugla ekki saman hinum gömlu endingum jafnvel þótt um sams konar framburð hafi getað verið að ræða, ellegar að mismunandi stafsetning stafaði af áhrifum frá forriti.

## 3.1.2.15

AM 623 4to

Aldur: c1325. Mállýsing: Konráð Gislason 1846 og Finnur Jónsson 1927 (sjá einnig Jón Þorkelsson 1863).

31 blað (Konráð Gislason 1846:L1, Hreinn Benediktsson 1965:xxxvii). Konráð Gislason taldi handritið vera "á að gizka frá miðri 13. öld" (1860:V) og Hreinn Benediktsson frá "probably about or not long after the middle of the 13th century" (1965:xxxvii). I

Skrá er sem fyrr greinir miðað við aðra niðurstöðu: c1325 (sjá einnig kafla 3.1.1).

Konráð Gislason (1846:71) greinir, eins og frá var sagt í 3.1.1, frá eftirtöldum 7 dæmum um stoðhljóð i AM 623 4to: fa/gnobaZ, fanaz (4 dæmi), vINoZ, Gyrlisgv. Finnur Jónsson (1927) nefnir og í formála útgáfu sinnar flest þessi dæmi (ekki vINoZ) og engin önnur (1927:IV).

Konráð Gislason (1846) greinir frá 8 dæmum um öfugan rithátt í AM 623 4to. Þau eru þessi: ga/tr, gvb/mobr (ef.), Fa/pr (ef.), a/Nr (kvk.et.), nockriō, moē (ef.), na/ck (kvk.et.), na/ckr (Konráð Gislason 1846:71-72; hér er fylgt umritun hans á dæmunum). Ekki er þó öruggt að dæmið nockriō sé öfugur ritháttur; Hreinn Benediktsson (1961-62:22 og nmgr. 34) ræðir þetta dæmi og segir að ekki sé vist að þarna sé ritvilla, því orðmyndirnar nokkriar og nokkria komi fyrir, einu sinni hvor, í norsku handriti frá um 1325. Hvað sem því liður mun dæmið verða undanskilið hér eins og önnur dæmi um fn. nokkur(r) í beygingarformum þar sem í nútíma máli er sinkvæður stofn (sjá 3.0). Eftir standa hér 7 dæmi.

Jón Porkelsson (1863:15) bætir við þremur dæmum sem Konráð (1846) undanskilur: föbr (þgf.), föbr (ef.), (gups) móbr (ef.). Finnur Jónsson getur og um öfuga ritháttinn tungr (1927:IV).

Alls er því kunnugt um 11 dæmi um öfugan rithátt í AM 623 4to; flest um frændsemisorðin, sex, um kvk.ft. af veikum no. eru tvö og um fn. "nokkur(r)" tvö og "ennar(r)" eitt.

### 3.1.2.16

### Gks 2367 4to (Konungsbók Snorra-Eddu)

Aldur: c1325. Lýsing: Jón Porkelsson 1863:15 og Finnur Jónsson 1966 (1848-1887).

(Sjá kafla 3.1.1). Jón Porkelsson (1863:15) segir, eins og áður kom fram, að stoðhljóðum bregði fyrir í Konungsbók Snorra-Eddu: "er þar stundum uhljóðinu innskotíð fyrir framan r, þegar eigandamerkið

eða einhver annar samhljóðandi kemr á eptir errinu, t.d." - og síðan koma eftirtalin 8 dæmi (fylgt er rithátti Jóns): fegurð, digurleiks, ragnarökurs, feturnir, vaforlogi (2 dæmi), fegurst, vindræfurs.

Jón Porkelsson getur engra dæma um öfuga rithátti.

Finnur Jónsson (1966 (1848-1887)) segir að fyrir nefnifalls-r sé stundum haft ur í Konungsbók Snorra-Eddu (1966:XXXIII) og getur 9 dæma um táknað stoðhljóð (1966:XXXV). Þar af eru eftirtalin 5 dæmi, sem eru ekki hjá Jóni Porkelssyni (1863), en af þeim sést m.a. að i GKS 2367 4to er stoðhljóð ekki einungis táknað á undan /r/ sem stóð á milli samhljóða: hafvr(sins), hafvr(s), \* hendvnar, tryggevr (tryGvr), (hodd) vanvær (Finnur Jónsson 1966:XXXV). Um þessi 5 dæmi var mér ekki kunnugt fyrr en ritgerðin var á lokastigi og eru þau því ekki með í yfirlitinu sem á eftir kemur (i 3.1.3).

(Talið er að Konungsbók Snorra-Eddu sé rituð með sömu hendi og AM 68 fol., sjá 3.1.2.7.)

**3.1.2.17**            Frumbréf, e.t.v. ritað í Skagafjarðarsýslu.

Aldur: 1332-1340.

Eitt dæmi um öfugan rithátt: ockr innsigile (I.O., nr. 11:6).

**3.1.2.18**            Frumbréf, ritað í Skagafjarðarsýslu.

Aldur: 1346.

Tvö dæmi um öfugan rithátt: ockr Jnn|sigle, ockr Jnn sightle (I.O., nr. 21:8-9, 10),

### 3.1.3 Yfirlit yfir dæmi um stoðhljóð

Hér fara á eftir dæmi um stoðhljóð sem fundist hafa í heimildum frá c1275-1350 (sjá kafla 3.1.2). Ófugir rithættir (sem nefndir eru í 3.1.2) verða ekki með í dálkunum hér. Dæmi þau sem hér verða talin upp eru öll að finna í 3.1.2 og þar eru upplýsingar um heimildirnar. Hér verður látið nægja að raða upp dæmum og timasetningum þeirra en aftan við það er fjallað um hljóðfræðilega gerð dæmanna.

8

Aldur heimildar	Dæmi
c1275-1300	Byrþvr
"	lvþvrþveiN
1295-1313	klaustursins
c1300	akvrs
"	rðturnar
"	brðturnir
"	gefur (þu)
"	dþgur
c1300	tveimur
"	kalfur
c1300-1325	roðor
c1300-1325	hendurnar
"	feturnir
"	bondurnir
"	ueðurs
"	klaustursins
"	hendurnar
c1300-1325	Vlfur
"	leifur
"	sialfur

"	sonvrm
"	aptvr
c1300-1325	angvr{em}
"	myrkvr
c1300-1325	fagvrt
"	ravckvrs
"	vindrefvrs
"	gerþvr
"	otvr
c1300-1350	oðgalldur
"	fagur t
c1302-1310	sigvr gisafarinnar
"	foðvrs
"	Svavvriame
c1302-1310	fagvrt
"	fagvrt
"	grípvrs
"	litvr
"	setvrs
"	eggvedvrs
1320-1340	fréndurnir
"	fingurnir
"	querkurnar
c1325	fa/gnobo2
"	{ono2
"	vIno2
"	þyillevr
c1325	fegurð
"	digurleiks
"	ragnarökurs
"	feturnir
"	vaforlogi

" vaforlogi  
" feigurst  
" vindræfurs

Alls eru þetta 58 dæmi um ritað stoðhljóð i 15 heimildum frá c1275-1350. Til glöggvunar skulum við nú lita á hvernig dæmi þessi skiptast eftir eftirfarandi hljóðfræðilegu umhverfi (um eftirfarandi þrjár tegundir er rætt í 2.4):

- a) þegar stoðhljóði er skotið inn á milli e., t. eða k annars vegar og l i bakstöðu hins vegar,
- b) þegar stoðhljóði er skotið inn á undan l sem stendur inni i klasa (a.m.k.) þriggja samhljóða,
- c) þegar stoðhljóði er skotið inn á milli samhljóða annarra en e., t. k annars vegar og l i bakstöðu hins vegar.

Það skal undirstrikað að Tafla I er frábrugðin Töflu XXIa i 3.3.2 þar sem til viðmiðunar eru öll dæmi um gamalt /-r/ (og gamalt /-ur/) úr tilteknum textum og horft er á hvernig þau skiptast á milli hins gamla og hins nýja ritháttar. Hér er á hinn bóinn aðeins um að ræða dæmi um hinn nýja rithátt, sem skytur upp kollinum i textum frá u.p.b. 75 ára timabili, - fyrstu þremur aldarfjórðungunum sem hann lætur á sér kræla. Enginn þarf að fara í grafgötur um að eldri rithátturinn er miklu algengari í textum frá þessu timabili. Nægir að nefna að i AM 325 VIII 4b, 4to frá c1275-1300 er eldri rithátturinn notaður í 98,4% dæma um gamalt /-r/ (sbr. 3.1.2.1), í 16 bls. sýnishorni úr Hauksbók frá c1302-1310 (hönd "fyrra skrifara" Hauks) var eldri rithátturinn notaður í 99% dæma (sbr. 3.1.2.12) og í 16 bls. sýnishorni úr Eirspennli frá c1300-1325 ("hönd II") var hann notaður í 99,3% dæmanna (sbr. 3.1.2.6).

$\emptyset \rightarrow u / C$	—	r #	5	(8,620%)
+sp.rgl.				
$\emptyset \rightarrow u / C$	—	r C	35	(60,345%)
-sp.rgl.				
$\emptyset \rightarrow u / C$	—	r #	18	(31,035%)
58 (100%)				

**Tafla I. Skipting 58 dæma um stoðhljóð c1275-1350.**

Til að mæta þessar niðurstöður er nauðsynlegt að gera sér einhverja hugmynd um tiðni þessara tegunda af umhverfi í ritmálinu. Í því skyni skulul hér til glöggvunar birtar tölur sem ekki geta verið langt frá því að vera dæmigerðar fyrir vénjulega sögutexta. Þær eru úr 8 heimildum: tveimur heimildum frá því timabili sem hér um ræðir, 4 bls. (264-267) úr Eirspennli (1916) frá c1300-1325 ("hönd II"), 4 bls. (388-391) úr Hauksbók (1892-1896) frá c1302-1310 (hönd "fyrra skrifara" Hauks) og sex frá timabilinu frá c1450-1525 (um þær heimildir, sjá kafila 3.3).

Sýnishorn	Samtals dæmi	C    r#	C    r	C    r#
úr	um (eldra)	+sp, rgl.	-	-sp, rgl.
	/-r/			
Eirspennill	72 (100%)	14 (19,4%)	3 (4,2%)	55 (76,4%)
Hauksbók	133 (100%)	41 (30,8%)	1 (0,8%)	91 (68,4%)
AM 152 fol.	199 (100%)	47 (23,6%)	10 (5%)	142 (71,4%)
AM 180b fol.	249 (100%)	62 (24,9%)	14 (5,6%)	173 (69,5%)
AM 343a 4to	256 (100%)	59 (23%)	8 (3,1%)	189 (73,9%)
AM 589c 4to	173 (100%)	38 (22%)	8 (4,6%)	127 (73,4%)
GKS 1005 fol.	310 (100%)	62 (20%)	3 (1%)	245 (78%)
(yngri viðbót)				
Sth. Perg.nr. 7	213 (100%)	58 (27,2%)	11 (5,2%)	144 (67,6%)
fol.				
Meðaltal af				
hlutfallstöldum: 100%		23,86%	3,69%	72,45%

Tafla II. Tiðni þriggja tegunda af hljóðfræðilegu umhverfi (eldra) /-r/ í sýnishornum úr 8 heimildum frá 14. - 16. öld, án tillits til ritháttar.

Meðaltöl hlutfallstalnanna (neðsta linan í töflunni) eru nokkuð frábærugðin tiðni umræddra tegunda hljóðfræðilegs umhverfis í dæmunum 58 um stoðhljóð c1275-1350.

Í þeim 8 textasýnishornum, sem taflan hér lað framan er unnin úr, er gamalt /-r/ á milli tveggja samhljóða jafnaðarlega aðeins á ferðinni í 3,69% af öllum dæmum um gamalt /-r/. Þetta umhverfi er hins vegar á ferðinni í 60,345% dæmanna um ritad stoðhljóð frá c1275-1350. Það eru m.ö.o. 16-17 sinnum fleiri dæmi en

búast mætti við að óreyndu.

Dæmi um /-r/ í bakstöðu eru samkvæmt töflunni samtals nálægt 96,31% dæma um gamalt /-r/. /-r/ í bakstöðu er hins vegar aðeins á ferdinni í samtals 39,655% dæma um ritað stoðhljóð í dæmunum frá c1275-1350. Gamalt /-r/ í enda orðs á eftir e, t, k virðist almennt u.p.b. þrefalt fátiðara en gamalt /-r/ í enda orðs á eftir öðrum hljóðum en e, t, k. Í dæmunum um ritað stoðhljóð frá c1275-1350 er þetta hlutfall nokkuð likt; hið fyrrnefnda 3.6 sinnum sjaldgæfara hinu síðarnefnda.

Niðurstaðan hér er sú að á tímabilinu c1275-1350 sé hlutfallslega langalgengast að tákna stoðhljóð á undan /r/ sem stóð á milli samhljóða. Einnig kemur í ljós að ef litioð er á þau dæmi sem eru um /r/ í bakstöðu er ekki hægt að sjá á þeim innbyrðis mun eftir því hvort e, t, k eða einhver önnur samhljóð stóðu næst á undan /r/.

## 3.2 Tímabilið c1350-1400

### 3.2.0 Inngangsord

Hér verður fyrst (i 3.2.1) greint frá 40 heimildum frá tímabilinu c1350-1400 þar sem fundist hefur vitnisburður um stoðhljóðið í stafsetningunni. (Hafður er sami háttur á og í kafla 3.1.2).

i 3.2.2 á eftir fer yfirlit yfir rituð stoðhljóð í heimildum frá c1350-1400 (með sama meini og yfirlitið í 3.1.3 hér á undan).

### 3.2.1 Merki um stoðhljóð í stafsetningu

#### 3.2.1.1

##### AM 325 XI 2k. 4to (2 blöð)

Aldur: c1350. Mállýsing: Johnsen, O.A.  
og Jón Helgason 1941.

Petta eru tvö blöð sem bæði hafa verið notuð utan um bækur. Útgefendur (Sögu Óláfs konungs hins helga) greina frá því að stoðhljóð sé tvívar ritað í ef. et. sama orðs: leiðangurs (Johnsen og Jón Helgason 1941:961).

#### 3.2.1.2

##### AM 122a fol. (Króksfjarðarbók)

("1. hönd")

Aldur: c1350-1370. Mállýsing: Kálund  
1906-1911 og Jakob Benediktsson 1958.

I formála sínum að útgáfu Sturlungu nefnir Kálund (1906-1911:XII) eftirtalin þróu dæmi um stoðhljóð hjá 1. hendi Króksfjarðarbókar: all-fagort, svndor-pvcci, fedor (ef.) og eitt dæmi um öfugan rithátt: favdrbroþyr.

Pess er og getið (1906-1911:XII) að r-endingu vanti á nokkur kvenmannsnöfn (Sigrið o.fl.). Jakob Benediktsson (1958) lætur þess getið í formála sínum að ljósprentaðri útgáfu á AM 122a fol. að ónákvæmni og ósamkvæmni gæti hjá 1. hendi en 3. og 4. hönd séu á hinn böginn hendur æfðra skrifara. Kálund getur ekki um neinn rugling á gömlu -r og -ur hjá 3. og 4. hendi. Um 2. hönd, sjá 3.2.1.3.

## 3.2.1.3

AM 122a fol. (Króksfjarðarbók)

("2. hönd")

Aldur: c1350-1370. Mállýsing: Kálund  
1906-1911 og Jakob Benediktsson 1956.

Kálund getur engra dæma um stoðhljóð hjá Z. hendi en segir -r fyrir -ur koma þrisvar fyrir: stödr (7; Kálund visar á bls. 325:27 en þar er orðið ekki að finna), modur-broðr (þf.), fodur-broðr (ef.) (1906-1911:XIX).

Kálund getur þess lika að r-endingu vanti á nokkur orð (Purið (Z dæmi), Eviolf, Lopt, avst, band, Haf) "men muligvis hænger dette sammen med, at ikke sjeldan sidste bogstav er glemt" (1906-1911:XIX).

## 3.2.1.4

AM 66 fol. (Hulda)

Aldur: c1350-1375. Mállýsing: Louis-Jensen 1968.

Jonna Louis-Jensen (1968:13) segir Huldu ritaða í Eyjafirði, mjög líklega í Munkaþverárklæustri. Um stoðhljóðið segir útgefandi: "In H the svarabhakti vowel is a very rare phenomenon, only fagvrt 55ri4, Vlfnað|vrs 71v1, sigvrs 77r21, 91r22 and fagvrliga 39v27, 80v22 have been recorded" (1968:11).

## 3.2.1.5

AM 238 XXV. fol. (2½ blað)

Aldur: c1350-1375. Mállýsing: Louis-Jensen 1968.

Jonna Louis-Jensen segir brot þetta vera mjög áþekkt AM 66 fol. (Huldu) (1968:10-11). Stoðhljóð kemur einu sinni fyrir í þessu broti: eikvr (ft.) 3r22 (1968:11).

## 3.2.1.6

AM 325 VI, 4to

Aldur: c1350-1400. Mállýsing: Konráð Gíslason 1889:95.

AM 325 VI, 4to eru 43 blöð, tvidálka (skv. Katalog over den Arnamagnæanske handskriftsamling). Handrit sem Konráð Gíslason (1889:95) kallar "325 (6)" og sé 170 dálkar hefur að sögn hans að geyma "omtrent" 5 dæmi um stoðhljóð: hvgbeckvr, lIkaztur, Hroðuff, bæn&urnir, vI&kuñ|ur. En óhætt er að bæta hér við einu dæmi sem Konráð gefur um ur-bandið (≈) yfir linu (og hann segir oft notað "i steden ~~för~~"": flif'hing (=silfurhringur), (enda er band þetta notað í orðum eins og kon" (=konur) eftir því sem Konráð segir (1889:95)).

Um öfuga rithætti nefnir Konráð 9 dæmi og segist ekki hafa fundið fleiri: ræbr, ockr, yðr (2), (nauckr|ru), vckr, Egðr, Sigrð2, fyrtr (1889:95).

## 3.2.1.7

Sth. Perg. nr. 18, 4to, bl. 9

Aldur: c1350-1400. Mállýsing: Kálund 1904.

Kálund (1904:XXIV) greinir frá þremur dæmum um stoðhljóð hjá þessari hendi (öll dæmi bundin): flaturin, fattur, helldur.

## 3.2.1.8

Sth. Perg. nr. 18, 4to, bl. 10-12r

Aldur: c1350-1400. Mállýsing: Kálund 1904.

Kálund getur ekki um stoðhljóð hjá þessum skrifara en getur, sem dæma um "Yngre sprogform" (1904:XXVI), öfugu ritháttanna fyrtr fon og foðrleifð.

## 3.2.1.9

Frumbréf, ritað í Þingeyjarsýslu

Aldur: 1357.

Þrjú dæmi um öfugan rithátt: koorsbrodr (þgf.),  
brodr (þgf.), okkr (insighli) (I.O., nr. 29:20, 21, 26).

## 3.2.1.10

Frumbréf, ritað í Eyjafjarðarsýslu

Aldur: 1358.

Eitt dæmi um öfugan rithátt: okkr (Jnnsigli)  
(I.O., nr. 30:10).

## 3.2.1.11

Frumbréf, ritað í Skagafjarðarsýslu

Aldur: 1360.

Eitt dæmi um öfugan rithátt: okr (innsighle)  
(I.O., nr. 32:11).

## 3.2.1.12

AM 351 fol. (Skálholtsbók eldri)

Aldur: c1360-1400.

Mállýsing:

Westergård-Nielsen 1971.

i formála sinum að ljósprentaðri Útgáfu getur Chr. Westergård-Nielsen priggja dæma um stöðhljóð (öll i ft. dættur) og fjögurra um öfugan rithátt. Orðrétt segir hann (1971:46): "The manuscript does not appear to contain any definite examples of a svarabhakti vowel. The following forms are, however, found: ... tō/kr ... sy/tr [on ... yð2 bok ... logbok yð2 ... On the other hand we find a form such as nom. pl. dættur (written with superscript '2') 18vb 7, 19ra 21, 26".

Utgefandi lætur þá skoðun í ljósi (1971:48-49) að e.t.v. megi skýra efn. yðr með "contamination" við pfn. yðr (aukaf.). En dættur (nf.ft.) og töfkr (nf.ft.) bendi til þess að stoðhljóð sé orðið til í framburðinum og hafi i för með sér óstöðugleika í stafsetningunni.

**3.2.1.13                  Frumbréf, ritað í Skagafjarðarsýslu**

Aldur: 1365.

Tvö dæmi um öfugan rithátt: módr (þf.), módr (efn.) (I.O., nr. 36:3, 6).

**3.2.1.14                  Frumbréf, ritað í Skagafjarðarsýslu**

Aldur: 1365.

Eitt dæmi um öfugan rithátt: ockr (innsigile) (I.O., nr. 37:7).

**3.2.1.15                  AM 219 fol.**

Aldur: c1370-1380. Mállýsing: Stefnán Karlsson 1967.

Stefnán Karlsson (1967:16) greinir frá því að gömlu -r og -ur sé haldið aðgreindum með tveimur undantekningum: a) hér er eitt dæmi um stoðhljóð: fagurt í lok (3.) línu á 11ra; b) hér er eitt dæmi um öfugan rithátt: yðr (efn.) á 13ra.

**3.2.1.16                  Frumbréf, ritað í Húnavatnssýslu**

Aldur: 1373.

Eitt dæmi um stoðhljóð: læingur (I.O., nr. 44:8).

3.2.1.17

AM 122b fol. (Reykjarfjarðarbók)

("1. hönd")

Aldur: c1375-1400. Mállýsing: Kálund  
1906-1911.

Útgefandi getur um öfuga rithætti í þremur orðum: "Gentagne gange skrives -r for -ur i systr og brodr (bl. 9ra-b, 14ra, 20rb), endv. i uikr bl. 7rb" (1906-1911:XL).

3.2.1.18

Sth. Perg. nr. 16, 4to (Helgastaðabók)

Aldur: c1375-1400. Mállýsing: Stefán Karlsson 1982.

Helgastaðabók er 64 blöð. Meginhlutí hennar er skv. Skrá ritaður c1375-1400. Stefán Karlsson (1982) leiðir getum að því að fyrra aldursmark sé 1382 og hið síðara 1394 (1982:75). Skrifarár eru tveir, nefndir A og B í formála Stefáns, og hafa unnið samtimis að gerð bókarinnar (1982:52).

A ritar eða bindur stoðhljóð í um 3,3% dæma á þeim 14 bls. sem Stefán taldi á (1982:59). Stefán getur þess sérstaklega að stoðhljóð virðist táknað "tiltölulega oft þegar annað samhljóð fær á eftir r-inu; 'uiturt' 7r15, 'pipurt' 18v5, 'haturs' 29v7, 'fegurd' 20r31, 29r28-29 og 45r19" (1982:59).

Dæmi um öfugan rithátt hjá A segir Stefán vera "hlutfallslega fleiri en ámóta mörg og dæmi um stoðhljóðið" (1982:59).

Hjá B er stoðhljóð mun algengara en hjá A (1982:59, 77) : "B skrifar jöfnum höndum -'r' og -'ur' (bundið) fyrir eldra -r, en hefur ekki dæmi um öfugan rithátt" (1982:59).

Stefán tilgreinir ekki í formálanum dæmi úr B og

áðeins þau dæmi úr A sem að ofan greinir. Í 3.2.2 hér á eftir verður þeim sex dæmum þó sleppt til að skekkja ekki heildarmyndina að óþörfu, því Stefán gefur þessi dæmi ekki af handahófi úr safni stoðhljóðsdæma heldur visvitandi um eina tiltækna tegund af hljóðfræðilegu umhverfi, p.e. um /r/ á milli samhljóða. Eins og fram kemur í 3.2.2 hér á eftir er tilhneigingin til að tákna stoðhljóð tiltölulega oft í því umhverfi ekki áðeins sérkenni Helgastaðabókar heldur er hún algeng í handritum á timabilinu c1350-1400.

**3.2.1.19**            Frumbréf, ritað i Húnavatnssýslu  
Aldur: 1380.

Eitt dæmi um stoðhljóð: grimur (mannsnafn) (I.O., nr. 57:2) og þrijú dæmi um öfugan rithátt: tungr, dottr (þgf.), fiosr (I.O., nr. 57:7, 11, 13).

**3.2.1.20**            Frumbréf, ritað i Skagafjardarsýslu  
Aldur: 1383.

Tvö dæmi um stoðhljóð: klaustursins, klaustursins (I.O., nr. 63:7, 10).

**3.2.1.21**            Frumbréf, ritað i Borgarfjardarsýslu  
Aldur: 1385.

Þrijú dæmi um stoðhljóð: gefur, brimur, olafur (I.O., nr. 64:2, 4, 7) og eitt um öfugan rithátt: sunnr (I.O., nr. 64:3).

- 3.2.1.22**      Frumbréf, ritað í Eyjafjarðarsýslu  
Aldur: 1385.

þrjú dæmi um stoðhljóð: klaustursins, klausturs,  
klaustursins (I.O., nr. 66:15, 22, 27).

- 3.2.1.23**      Frumbréf, ritað í Skagafjarðarsýslu  
Aldur: 1386.

Eitt dæmi um öfugan rithátt: fodr (ef.) (I.O.,  
\* nr. 71:3).

- 3.2.1.24**      Frumbréf, e.t.v. ritað í  
Borgarfjarðarsýslu  
Aldur: 1387.

Eitt dæmi um öfugan rithátt: fioghr (I.O., nr.  
75:5).

- 3.2.1.25**      Gks 1005 fol. (Flateyjarbók) (hönd Jóns  
Pórðarsonar)  
Aldur: 1387-1395. Mállýsing: Guðbrandur  
Vigfússon og C.R. Unger 1860-1868 og Jón  
Porkelsson 1863.

Meginhluti Flateyjarbókar, sá sem talinn er  
ritaður um 1387-1395, er með höndum tveggja skrifara,  
Jóns Pórðarsonar og Magnúsar Þórhallssonar (Guðbrandur  
Vigfússon og C.R. Unger 1860-1868:V-VI). (A s. hl. 15.  
aldar var bókin aukin; frá þeim tímum eru bl. 185r-210r).

I formála útgáfunnar 1860-1868 segir m.a. um rithendurnar: "Jons Haand er mere islandsk, Magnus's Orthographie mere norsk" (1860-1868:XX) og "Jon antyder den islandske Udtale ved undertiden at skrive silfur, brædur o. lign. = silfr, brædr" (1860-1868:XXIII).

Jón Porkelsson (1863) tekur "nokkur dæmi úr fyrsta bindi Flateyjarbókar (Christiania 1860)" (1863:30) um stoðhljóð annars vegar og öfuga rithætti hins vegar. Dæmin sem Jón tekur úr I. bindi Flateyjarbókarútgáfu Guðbrands og Ungers ná frá bls. 35:8 að bls. 541:34 í útgáfunni. Þau eru því öll komin frá Jóni Pórðarsyni (sbr. Guðbrand Vigfússon og C.R. Unger 1860-1868:VI, nmgr.).

Dæmin sem Jón Porkelsson tímir til (1863:30) um stoðhljóð í útgáfunni eru þessi: myrkurs, silfurs (3 dæmi), fagurt (6 dæmi), fagurkinn, sigursælt, ykkur, storradur, læidangursmonnum, geingur. Að viðbættum dæmunum tveimur úr formála útgáfunnar (silfur, brædur) höfum við þá alls vitneskju um 18 dæmi um stoðhljóð hjá Jóni Pórðarsyni í Flateyjarbók.

Jón Porkelsson (1863:30) gefur að auki 24 dæmi (í 23 orðum) um öfuga rithætti sem hann finnur í Flateyjarbókarútgáfu Guðbrands og Ungers, I. bindi: sor, søgr, brodr (þgf.) (2 dæmi), brodr (ef.), födrfödr (þgf. (skv. hdr. er réttara: födr födr)), fodrs (ef.) (2 dæmi í útgáfunni og í hdr. en ekki bara eitt eins og Jón gefur upp), modr (þf.), födr (þf.) (4 dæmi), födr (þgf.) (2 dæmi), födr (ef.) (3 dæmi en ekki fjögur eins og Jón segir), fodr (ef.), ydr (3 dæmi), okkr. Sem sjá má er bróðurparturinn frændsemisorð en efn. og kvk.ft. af veikum no. eiga sína fulltrúa.

Nauðsynlegt þótti að bera dæmin sem Jón Porkelsson gefur úr útgáfu Guðbrands og Ungers saman við ljósprentuðu útgáfuna (1930) (vegna þeirrar reynslu af traustleika útgáfu þeirra á blöðum 188r-210r í Flateyjarbók sem sagt er frá í 3.3.0, nmgr.). Við þá

eftirgrennslan kom í ljós að í útgáfunni er farið rétt með ailt sem hér skiptir málí.<sup>1</sup>

Af dæmunum sextán sem ég hef frá Jóni Porkelssyni um táknað stoðhljóð í Flateyjarbók eru tju með <ur> ritað fullum stöfum en sex með bandi: fimm dæmi um orðið fagurt með bandinu<sup>2</sup> ofan linu en eitt um orðið fagurkinn með bandinu<sup>3</sup> ofan linu.

### 3.2.1.26

Frumbréf, ritað í Húnavatnssýslu

Aldur: 1388.

Eitt dæmi um öfugan rithátt: fodr (ef.) (I.O., nr. 76:9).

### 3.2.1.27

Frumbréf, ritað í Húnavatnssýslu

Aldur: 1388.

Eitt dæmi um stoðhljóð: aftur (Stefán Karlsson hefur gert þá athugasemd á vinnuseðil sinn að ur-bandið sé óvenjulegt) (I.O., nr. 77:5) og eitt dæmi um öfugan rithátt: fiogr (I.O., nr. 77:3).

### 3.2.1.28

Frumbréf, ritað í Eyjafjarðarsýslu

Aldur: 1388.

Þrjú dæmi um stoðhljóð: nefndur, uidur (no.), medur (I.O., nr. 79:2, 11, 14).

<sup>1</sup> Við eitt orðið, sílfurs (443:29), er gerð sú athugasemd i útgáfunni að það sé ritað sílfurs í hdr.; því er ég ósammála: í hdr. standur sílfurs. Penneglöpin förndr í hdr. hafa verið leiðrétt i útgáfunni án athugasemda í födr (274:8).

3.2.1.29            Frumbréf, ritað í Húnavatnssýslu

Aldur: 1391.

Eitt dæmi um stoðhljóð: præstur (I.O., nr. 84:1).

3.2.1.30            Frumbréf, ritað í Borgarfjarðarsýslu

Aldur: 1392.

Fimm dæmi um stoðhljóð: sp'r'angadur, peturs,  
tveimur, gle[r]glusgur, sængur (I.O., nr. 871:5, 6, 10,  
13, 20) og fimm um öfugan rithátt: aunnr, kertist]ikr,  
klukkr, biollr, kerstistikr (svo) (I.O., nr. 871:4, 7,  
8, 9, 10).

3.2.1.31            Frumbréf, ritað í Skagafjarðarsýslu

Aldur: 1392.

Ellefur dæmi um stoðhljóð: stæingrimur, baardur,  
nefndur, sialfur, næfndur, saghdur, adur, sighridur,  
maalfridur, adur, dalur (I.O., nr. 88:1, 2, 6, 9, 10,  
10, 12, 13, 13, 15, 15). (Ath. að olafur (nr. 88:10, 10)  
er ekki talið með þar eð fu á eftir sérhljóði getur hér  
táknað f).

3.2.1.32            Frumbréf, e.t.v. ritað í

Borgarfjarðarsýslu

Aldur: c1392 eða síðar.

Eitt dæmi um stoðhljóð: lækvr (I.O., nr.  
87111:7).

- 3.2.1.33**      Frumbréf, ritað í Borgarfjarðarsýslu  
Aldur: 1394.

Sextán dæmi um stoðhljóð: olafur, dukur, peturs,  
beingur, fontur, peturs, lastur, glergluggur,  
baxtur | iarn, vondur, hlutur, fanytur, vetur go [mul],  
hrutur, ji vetur, vetur gamler (1.0., nr. 8711:1r1, 6,  
7, 10, 11, 12, 15, 15, 15-16; 1v3, 3, 4, 7, 8, 8, 8) og  
fjögur dæmi um öfugan rithátt: kertistíkr, klokkr,  
biöllr, kertistíkr (1.0., nr. 8711:1r8, 9, 10, 12).

- 3.2.1.34**      Frumbréf, ritað í Húnavatnssýslu  
Aldur: 1395.

Þrjú dæmi um stoðhljóð: fiordungur, peturs,  
peturs (1.0., nr. 961:18, 25, 26).

- 3.2.1.35**      Frumbréf, ritað í Skagafjarðarsýslu  
Aldur: 1396.

Tvö dæmi um stoðhljóð: Peturs, pottur (1.0., nr.  
101:3, 23).

- 3.2.1.36**      Frumbréf, ritað í Húnavatnssýslu  
Aldur: 1396-1397.

Tvö dæmi um stoðhljóð: dalkur (mannsnafn),  
æyiulfur (1.0., nr. 102:1, 2).

- 3.2.1.37**      Frumbréf, ritað í Gullibringusýslu  
Aldur: 1397.

Eitt dæmi um stoðhljóð: teitur (1.0., nr.  
103:2).

3.2.1.38

Frumbréf, ritað i Mýrasýslu

Aldur: 1398

Eitt dæmi um stoðhljóð: aptur (I.O., nr. 108:21).

3.2.1.39

Frumbréf, e.t.v. ritað i

Borgarfjarðarsýslu

Aldur: 1399.

Eitt dæmi um stoðhljóð: skyldugur (I.O., nr. 111:10) og eitt dæmi um öfugan rithátt: sidr (ft.) (I.O., nr. 111:14).

3.2.1.40

Frumbréf, ritað i Eyjafjardarsýslu

Aldur: 1400.

Tvö dæmi um stoðhljóð: peturs son, Resktur (svo; = rekstur) (I.O., nr. 112:2, 12).

### 3.2.2 Yfirlit yfir dæmi um stoðhljóð

Hér koma 104 dæmi (103 orð) um ritað stoðhljóð í heimildum frá c1350-1400. Hafður er sami hættur á og í 3.1.3. Upplýsingar um heimildirnar er að finna í kafla 3.2.1. (Auk eftirtalinnar dæma er kunnugt um sex dæmi úr Helgastaðabók en þau eru skilin út undan hér af ástæðum sem raktar eru í 3.2.1.18).

Aldur heimilda Dæmi

c1350	leiðangurs
"	leiðangurs
c1350-1370	all-fagort

"	svndor-bycci
"	fedor (ef.)
c1350-1375	fagur t
"	Vlfnað   vrs
"	sigvrs
"	sigvrs
"	fagvrn liga
"	fagvrn liga
c1350-1375	eikvr
c1350-1400	hvæbeckyr
"	likaztun
"	Hroðu
"	bænþurn i r
"	víðkuñ   ur
"	flífur hr ï ngur
c1350-1400	flaturin
"	fattur
"	helldur
c1360-1400	dattur (ft.)
"	dattur (ft.)
"	dattur (ft.)
c1370-1380	fagur t
1373	laingur
1380	grimur
1383	klaustursins
"	klaustursins ,
1385	gefur
"	þrimur
"	olafur
1385	klaustursins
"	klausturs
"	klaustursins
c1387-1395	silfur
"	bradur
"	myrkur

"	silfurs
"	silfurs
"	silfurs
"	fagurt
"	fagurkinn
"	sigursallt
"	ykkur
8	storraddir
"	laidangursmonnum
"	geingur
1388	aftur
1388	nefndur
"	uidur
"	medur
1391	þrestur
1392	sp'riðagdur
"	petur
"	tveimur
"	gle[ð] gluggur
"	sangur
1392	steinger i mur
"	baardur
"	nefndur
"	sialfur
"	næfndur
"	saghdur
"	adur
"	sighridur
"	maalifn i dur
"	adur

"	dalur
c1392 eða síðar	lækur
1394	olafur
"	dukur
"	peturs
"	beingur
"	fontur
"	peturs
"	laetur
"	glergluggur
"	baxtur   iarn
"	vondur
"	hiutur
"	tanytur
"	vetur go [mul]
"	hrutur
"	ij veturn
"	vetur gamler
1395	fiordungur
"	peturs
"	peturs
1396	Peturs
"	pottur
1396-1397	dalkur
"	ayiulfur
1397	teitur
1398	aptur
1399	skyllidughur
1400	peturs
"	Resktur

Alls eru þetta 104 dæmi í 103 orðum um ritarð stoðhljóð í 28 heimildum frá c1350-1400. Eins og í kafla 3.1.3 skal nú skoðuð skipting stoðhljóðsdæmanna frá þessu timabili eftir þremur tegundum af hljóðfræðilegu

umhverfi. Vært er að itreka (sbr. 3.1.3) muninn á eftirfarandi töflu og Töflum XXIa og XXIb í 3.3.2 er sýna hvernig öll dæmi um gamalt /-r/ eru táknuð í tilteknu textaúrtaki. Hér er aðeins verið að ræða um þau dæmi um gamalt /-r/ sem hafa táknað stoðhljóð. Þessi dæmi, þar sem stoðhljóðið kemur frá i rithættinum, eru c1350-1400 enn í tölverðum minnihluta gagnvart gömlu stafsetningunni, a.m.k. ef marka má vitnisburð frumbréfa, sem ræddur verður hér á eftir.

$\emptyset \rightarrow u / C \_ r \#$  24 (28,077%)  
+sp.rgl.

$\emptyset \rightarrow u / C \_ r C$  42 (40,385%)

$\emptyset \rightarrow u / C \_ r \#$  38 (36,538%)  
-sp.rgl.

104 (100%)

### Tafla III. Skipting 104 dæma um stoðhljóð c1350-1400

i kafla 3.1.3 var sýnd tafla (Tafla II) sem sýnir tiðni umræddra þriggja tegunda hljóðfræðilegs umhverfis, án tillits til ritháttar (gögn unnin úr bútum úr 8 sögutextum frá um 1300 til öndverðrar 16. aldar). Meðaltalstölur hlutfallstælnanna þar skulu hér rifjaðar uppi:

C    r #      23,86%  
+sp,rgl.

C    r C      3,69%  
C    r #      72,45%  
-sp,rgl.

100%

**Tafla IV. Tiðni þriggja tegunda af hljóðfræðilegu umhverfi (eldra) /-r/, án tillits til ritháttar (sjá Töflu II).**

Stoðhljóð sem skotid er inn á undan /-r/ á milli samhljóða, 40,385% dæmanna um stoðhljóð c1350-1400, er á því timabili h.u.b. 11 sinnum algengara en við væri að búast miðað við almenna tiðni þessa umhverfis í 8 textabútum frá 14. - 16. öld (3,69%).

Stoðhljóð á eftir e, t, k og á undan l i enda orðs (þ.m.t. á undan viðskeyttum greini í einu dæmi: taturin), 23,077% dæmanna, er nálægt tiðni þessa umhverfis almennt (23,86% í textabútunum átta), þ.e.a.s. þetta umhverfi kemst mjög nálægt því að halda sinni "eðlilegu" hlutdeild í dæmafjöldanum.

Stoðhljóð á eftir öðrum samhljóðum en e, t, k og á undan l i enda orðs, 36,538% dæmanna, er næstum helmingi fátiðara en ætla mætti af almennri tiðni þessa umhverfis (um 72,45%).

Af þessum niðurstöðum er augljóst að í heimildunum frá c1350-1400 er skrifurum gjarnast að rita stoðhljóð a) á undan /r/ sem stendur á milli samhljóða; b) ef á undan /r/ i bakstöðu fer e, t eða k fremur en ef önnur samhljóð fara á undan því.

Sem fyrr segir er þarna greinilegur munur á,

hvort það er e., t eða k sem fer á undan t eða eitthvert annað samhljóð. Klasarnir þar sem /r/ er á milli samhljóða hafa þó vinninginn hvað snertir dæmafjöldi eins og Tafla III sýnir. Henni til viðbótar má minna á lýsingu Stefáns Karlssonar (1982) á Helgastaðabók (sjá 3.2.1.18) þar sem annar skrifariinn táknað stoðhljóð að sögn Stefáns "tiltölulega oft" í slikum klösum (en dæmunum um þá var sleppt i yfirlitinu hér að framan). Og ef litið er á timabilið c1275-1400 í heild verða yfirburðirnir enn meiri: umhverfið -CrC er á ferdinni í samtals um 47,5% allra dæma um stoðhljóð sem rakin hafa verið í köflum 3.1 og 3.2, p.e. frá fimm fyrstu aldarfjórðungunum sem stoðhljóð koma fyrir í textum.

En hversu almennt er það, á heildina litið, að textar fram til 1400 beri merki um stoðhljóð í rithættinum, p.e. hafi táknað stoðhljóð eða ӯfuga rithætti? Til að reyna að giöggva sig á því skal nú litið sem snöggvast á frumbréfin islensku frá 1295-1400, en langsamlega flest þeirra eru frá seinni hluta 14. aldarinnar. Þegar þau eru skoðuð kemur í ljós að merki um stoðhljóð í rithættinum eru afar fá og stopul fram á síðasta fjórðung 14. aldar en þótt dænum fari ört fjölgandi á því skeiði eru þau bréf enn í miklu meiri hluta sem að fullu halda sig við eldri stafsetninguna.

Af 112 fyrstu bréfunum, frá 1295-1400, hafa 20 dæmi um stoðhljóð (17,9%), 17 bréf hafa dæmi um ӯfuga rithætti (15,2%). 6 bréf hafa bæði dæmi um stoðhljóð og um ӯfuga rithætti (5,4%). Frávika frá hinni gömlu réttritun gætir m.ö.o. í samtals 31 bréfi af þeim 112 sem hér um ræðir (27,7%). (Öll dæmin um þessi frávik eru talin með í köflum 3.1.2, 3.1.3, 3.2.1 og dálkunum hér í 3.2.2).

Stoðhljóðið er ritað einu sinni í bréfi frá 1295-1313, klaustursins (1.0., nr. 3:ii), sem liklega er ritað í Skagafjardarsyslu. Næsta dæmi um stoðhljóð kemur

ekki fyrr en i bréfi frá 1373, læingur (nr. 44:8), sem er úr Húnavatnssýslu. (Ath. að bréf nr. 23 dagsett árið 1351 er falsbréf frá s.hl. 15. aldar; og bréf nr. 51, dagsett "1377-1544", er talið óliklegt að sé ritad fyrir miðja 15. öld (I.O., bls. 60)). Priðja dæmið um ritad stoðhljóð er í húnvetnsku bréfi frá 1380, krimur (mannsnafn, nr. 57:2). Eftir það fer bréfum með dæmum um stoðhljóð mjög örт fjölgandi, þ.e. 17 bréf til viðbótar frá árunum 1383-1400; það helst reyndar að nokkru i hendur við þá staðreynd að tiltækum bréfum fer fjölgandi eftir því sem á Öldina liður. Bréf með öldri stafsetninguna eru þó enn í miklum meirihluta á þossum tíma. Og af bréfunum 20 frá 1295-1400 sem hafa dæmi um stoðhljóð hefur mikill meirihluti, eða 17 bréf, aðeins 1-3 dæmi. Hin þrjú (frá árunum 1392 og 1394) hafa 5-16 dæmi.

Öfugir rithættir eru nokkrir frá 1311 og síram. Dæmin eru þó afskaplega stopul og fá, einkum fyrstu áratugina, og að auki mjög keimlik. Fram til 1380 koma öfugir rithættir fyrir í 9 frumbréfum (sjá 3.2.1) og rúmur helmingur dæmanna frá því timabili er um sambandið "okkur innsigli". Hitt eru flest frændsemisorð; fyrst 1380 skýtur no. i kvk. ft. upp kólli (tungar, I.O., nr. 57:7).

Ef litið er á visbendingar í frumbréfum um þróun stoðhljóðsins á 14. öld má því segja að þess verði mjög litið vart fyrr en á síðasta fjórðungi aldarinnar; þá er þó enn algengast að halda hinni fornufélagi réttritun.

Vert er að hafa í huga að frumbréfin sem til eru og birtust í útgáfu Stefáns Karlssonar (1963) eru langflest frá Norðurlandi. En tvö þeirra bréfa sem hafa einna flest dæmi um stoðhljóð eru rituð í Borgarfjardarsýslu 1392 og 1394. Það gæti bent til þess að þær hefði stoðhljóð verið fyrr á ferðinni en á Norðurlandi (sbr. Stefán Karlsson 1960:110; sjá vinnig Stefán Karlsson 1964:26 og 1982:59).

### 3.3 Timabilið 1402-1525

#### 3.3.0 Inngangsord

Hér verða skoðaðar 16 heimildir sem spanna alla fimmtíðinu óldina og byrjun hinnar sextíðinu. Þegar hér er komið sögu er orðið það algengt að rita stoðhljóðið, ýmist fullum stöfum eða táknað i ur- bandi, að ákveðið var að taka til athugunar texta eða textabúta "i heilu lagi", p.e. telja saman öll dæmi um ritháttinn á eldra /-r/ og /-ur/ sem í Úrtakinu lenda. Þetta er sem sagt önnur aðferð en sú sem notuð er í köflum 3.1 og 3.2 því i þeim eru birt yfirlit yfir þau dæmi um rituð stoðhljóð sem kunnugt er um frá c1275-1400 (og þau sundurliðuð litillega) en ekki eru talin þau dæmi þar sem ekki kemur fram stoðhljóð i stafsetningunni.

Meginmarkmið þessa kafla er að skoða hvenær stoðhljóð er ritað og hvenær ekki hjá nokkrum þeirra skrifara sem hættir til að "rugla saman" gömlu og nýju stafsetningunni.

Dæmi um eldra /-r/ verða sundurliðuð eftir þremur tegundum hljóðfræðilegs umhverfis. Þá verður getið allra dæma um öfuga rithætti, og allra dæma um orð þar sem eldra /-r/ fer á undan viðskeyttum græni sem hefst á sérhljóði.

Hér verða athuguð 10 frumbréf frá 1402-1448 (233 dæmi) og bútar úr 6 sögutextum frá c1450-1525 (1533 dæmi); samtals 1566 dæmi.

Tilvilkjun réð miklu um hvaða frumbréf voru valin (úr Útgáfu Stefáns Karlssonar 1963) nema hvað þriggja atriða var gætt: a) reynt var að láta þau spanna fyrra hluta 15. aldar þannig að dæmafjöldinn sem upp úr krafsinu hefðist dreifðist nokkuð jafnt á það timabili; b) séð var til þess að ekki veldust eingöngu norðlensk

bréf; c) þeim bréfum var visvitandi hafnað þar sem aðeins annar rithátturinn var notaður (hvort sem það gæti annars stafað af tilviljun eða staðfastri stafsetningu bréfritara). Í öllum bréfunum sem valin voru hafa skrifarár sitt á hvað táknað stoðhljóðið eða látið það ógert.


Segja má að bréfin 10 myndi sex "aldurshópa": nr. 123 frá 1402, nr. 136 frá 1409, nr. 155 frá 1417, nr. 211-212 frá 1429, nr. 267-270 frá 1439 og nr. 319 frá 1448.

Sögutextarnir voru valdir af handahófi úr aðgengilegum útgáfum. Kaflar úr textabútunum í útgáfunum voru bornir saman við myndir af handritunum með þeirri undantekningu að ekki voru til myndir af AM 152 fol. í Stofnun Arna Magnússonar og ekki ljósprentuð útgáfa. Bútarnir úr AM 81a fol. og AM 589c 4to voru bornir saman við ljósprentaðar útgáfur; búturinn úr Sth. Perg. fol. nr. 7 saman við ljósmyndir sem varðveittar eru á Landsbókasafni og bútarnir úr AM 180b fol. og AM 343a 4to saman við ljósrit af ljósmyndum sem til eru í Stofnun Arna Magnússonar<sup>1</sup>.

Ég valdi þann kost að gefa mér að tákna megi skil milli /-r/ og viðskeytts greinis, sem hefst á sérljóði, með skilunum "#", þ.e. að skilin séu sömu gerðar og orðaskil; með þeim hætti nær stoðhljóðsreglan óbreytt yfir dæmi af gerðinni kóngurinn, akurinn, eins

<sup>1</sup> Í ráði var að nota einnig sem heimild textann GkS 1005 fol., blöð 189r-210r (yngri viðbót í Flateyjarbók, frá c1450-1500) í útgáfu Guðbrandss og Úngers frá 1860-1868, en samanburður við ljósprentaða útgáfu Flateyjarbókar leiddi í ljós að í hluta af fyrirhuguðum textabút leyndust óhóflega margar villur, (í dálki 802 í hdr. (bls. 356-358 í útg.) voru þrijú dæmi (af rúmlega 80) um að rangt væri lesið, auk þess sem tákni það sem í útgáfunni er sýnt sem (skáletrað) m̄ reyndist við eftirgreinslan vera un-bond - <sup>2</sup> eða <sup>o</sup> ofan linu).

og hún er vanalega sett fram, þ.e. endar á



Petta er fyrst og fremst gert til samræmis í ritgerðinni; e.t.v. er hér réttara að gera ráð fyrir skilum sem eru veikari en orðaskil (sbr. Friðrik Magnússon um nútímmálið, 1986:36-37) en þau burfa sýnilega að vera öðruvísí en morfemaskil, sbr. dæmi eins og akrti o.s.frv. þar sem ekki kemur fram stoðhljóð. Hjá mér gætir þó að því leyti ósamræmis í þessu efni að þegar viðskeyttur greinir hefst á ~~samhljóði~~, t.d. fæturnir o.s.frv., voru slík dæmi talin með dænum um  $/-r/$  á undan C (en ættu strangt tekið að tilheyra dænum um  $/-r/$  á undan #, ekkert síður en kóngurinn, akurinn).

Samkvæmt framansögðu eru því dæmi um eldra  $/-r/$  á undan viðskeyttum greini sem hefst á sérhliði talin með dæmunum um  $/-r/$  í bakstöðu í því sem hér fer á eftir. Hins vegar lék mér hugur á að skoða hvort táknum stoðhljóðs sé með öðrum hætti í slikum orðum en i orðum án greinis og þess vegna er þessara orða getið i kóflum 3.3.1.1 - 3.3.1.16, þar sem þau á annað borð finnast, og í 3.3.2 er gerð grein fyrir þeim samtíningi um timabilið 1402-1525. Þess má geta hér að fyrir 1400 er mér aðeins kunnugt um eitt dæmi um ritað stoðhljóð á undan  $/-r/$  þegar greinir sem hefst á sérhliði fer á eftir: lk.ft. flaturin (c1350-1400, sjá 3.2.1.7). (Um hlutfallið tyrir 1400 gagnvart dænum af þessari gerð þar sem stoðhljóð er ekki táknað er mér ekki kunnugt). Eftir 1400 fann ég ekkert dæmi um ritað stoðhljóð í slikum dænum fyrir en c1450-1475 (sjá 3.3.1.12 hér á eftir).

Þær niðurstöður sem raktar eru í kafla 3.3.1 hér á eftir verða dregnar saman í kafla 3.3.2.

### 3.3.1 Merki um stoðhljóð i stafsetningu

#### 3.3.1.1 Frumbréf, ritað í Húnavatnssýslu.

Aldur: 1402. I.O., nr. 123.

Niðurstæða (23 dæmi alls):

.	Samtals dæmi	C    __ r#	C    __ r C	C    __ r#	
.	um (eldra)	+sp.rgl.		-sp.rgl.	
.	/-r/				
<r>	8	0	0	8	
* <ur>	10	0	1	9	
	18	0	1	17	

Samtals dæmi um (eldra) /-ur/:

<r> 0

<ur> 5

5

#### Tafla V.

Eins og fram kemur í töflunni var ekkert dæmi um öfugan rithátt í bréfinu. Ekki var heldur dæmi um stoðhljóð á undan viðskeyttum greini.

## 3.3.1.2

Frumbréf, ritað i Gullbringusýslu.

Aldur: 1409. I.O., nr. 136.

Niðurstaða (54 dæmi alls):

Samtals dæmi      C    — r#      C    — r    C    — r#  
 um (eldra)      +sp,rgl.                                        -sp,rgl.  
 /-r/

<r>	48 (89,9%)	2	1	45
<ur>	6 (11,1%)	0	3	3
*	54 (100%)	2	4	48

Samtals dæmi um (eldra) /-ur/:

<r>	0
<ur>	0
*	0

## Tafla VI.

Sem sjá má er <ur> aðeins ritað í u.p.b. 9. hvert sinn (11,1%) en helmingur þeirra dæma er um <ur> á milli samhljóða; raunar alltaf í sama orðinu: peturs. Tvö dæmi eru um viðskeyttan greini: konungrin bls. 171:8 (skv. nmgr. ritað konungri) og konungrinn 172:13.

## 3.3.1.3

Frumbréf, ritað í Eyjafjarðarsýslu.

Aldur: 1417. 1.0., nr. 155.

Niðurstæða (61 dæmi alls):

Samtals dæmi	C    r#	C    r C	C    r#
um (eldra)	+sp,rgl.		-sp,rgl.
/-r/			

(r)	34 (70,8%)	7 (58,3%)	1 (33,3%)	26 (78,8%)
(ur)	14 (29,2%)	5 (41,7%)	2 (66,7%)	7 (21,2%)
*	48 (100%)	12 (100%)	3 (100%)	33 (100%)

Samtals dæmi um (eldra) /-ur/:

(r)	9 (69,2%)
(ur)	4 (30,8%)
*	13 (100%)

## Tafla VII.

Dæmin um öfugan rithátt eru þessi: modr (ef.) bls. 199:5, faudr (ef.) 200:15, systr (þf.) 200:18, dottr (200:15, 16, 16, 21, 201:22, 23). Frændsemisorð þessi koma ekki fyrir "rétt" rituð; dæmin um ur fyrir eldra /-ur/ eru kvk. no. i ft.

## 3.3.1.4

**Frumbréf**, ritað í Skagafjarðarsýslu.

Aldur: 1429. I.O., nr. 211 (sjá aths. um skrifaránn í 3.3.1.5 hér á eftir).

Niðurstaða (16 dæmi alls):

Samtals dæmi	C _ r#	C _ r C	C _ r#
um (eldra)	+sp,rgl.		-sp,rgl.
	/-r/		

<r>	14 (87,5%)	6 (75%)	0	8 (100%)
<ur>	2 (12,5%)	2 (25%)	0	0 (0%)
	16 (100%)	8 (100%)	0	8 (100%)

Samtals dæmi um (eldra) /-ur/:

<r> 0

<ur> 0

0

### Tafla VIII.

Bæði dæmin um ritað stoðhljóð eru af sama orði: aftur. Ófugir rithættir eru engir og stoðhljóðsorð með viðskeyttum greini ekkert.

## 3.3.1.5

Frumbréf, ritað í Skagafjarðarsýslu.

Aldur: 1429. I.O., nr. 212. (Skrifari hinn sami og í 3.3.1.4: Jón Egilsson.)

Niðurstaða (10 dæmi alls):

Samtals dæmi	C — r#	C — r	C — r#
um (eldra)	+sp,rgl.		-sp,rgl.
	/-r/		

(r)	6	0	1	5
(ur)	1	0	1	0
	7	0	2	5

Samtals dæmi um (eldra) /-ur/:

(r)	0
(ur)	3
	3

### Tafla IX.

Afbökkunin klaustarins (=klaustursins) (bls. 270:6) er ekki talin með hér. Eina dæmið um ritað stoðhljóð er viturlist (270:1). Stefnán Karlsson (1960:111) segir um stafsetningu Jóns Egilssonar að þrátt fyrir mikinn bréfafjölda blandi hann aðeins sárasjaldan saman gömlu -r og -ur ef undan séu skilin tvö orð: viturlist (sbr. þetta bréf) og aftur (sbr. bréfið næst á undan þessu, 3.3.1.4), sem hann riti venjulega með stoðhljóði.

## 3.3.1.6

Frumbréf, ritað í Eyjafjarðarsýslu.Aldur: 1439. I.D., nr. 267.

Niðurstæða (8 dæmi alls):

	Samtals dæmi	C    — r#	C    — r	C    — r#
	um (eldra)	+sp,rgl.		-sp,rgl.
	/-r/			

(r)	5	0	0	5
φ	~			
(ur)	2	0	1	1
	7	0	1	6

Samtals dæmi um (eldra) /-ur/:

(r)      1

(ur)      0

1

## Tafla X.

Öfugur ritháttur er ockr (inzigli) (bis. 333:7).

## 3.3.1.7

Frumbréf, ritað í Árnessýslu (á Alþingi).

Aldur: 1439. I.O., nr. 268.

Niðurstaða (5 dæmi alls):

Samtals dæmi	0	— r#	0	— r	0	— r#
um (eldra)		+sp,rgl.				+sp,rgl.
	/-r/					

(r)	3	0	0	3
(ur)	1	0	1	0
	4	0	1	3

Samtals dæmi um (eldra) /-ur/:

(r)	0
(ur)	1
	1

Tafla XI.

## 3.3.1.8

Frumbréf, ritað í Barðastrandarsýslu.

Aldur: 1439. 1.0., nr. 269.

Niðurstaða (7 dæmi alls):

Samtals dæmi    C    — r#    C    — r    C    — r#  
 um (eldra)    +sp,rgl.                                    -sp,rgl.  
 /-r/

$\langle r \rangle$	2	0	0	2
$\langle ur \rangle$	5	1	0	4
*	7	1	0	6

Samtals dæmi um (eldra) /-ur/:

$\langle r \rangle$	0
$\langle ur \rangle$	0
*	0

Tafla XII.

## 3.3.1.9

Frumbréf, ritað í Húnavatnssýslu.

Aldur: 1439. 1.0., nr. 270.

Niðurstaða (17 dæmi alls):

Samtals dæmi	C    — r#	C    — r	C    — #
um (eldra)	+sp,rgl.		-sp,rgl.
	/-r/		

(r)	8	2	0	6	
(ur)	8	3	0	5	
	16	5	0	11	

Samtals dæmi um (eldra) /-ur/:

(r) 0

(ur) 1

1

Tafla XIII.

3.3.1.10

Frumbréf, ritað í Múlasýslu.

Aldur: 1448. I.O., nr. 319.

Niðurstaða (32 dæmi alls):

Samtals dæmi	C    r#	C    r C	C    r#
um (eldra)	+sp,rgl.		-sp,rgl.
	/-r/		

<r>	23	11	3	9
<ur>	5	0	5	0
*	28	11	8	9

Samtals dæmi um (eldra) /-ur/:

<r>	0
<ur>	4
	4

Tafla XIV.

## 3.3.1.11

AM 81a fol. (Skálholtsbók yngsta)

("hönd 1")

Aldur: c1450. Utgáfa: Det Arnamagnæanske  
Haandskrift 81 a Fol. 1947.

Þetta handrit er 120 blöð, tvidálka, og hefur að geyma u.p.b. 20 rithendur alls (Holm-Olsen 1961). Tvær hendur hafa ritað langmest: hönd 1 blöð 1-64r og hönd 2 blöð 64v-110r (með ákaflega mörgum innskotum með öðrum höndum; fyrir þeiri skiptingu gerir Holm-Olsen (1961) grein). Holm-Olsen (1961) telur að handritið hafi verið notað sem æfingabók við skriftarkennslu, e.t.v. á Munkaþverá, Möðruvöllum eða Hólum (sjá einnig Jónas Kristjánsson 1964:XII). Hönd 1 i AM 81a fol. er að sögn Holm-Olsens mjög áþekk hendi i í Sth. Perg. nr. 7 fol., svo mjög að Holm-Olsen (1961:15) telur að ef ekki sé um sama skrifara að ræða þá um sama skóla (sjá einnig Jónas Kristjánsson 1964:XI-XVI). (Þess má geta (sbr. kafla 3.3.1.14) að "hönd f" í AM 81a fol. virðist vera hin sama og hönd 4 í Sth. Perg. nr. 7 fol., að áliti Jónasar Kristjánssonar (1964:XIII), en sýnishorn það sem hér var tekið úr því handriti (sjá 3.3.1.14) er með fjórðu hendi.)

Hjá hendi 1 í AM 81a fol. er ur ritað fullum stöfum a.m.k. 39 sinnum (Kjær og Holm-Olsen 1910-1966:XLV). Oft er ritað r-rotunda yfir síðasta samhljóði í orði til að tákna ur. Holm-Olsen segir að um það séu dæmi á hverri blaðsiðu. Eldra /-ur/ er einnig stundum bundið, sbr. skwt<sup>2</sup> o.p.h. (Holm-Olsen 1961:10). Í textautgáfunni frá 1947 er ekki notað skáletrað ur til að sýna að leyst sé upp úr bandi heldur aðeins ur. Þegar ekki er notað ur-band skrifar hönd 1 r-rotunda í linu fyrir eldra /-r/, í útgáfunni (1947) er það táknað sem <r>.

eldra r?

Holm-Olsen (1961 og Kjær og Holm-Olsen 1910-1986) getur þess til að bæði r-rotunda í linu og yfir beri að lesa sem ur-bönd (1961:10, 1910-1986:XLVI). Hann leiðir einnig rök að því (1961:10, og miklu nánar í Kjær og Holm-Olsen 1910-1986:XLV-XLVI) að dreifing r-rotunda í linu (= <-r> í Útgáfunni 1947) og r-rotunda yfir síðasta samhljóði í orði (sem þá litur þar eins út og bandið<sup>2</sup>) (= <-ur> í Útgáfunni 1947) fari mest megnis eftir útliti bókstafsins á undan, þannig að bandið sé notað ef pláss er ofan á undanfarandi staf, annars sé notað r-rotunda í linu. Samkvæmt þessu er dreifing <r> og <ur> eins og þau birtast í Útgáfú Kjær og Holm-Olsens frá 1947 "grafisks eðlis" (og samkvæmt því hefði verið réttara hjá útgefendum að umrita öll r-rotunda, hvort sem þau stóðu í linu eða yfir linu, sem <ur>, sjá Kjær og Holm-Olsen 1910-1986:XLVI).

Eftir því sem Holm-Olsen segir er reglan í AM 81a fol. sú að skrifad er r-rotunda í linu á eftir l, og einnig "med stor regelmessighet" á eftir d; r-rotunda yfir linu er skrifad yfir "lave graftyper": e, t, f, g, m, n; á eftir k er ýmist haft r-rotunda yfir linu eða r-rotunda í linu. Loks er venjan að skrifa r-rotunda í linu á eftir g og n sem punktur er yfir (til að tákna lengd) (sjá Kjær og Holm-Olsen 1910-1986:XLV-XLVI).<sup>1</sup>

Textinn með hendi 1, sem kannaður var, eru 10 bls., frá bls. 115 til 124 í Útgáfunni frá 1947 (ca bl. 26-28 í hdr.). Niðurstöður eru þessar (161 dæmi alls):

<sup>1</sup> Stefn Karlsson benti mér á þessa niðurstöðu Holm-Olsens.

	Samtals dəmɪ	C    __ r#	C    __ r C	C    __ r#
um (eldra)	+sp,rgl.			-sp,rgl.
/-r/				
<r>	94 (66,2%)	3 (15,8%)	2 (25%)	89 (77,4%)
<ur>	48 (33,8%)	16 (84,2%)	6 (75%)	26 (22,6%)
	(100%)	(100%)	(100%)	(100%)
	142 (100%)	19 (13,4%)	8 (5,6%)	115 (81%)

Samtals dəni um (eldra) /-urz/:

<P> 5 (26,3%)  
<up> 14 (73,7%)  
19 (100%)

## Tafia XV.

Sem áður sagði heldur Holm-Olsen því fram að r-rotunda í AM 81a fol. sé i raun ur-band þótt það standi í línu (sjá sinkum Kjær og Holm-Olsen 1910-1986:XLVI). Ef sú skoðun er rétt hefur Tafla XV, sem synir skiptingu tæknanna Cr og Cur eins og þau koma fram í útgáfu Kjær og Holm-Olsens frá 1947, enga þyðingu. Af þessum sökum verður gögnum úr AM 81a fol. sleppt alveg í yfirlitinu í 3.3.2 hér á eftir.

Öfugir rithættir eru þessir 5: kongsbrodr (ef.)  
119:15,    kongsbrodr (ef.) 123:1-2, vppaðnir 120:24,  
fiosr 121:31, brodr (þgf.) 124:22.

Nam með viðskýttum greini eru passi 12:

Rodrinn 115:8, 11, KongRinn 117:20, 124:24, Kongrinn 119:16, 23, 124:13, 27, kongrinn 124:8, sigrinn 120:28, sigrin 123:13, mwgrin 121:29.

## 3.3.1.12

AM 343a 4to

Aldur: c1450-1475. Útgáfa: Late Medieval Icelandic Romances (LMIR) II.  
1963.

i þeim kafla i útgáfunni, LMIR II, 1963, sem  
borinn var saman við mynd af hdr. er ur alltaf bundið  
nema einu sinni ritað fullum stöfum: fremstur (7:9). i  
LMIR II er ekki sérstaklega auðkennt að leyst sé upp úr  
bandi. Þegar orð eru skammstöfuð (t.d. orðin maður,  
eður, rikur) leysir útgefandi þau upp með stoðhljóði.

Niðurstaðan um AM 343a 4to (synishorn af bls. 3-  
35 i útgáfu Agneta Loth í LMIR II, 1963 (p.e. ca blöð  
87r-91v i hdr.)) er þessi (278 dæmi alls):

- vel teknar  
tekin med?

	Samtals dæmi	C _ r#	C _ r C	C _ r#
	um (eldra)	+sp, rgl.		-sp, rgl.
	/-r/			
<r>	105 (41%)	5 (8,5%)	1 (12,5%)	99 (52,4%)
<ur>	151 (59%)	54 (91,5%)	7 (87,5%)	90 (47,6%)
	(100%)	(100%)	(100%)	(100%)
	256 (100%)	59 (23%)	8 (3,1%)	189 (73,9%)
Samtals dæmi um (eldra) /-ur/:				
<r>	5 (22,7%)			
<ur>	17 (77,3%)			
	22 (100%)			

#### Tafla XVI.

A eftir lágu stöfunum g., f., n. getur bæði komið <r> og <ur>, einnig á eftir d (mýmög dæmi um hvort tvæggja). Olson, sem ræðir talsvert táknum á eldra /-r/ i AM 343a 4to (1912:XXX, XLIII-XLIV), getur ekki um neins konar "grafiska" reglu.

Ofugu rithættirnir eru þessir: faudr 5:13, 26:5, faugr 7:14, kuinnr 8:3, yckr (uinatta) 25:6.

Dæmi um viðskeyttan greini eru þessi 5: kongrinn 26:12; dryckurinn 12:2-3, hialmurenn 19:5, 19:9, bukurenn 34:15. (Um stoðhljóð á undan viðskeyttum greini í AM 343a 4to, sjá einnig Olson 1912:XLIII).

Pegar Olson (1912:XLIII) taldi rithætti með og

án stoðhljóðs í AM 343a 4to varð niðurstaðan mjög áþekk minni niðurstöðu; af um 258 dæmum um eldra /-r/ var ritað <r> um 110 sinnum (42,6%) en <ur> um 148 sinnum (57,4%) (18 sinnum skrifað fullum stöfum en um 130 sinnum bundið; Olson telur ekki með skammstöfuðu orðin maður, ður).

## 3.3.1.13

AM 589c 4to

Aldur: c1450-1500. Útgáfa: LMIR I, 1962.

Niðurstaða um AM 589c 4to (sýnishorn af bls. 53-62 i útgáfu Agnete Loth i LMIR I (þ.e. ca blöð 1r-3v í hdr.)) er þessi (188 dæmi alls):

	Samtals dæmi	C    __ r#	C    __ r C	C    __ r#
um (eldra)	+sp,rgl.			-sp,rgl.
/-r/				
(r)	157 (80,8%)	32 (84,2%)	4 (50%)	121 (95,3%)
<ur>	16 (9,2%)	6 (15,8%)	4 (50%)	6 (4,7%)
	(100%)	(100%)	(100%)	(100%)
	173 (100%)	38 (22%)	8 (4,6%)	127 (73,4%)
	Samtals dæmi um (eldra) /-ur/:			
(r)	12 (80%)			
<ur>	3 (20%)			
	15 (100%)			

Tafla XVII a.

	$\langle r \rangle$	$\langle ur \rangle$
C — r#	32 (18,9%)	6 (31,6%)
+sp,rgl.		
C — r C	4 (2,4%)	4 (21%)
C — r#	121 (71,6%)	6 (31,6%)
-sp,rgl.		
Eldra /-ur/	12 (7,1%)	3 (15,8%)
	169 (100%)	19 (100%)

### Tafla XVII b.

Eins og töflurnar hér á undan bera med sér eru öfugir rithættir,  $\langle r \rangle$  fyrir eldra /-ur/, meiri hluti dæma um eldra /-ur/: 80%. Það er ekki svo ýkja mikilægra en hlutfall  $\langle r \rangle$  fyrir eldra /-r/ (90,8%). Skrifaranum virðist þannig tamast að rita  $\langle r \rangle$  hver sem uppruni orðsins er. Því er fróðlegt að líta ógn náðar á þau dæmi (19 alls) þar sem hann þó ritar  $\langle ur \rangle$ , sjá einkum Töflu XVII b hér á undan. Eins og taflan sýnir er hlutfall ritháttarins  $\langle ur \rangle$  miklu hærra en hlutfall ritháttarins  $\langle r \rangle$  í orðum með eldra /-r/ á milli samhljóða og i enda orðs á eftir E, t, k.

Sem fyrr segir er langalgengast að rita  $\langle r \rangle$ . Meðal dæma eru samböndin tr, gr, mr og nr. Þ.e.  $\langle r \rangle$  ritaoftan við lága stafi.

Öfugir rithættir eru þessir: brodr 54:22, bystr 55:2, 55:19, 57:22, 58:1, nockr 56:3, nauckr 56:6, nôkr 58:19, dottr 58:20, 60:14, modr 60:6, 62:18.

Dæmi um viðskeyttan greini eru þrijú: kongren

55:4, dukren 56:11, leikren 57:11.<sup>1</sup>

3.3.1.14

Sth. Perg. nr. 7 fol. ("fjórða hönd")

Aldur: c1470. Útgáfa: LMIR I, 1962.

i handritinu Sth. Perg. nr. 7 fol. eru notuð 3  
r-tákn: <r>, <R> og r-rotunda. i útgáfu Jónasar  
Kristjánssonar á Viktors sögu ok Blávus (1964) er enginn  
munur gerður á táknunum en öll prentuð sem <r>. i Útgáfu  
Agnete Loth á Viktors sögu (1962) kemur ~~tákn~~ <R> fram  
og því var sú útgáfa valin til notkunar hér. Þar er þó  
ekki fremur venju gerður greinarmunur á <r> og r-  
rotunda. Við athugun á ljósmyndum sem til eru af Sth.  
Perg. nr. 7 fol. i Landsbókasafni kemur í ljós að r-  
rotunda (i linu) er afar algengt i endingum. Dæmi um  
<r>: talar, sua<r>tur. Dæmi um r-rotunda: aunund2, ed2.  
Tákn það sem sýnt er i útgáfunni sem <R> líkist einna  
heilst k-tákninu án leggsins upp úr því. Tákn þetta er  
greinilega annar stafur en r-rotunda eða <r>; þessir  
stafir eru i handritinu auðþekktir hver frá öðrum.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Nýlega var skrifuð B.A.-ritgerð um málíð á Valdimars sögu í AM 589c  
4to, sem er sami texti og hér var skoðaður (Berður Bjarnadóttir 1985). Höfundur  
segist hafa borið textann i útgáfu Agneta Loth 1962 saman við ljósmyndir af  
handritinu og sannfærst um áætli útgáfunnar. Ekki fann ég heldur neinar villur í  
þeim bút sem ég skoðaði. <r> og r-rotunda var staðfastlega táknað <r> í útgáfunni en  
<sup>2</sup> ofan linu sem ur (ekki skáletrað).

If, Jónas Kr.  
i alþjóðum 50

<sup>2</sup> Hér verður að gera athugasemdir um orðin tvö af þis. 3-20 í útgáfu  
Agneta Loth sem hafa gá eftir þekr (14:2) og tekr (20:3). Fyrra dæmið er ill-  
eða ólausilegt á annars skýrri ljósmynd Landsbókasafns og í síðara dæminu fá ég ekki  
betur séð en r-tákn sé einna líkast <R>-i fremur en <r> eða r-rotunda. Samræmisins

Stoðhljóð er oftast táknað með bandi, dæmi fum<sup>2</sup>, fuik<sup>2</sup> (= sumur, suikur í útgáfunni, sbr. fp<sup>2</sup>n = spurn) en fyrir kemur að stoðhljóð er ritað fullum stöfum, dæmi sua<r>tur. Útgefandi hefur og leyst upp úr nokkrum skammstöfunum með því að rita stoðhljóð (t.d. þ = madur, þb = braðdur o.fl.) og eru slik dæmi talin með stoðhljóðsdæmunum, enda er ekki auðkennt í útgáfunni hvar þessi orð eru leyst upp úr skammstöfunum. Dæmin eru varla svo mörg að þau geti skekkt myndina sem við fáum af táknum stoðhljóðs í textanum.

Niðurstaða úr athugun á Sth. Perg. nr. 7 fol. (sýnishorn af bis. 3-20 í útgáfu Agnête Loth í LMIR I (þ.e. ca blöð 51vb-55vb)) er þessi (226 dæmi alls):

Vegna verður hér notað við leshátt útgefanda í fyrra tilvíkinu (enda hef ég ekki rekist á annað sem orkar tvímalis en það sem hér er talið) en í síðara dæminu leitárétti ég og les <R> í stað <r>,

	Samtals dəmɪ	C    __ r#	C    __ r C	C    __ r#	
	um (eldra)	+sp, reg.		-sp, reg.	
	/-r/				
⟨r⟩	75 (35,2%)	1 (1,7%)	2 (18,2%)	72 (50%)	med 2
⟨ur⟩	103 (48,4%)	31 (53,5%)	9 (81,8%)	63 (43,75%)	
⟨R⟩	33 (15,5%)	24 (41,4%)	0 (0%)	9 (6,25%)	
⟨uR⟩	2 (0,9%)	2 (3,4%)	0 (0%)	0 (0%)	
♂	(100%)	(100%)	(100%)	(100%)	
	213 (100%)	58 (27,2%)	11 (5,2%)	144 (67,6%)	
Samtals dəmɪ um (eldra) /-ur/:					
⟨r⟩	4 (30,8%)				
⟨ur⟩	8 (61,5%)				
⟨R⟩	1 (7,7%)				
⟨uR⟩	0 (0%)				
	13 (100%)				

Tafla XVIII a.

	<i>&lt;r&gt;</i>	<i>&lt;R&gt;</i>	<i>&lt;ur&gt;</i>	<i>&lt;uR&gt;</i>
C ____ r#	1 (1,3%)	24 (70,6%)	31 (27,9%)	2 (100%)
+sp, rgl.				
C ____ r C	2 (2,5%)	0 (0%)	9 (8,1%)	0 (0%)
+sp, rgl.				
C ____ r#	72 (91,1%)	9 (26,5%)	63 (56,8%)	0 (0%)
+sp, rgl.				
Eldra /-ur/	4 (5,1%)	1 (2,9%)	8 (7,2%)	0 (0%)
+				
	79 (100%)	34 (100%)	111 (100%)	2 (100%)

### Tafla XVIII b.

Táknin *<r>* og *<R>* virðast hafa mismunandi hlutverki að gegna. Um 70% allra dæma í textanum um *<R>* í niðurlagi eru um gamalt /-r/ á eftir *r*, *t*, *k* en aðeins 1,3% dæma um *<r>* eru í þeirri stöðu. Hugsanlegt væri að þessi munur stafaði af því að *<r>* og *<R>* væri ætlað að tákna mismunandi hljóðgildi en mér finnst trúlegra að hér sé um einhvers konar skriftarvenju að ræða því að ritháttinn *<R>* á eftir hörðum lokhljóðum er ekki aðeins að finna þar sem um stoðhljóðsframburð gæti verið að ræða heldur lika inni í orðum á undan sérhljóðum: þRyddr, agætRar, aReid, kRaser. Dæmin profadizt, profum, glutri, vitraRi, uitrazsti, Eystra (þrisvar), strids, siofarstraund, vinstra, yckra, ockra mæla ekki gegn því vegna þess að i+sérhljóð er í þessum dæmum bundið með ri/ro/ra-böndum. Dæmið yckr (14:2) er sem fyrr segir illlæsilegt og þ.a.l. vefsengjanlegt og tekr

(20:3) varð að leiðréttá í tekR.

i sambandinu dr virðist mér að stoðhljóð sé táknað hlutfallslega sjaldnar en i gr, þótt lika séu mörg dæmi um <dur> og <gr>. Verið getur að munurinn á dr og gr sýni tilhneigingu i átt að ritreglu eins og þeirri sem notuð er í AM 81a fol., samkvæmt skoðun Holm-Olsens (sjá 3.3.1.11), en mér sýnist að því fari fjarri að hér sé hægt að tala um slikt sem "reglu". (Hér verður þó að hafa i huga hugsanleg tengsl rithanda í handritunum AM 81a fol. og Sth. Perg. nr. 7 fol., sem getið var um í 3.3.1.11).

Öfugir rithættir eru þessir: fodr 3:16, modr 4:23, 5:18, ydr (eign) 11:13; ackR (frægð) 13:10.

Dæmi um viðskeyttan greini eru þessi: gardrinn 4:17-18, kongrinn 12:15, heidrinn 14:22, duergrinn 18:3; dukRinn 8:3; Kongurinn 8:9, duergurinn 18:19.

### 3.3.1.15

#### AM 180b fol.

Aldur: c1500. Útgáfa: Laurentius saga, 1969.

Þetta handrit var lengi vel talid frá 15. Öld, jafnvel frá því um 1400 (Björn Karel Þórólfsson 1925:XVIII). En Arni Björnsson leidir að því rök (1969:xxix-xxxii) að það sé liklega ekki eldra en frá um 1500. Rök hans eru einkum þau að i textanum er í mörgum orðum ruglingur á i og y og að stafagerðin vitni ekki um meiri aldur en á textum frá f.hi. 16. aldar.

I formála sinum að útgáfu Laurentius sögu (1969) segir Arni Björnsson um textann úr AM 180b fol. m.a. þetta (1969:xxxv):

Langoftast er ritað *r* í endingum eða *ur*-band (hér leyst upp *ur*). Fyrir kemur þó, að *ur* er ritað fullum stöfum. Dæmi um -r: *mædr* 1<sup>16</sup>, *sidr* 1<sup>19</sup>, *godr* 2<sup>27</sup>, *lagdr* 3<sup>26</sup>, *Kalfr* 4<sup>26</sup>, *skirdr* 5<sup>25</sup>. Dæmi um *ur*-band: *Kalfur*, *systur* 2<sup>25</sup>, *klerkur* 2<sup>27</sup>, *Vestur* 3<sup>26</sup>, *suiftur* 3<sup>27</sup>. Dæmi um -ur fullum stöfum: *olmosur* 5<sup>27</sup>, *Gizur* 6<sup>29</sup>, *Petur* 6<sup>27</sup>

i útgáfunni er ur sem leyst er upp úr bandi ekki auðkennt eins og tilvitnuð klausa gefur til kynna. Er ýmist ritað með <*r*> eða *r*-rotunda.

i sýnishorni sem ég tók (blað 36v) var -r-rotunda þó algengara, t.d. i uid2, alld2, petu2. Dæmi um <*r*> á sama blaði: *Kalfr*, *Gizur*. Af 16 dæmum sem ég taldi saman um *r*-rotunda (i linu) fyrir eldra /-r/ voru flest á eftir d, 10, því næst á eftir g, 5, og eitt á eftir f. i sama sýnishorni voru 8 dæmi um ur-band (sem likist helst "r-rotunda yfir linu") en einnig þar var d<sup>2</sup> algengast, 6 dæmi, eitt dæmi um t<sup>2</sup> og eitt um f<sup>2</sup>. Hér sjást því engin sérstök merki um ritreglu eins og þá í AM 81a fol. (sjá 3.3.1.11).

A blaði 36v í handritinu, sem ég bar saman við textaútgáfuna, leyndist ein villa (af u.p.b. 40 dæmum alls): í hdr. stendur alldrs en ekki alldurs (útg. 6:27).

Niðurstaða úr athugun á AM 180b fol. (sýnishorn af bls. 1-15:18 í útgáfu Arna Björnssonar á Laurentius sögu 1969 (þ.e. ca blöð 36r-38v)) er þessi (266 dæmi alls):

	Samtals dæmi	C _ r#	C _ r C	C _ r#
um (eldra)	+sp,rgl.		-sp,rgl.	
/-r/				
<r>	97 (39%)	2 (3,2%)	1* (7,1%)	94 (54,3%)
<ur>	152 (61%)	60 (96,8%)	13 (82,9%)	79 (45,7%)
	(100%)	(100%)	(100%)	(100%)
	249 (100%)	62 (24,9%)	14 (5,6%)	173 (69,5%)

\*alldra, ranglesið alldurs í útg., bls. 6:27.

Samtals dæmi um (eldra) /-ur/:

<r>	3 (17,6%)
<ur>	14 (82,4%)
	17 (100%)

Tafla XIX.

Pegar gamalt /-r/ kemur fyrir í bakstöðu á eftir e, t, k eða á milli samhljóða er það greinilega venja þessa skrifara að rita -ur (oftast með ur-bandi en stundum fullum stöfum (sbr. Arna Björnsson 1969:xxxv)).

Öfugir rithættir eru þessir: fiogr 6:29, fodr 9:24, vigslr 10:13.

Dæmi um viðskeyttan greini eru 14: kongrinn 14:13, 28; kongurinn 11:20, 23, 14:16, 23, 26, 30, 31, 33, 15:1, eturinn 13:16, 15:2, bresturinn 15:15.

Dæmin tvö um <r> fyrir eldra /-r/ á eftir e, t,

k eru þessi: bækr 13:28, uetr 14:4.

Dæmið uitur 13:16 (=viður, forsetning) var ekki talið til dæma um E, t, k + r heldur um ö + r, sbr. uidur 12:32, vidur 13:29. Umhverfið er svoltatandi: kom sira Laurencius sier i kiærleika ok vinattu uitur herra Petur (13:16-17).

Petus (svo) 14:11 (=Péturs) er talið með dæmum um gamalt /-r/ ritað <ur> á milli samhljóða, sbr. Peturs 14:7, 15:3.

### 3.3.1.16

#### AM 152 fol.

Aldur: c1500-1525. Utgáfa: LMIR I, 1962.

hvað kæst?

Niðurstæða um AM 152 fol. (sýnishorn af bls. 81-100 í útgáfu Agnete Loth i LMIR I, 1962 (þ.e. ca blöð 125vb-128rb)) er þessi (214 dæmi alls):

Samtals dæmi	C    r#	C    r C	C    r#
--------------	---------	----------	---------

um (eldra)	+sp,rgl.	-sp,rgl.
------------	----------	----------

/-r/
------

(r)	90 (45,2%)	8 (17%)	2 (20%)	80 (56,3%)
-----	------------	---------	---------	------------

<ur>	109 (54,8%)	39 (83%)	8 (80%)	62 (43,7%)
------	-------------	----------	---------	------------

	(100%)	(100%)	(100%)	(100%)
--	--------	--------	--------	--------

	199 (100%)	47 (23,6%)	10 (5%)	142 (71,4%)
--	------------	------------	---------	-------------

Samtals dæmi um (eldra) /-ur/:

(r)	3 (20%)
-----	---------

(ur)/(or)	12 (50%)
-----------	----------

	15 (100%)
--	-----------

Tafla XX.

Öhætt er að taka undir með Guðvarði Már Gunnlaugssyni (1984:13), þegar hann ræðir stafsetningu Ectors sögu, að <r> og <ur> sé ritað "jöfnum höndum" í AM 152 fol. þar sem var /-r/ til forna. En rithátturinn <ur>, sem kemur fyrir í 54,8% af öllum dæmum um gamalt /-r/, er miklu algengari en <r> á eftir hörðum lokhljóðum (83% tilfella) og á milli samhljóða (80% tilfella).

dr er jöfnum höndum ritað <dr> og <dur> og sama er að segja um gr, það er ritað ýmist <gr> eða <gur>. Hins vegar er tr ritað <tur> langtum oftar en <tr>.

Ofugir rithættir eru þessir: födr 84:6, 96:6 og \* nockr 90:5. Siðast nefnda dæmið kemur fyrir í samhengi þar sem eðlilegra væri að lesa ft. nokkrir en ég tel að ritháttinn nockr beri að lesa sem et. nokkur (svo gerir og Guðvarður Már Gunnlaugsson 1984:38).

<or> fyrir eldra /-ur/ kemur einu sinni fyrir: orrostor 81:8, annars er notað <u> ef hljóðið er táknað á annað borð.

Dæmi með viðskeyttum greini eru þessi: kongrinn 88:1, berserkriðn 100:19; hesturinn 88:13, berserkurinn 96:18.

## 3.3.2 Yfirlit - öll dæmi

Hér verða til glöggvunar settar saman í eina töflu niðurstöðurnar úr heimildum frá timabilinu 1402-1525 sem greint er frá í 3.3.1 hér á undan. Gögnum úr AM 61a fol. er þó sleppt hér, sjá 3.3.1.11. Táknið <R> í Sth. Perg. nr. 7 fol. er hér talið með táknu <r> (um innbyrðis dreifingu <R> og <r> þar, sjá 3.3.1.14).

	Samtals dæmi	C	— r#	C	— r	C	— r#
	um (eldra)	+sp. rgl.				-sp. rgl.	
	/-r/						
<r>	705 (54,7%)	100 (33%)	16 (22,5%)	592 (64,3%)			
<ur>	587 (45,3%)	203 (67%)	55 (77,5%)	329 (35,7%)			
	(100%)	(100%)	(100%)	(100%)			
	1295 (100%)	303 (23,4%)	71 (5,5%)	921 (71,1%)			
Samtals dæmi um (eldra) /-ur/:							
<r>	38 (34,5%)						
<ur>	72 (65,5%)						
	110 (100%)						

Tafla XXI a. Hér sést hvernig eldra /-r/ og eldra /-ur/ skiptast eftir rithætti (<r> eða <ur>) í heimildum frá 1402-1525. Samtals 1405 dæmi.

	<i>&lt;r&gt;</i>	<i>&lt;ur&gt;</i>
C ____ r#	100 (13,4%)	203 (30,8%)
+sp, rgl.		
C ____ r C	16 (2,1%)	55 (8,4%)
+sp, rgl.		
C ____ r#	592 (79,4%)	329 (49,9%)
+sp, rgl.		
Eldra /-ur/	38 (5,1%)	72 (10,9%)
+sp		
	746 (100%)	659 (100%)

Tafla XXI b. Hér sést hvernig 1405 dæmi um rithættina *<r>* og *<ur>* frá 1402-1525 skiptast niður á eldra /-ur/ og þrenns konar hljóðfræðilegt umhverfi eldra /-r/.

Bessar niðurstöður sýna, í stuttu máli, að fyrir eldra /-r/ er ýmist ritað *<r>* eða *<ur>*; *<r>* dálitið oftar en *<ur>* á heildina litið en *<ur>* miklu oftar en *<r>* við tvenns konar aðstæður: í enda orðs á eftir hörðum lokhljóðum og á milli samhljóða. Það er m.ö.o. mun sterkari tilhneiting til að tákna stoðhljóð við slikar aðstæður (67% og 77,5%) en við önnur hljóðfræðileg skilyrði (35,7%) eða ef miðað er við öll dæmi um eldra /-r/ rituð *<ur>* (45,3%).

Niðurstöðurnar segja í öðru lagi að Öfugir rithættir, *<r>* fyrir eldra /-ur/, komi á þessu tímabili fyrir í u.p.b. þriðjungi dæma um eldra /-ur/.

Sem fyrr greinir (sjá 3.3.1.11) hefur Hölm-Olsen

synt fram á að i AM 81a fol., hjá 1. hendi, er að likindum að verki "grafisk regla" sem segir til um hvenær ritað er ur-band og hvenær r-rotunda í linu (Kjær og Holm-Olsen 1910-1986). Samkvæmt þeirri reglu mátti i stórum dráttum búast við ur-bandi (= <ur> í útgáfunni 1947) yfir bókstöfum sem eru lágir: E, T, F, G, M, N en r-rotunda í linu (= <r> í útgáfunni 1947) á eftir bókstöfum sem "tóku plássíð" frá bandinu, þ.e. L og D. Á eftir k gat ýmist komið r-rotunda eða ur-band.

Eg hef skimað eftir þessari reglu í textum úr AM 343a 4to, AM 589c 4to, Sth.Perg. nr. 7 fol., AM 180b fol. og AM 152 fol. og greint frá niðurstöðum úr þeim athugunum hér á undan (sjá 3.3.1.12 - 3.3.1.16). Í stuttu málí komst ég að því að í engum þessara texta var beitt reglu eins og þeirri sem Holm-Olsen lýsir hjá hendi 1 i AM 81a fol.<sup>1</sup>

I lýsingum á AM 343a 4to, AM 589c 4to, Sth.Perg. nr. 7 fol. og AM 180b fol. er heldur ekki greint frá neinum slíkum "grafiskum" reglum (ekki er tiltæk lýsing á AM 152 fol.).

Eins og fram kom i 3.3.0 eru dæmin um nafnorð, þar sem viðskeyttur greinir sem hefst á sérhljóði kemur næst á eftir /-r/, talin með dæmum um /-r/ í bakstöðu (akur#inn, kóngur#inn o.s.frv.). Skulu dæmi af þessari gerð nú tekin út úr og skoðuð sérstaklega. Þau reyndust samtals 47; 2 í frumbréfi frá 1409 og 45 í textabútunum sex frá c1450-1525. Allt voru þetta kk.-orð. Í eftirfarandi yfirlitstöflu er dæmum úr AM 81a fol. þó sleppt (sbr. áður); eftir standa 35 dæmi.

<sup>1</sup> Rétt er að taka fram að athugun minn á þessu striði var gerð með reglu Holm-Olsens í huga og ég leitaði ekki eftir óarum tegundum af "grafiskum" reglum. Slikt væri efni í sérstaka rannsókn.

	Samtals dæmi	C __ r#inn	C __ r#inn
	um (eldra)	+sp, rgl.	-sp, rgl.
	/-r#inn/		
(r)	15 (42,9%)	4 (36,4%)	11 (45,8%)
(ur)	20 (57,1%)	7 (63,6%)	13 (54,2%)
	(100%)	(100%)	
	35 (100%)	11 (31,4%)	24 (68,6%)

\* **Tafla XXII.** Hér sést hvernig 35 dæmi um eldra /-r/ á undan viðskeyttum greini sem hefst á sérhljóði skiptast eftir rithætti (<r> eða <ur>) í heimildum frá 1409 og c1450-1525.

Eins og taflan sýnir er <r> ritað sjaldnar en <ur> á heildina litioð. Í öllum dæmunum samtals, 1405, frá 1402-1525, var <r> hins vegar ritað dálitið oftari. Ef samhljóðið næst á undan eldra /-r#inn/ er e, í eða k er útkoman annars ápekk og í Töflu XXIa hér á undan, þ.e.a.s. þá er ritað <r> í u.p.b. þriðjungi dæma. Liklega er hér um of fá dæmi að ræða til að veita traustar visbendingar um að dæmi um /-r/ þar sem viðskeytti greinirinn -inn fer á eftir hegði sér öðruvísi en dæmi án greinis, með tilliti til þess hvenær stoðhljóð er táknað. Ef eitthvað er, benda dæmin þó í þá átt að stoðhljóð sé frekar táknað þar sem greinirinn fer á eftir.<sup>1</sup>

áholt  
framstöllning

<sup>1</sup> Þetta virðist ekki koma vel heim við þá tilgátu að breytileikann í rithætti megi rekja til hljóðfræðilegra atriða, Runar matti gera þá almennu athugasemdir að sú staðreynd að stoðhljóð kemur ekki einungis fram á undan /-r/ í (algerri) bækstöðu og

Sé aðeins litið á hvernig dæmin 587 (sjá Töflu XXII) um ritað stoðhljóð skiptast eftir þremur tegundum hljóðfræðilegs umhverfis (en örðrum gögnum sleppt, sbr. Töflu I í 3.1.3 og Töflu III í 3.2.2) kemur þetta í ljós:

$\emptyset \rightarrow u / \quad C \quad \underline{\quad} \quad r\#$       203      (34,6%)  
+sp.rgl.

$\emptyset \rightarrow u / \quad C \quad \underline{\quad} \quad r \ C$       55      (9,4%)

$\emptyset \rightarrow u / \quad C \quad \underline{\quad} \quad r\#$       329      (56%)  
-sp.rgl.

587      (100%)

#### Tafla XXIII. Skipting 587 dæma um stoðhljóð 1402-1525.

Pessi tafla er fróðleg af tveimur ástæðum.

i fyrsta lagi má bera þessar tölur saman við þær tölur i Töflu XXI a sem sýna hlutföll tegundanna þriggja i heildarfjölda dæma um eldra /-r/ i heimildunum frá 1402-1525. Sá samanburður sýnir í raun hið sama og við lesum af Töflu XXI a: Táknun stoðhljóðs á eftir hörðum lokhljóðum en á undan /-r/ i enda orðs er miklu algengari en ætla mætti miðað við tiðni þess umhverfis á heildina litið (34,6% dæma um táknað stoðhljóð eru um stoðhljóð á eftir E, t, k, þótt orð með E, t, k séu ekki nema 23,4% allra dæma um eldra /-r/ i

á milli samhljóða í íslensku heldur einnig þegar /-r/ stendur á undan grínni sem hefst á sérljóði, með efnum huemynndinni um hljóðfræðilega skilyrt y-innskot. Þessi stað gátu beygingarlegir þettir þarna virst ráða ferðinni,

pessum sömu textum) og hlutfall táknaðs stoðhljóðs á undan /-r/ sem stendur á milli samhljóða er einnig miklu herra en hlutfall eldra /-r/ á milli samhljóða er af heildarfjölda dæma um eldra /-r/ í sömu heimildunum (9,4% á móti 5,5%).

Í öðru lagi má bera **Töflu XXIII** saman við **Töflu I** í 3.1.3, sem sýnir skiptingu 58 dæma frá c1275-1350, og **Töflu III** í 3.2.2 sem lýsir skiptingu 104 stoðhljóðsdæma frá c1350-1400. Sá samanburður er gerður í 3.4 hér á eftir.

#### \* 3.4 Skipting dæma um stoðhljóð c1275-1525 eftir þrenns konar hljóðfræðilegu umhverfi

Eftir að ritarð stoðhljóð tekur að láta á sér kræla í íslenskum textum (elstu dæmin sem ég fann gætu verið frá 1275) verður það smátt og smátt algengara uns hinn nýi ritháttur er orðinn einráður. Þessi breyting í stafsetningunni tók hins vegar geystilega langan tíma; þegar þessari athugun sleppir, c1525, á gamli rithátturinn enn eftir að lifa um stund við hlið hins nyja (sjá 1.2). Menn hafa hingað til hallast að því að hljóðbreytingin sjálf gangi yfir a.m.k. að mestu á 14. öld (sjá, t.d., Jón Þorkelsson 1868, Hrein Benediktsson 1969:394, o.fl.) en skrifarár hafi leitast við að halda í gamlar réttritunarreglur miklu lengur - og af siminnkandi getu.

Tilgangurinn með **Töflu XXIV** er að sýna heildarlinurnar í skiptingu dæma um stoðhljóð c1275-1525 eftir hljóðfræðilegu umhverfi. Til viðmiðunar eru einnig tölur sem eiga að geta verið dæmigærðar fyrir almenna tilðni tegundanna í venjulegum sögutextum (hvernig þær tölur eru fengnar, sjá 3.1.3).

c1275-1350 c1350-1400 1402-1525 Alm.  
hlutf.

$\phi \rightarrow u/C_r\#$	8,620%	23,077%	34,600%	23,860%
+sp.rgl.				
$\phi \rightarrow u/C_rC$	60,345%	40,365%	9,400%	3,690%
* $\phi \rightarrow u/C_r\#$	31,035%	36,538%	56,000%	72,450%
-sp.rgl.				
	100%	100%	100%	100%

Tafla XXIV. Hlutfallstölur sem sýna skiptingu dæma um táknað stoðhljóð á timabilinu c1275-1525, og, til samanburðar, áætlaða tíðni þriggja tegunda hljóðfræðilegs umhverfis eldra /-r/.

Pessar tölur segja, í stuttu máli, að framan af er langsamlega algengast að tákna stoðhljóð i klösum þar sem /-r/ stóð á milli samhljóða. Síðan minnkar hlutdeild slikra klasa í heildardæmaforðanum, eftir því sem breytingin verður meira áberandi í öðrum tegundum hljóðfræðilegs umhverfis, í áttina að "eðlilegri" hlutdeild.

Eftir að breytingarinnar hefur orðið vart um nokkurt skeið, á s.hl. 14. aldar, fer stoðhljóð á undan /-r/ í bakstöðu, en á eftir hörðum lokhljóðum, mikið að sækja í sig veðrið og umfram önnur dæmi um stoðhljóð á undan /-r/ í bakstöðu. Að priðja og síðasta timabilinu er

hlutfall slíkra dæma orðið hátt yfir "eðlilegri" hlutdeild, en önnur dæmi um stoðhljóð á undan /-r/ í bakstöðu eru á sama tima enn talsvert undir því sem ætla mætti.

Tulkun á þessum niðurstöðum kemur fram í 5. kafla. Þar er því haldið fram að sú staðreynd að táknum á stoðhljóði í stafsetningu fram á 16. Öld virðist lúta atriðum sem eru hljóðfræðilegs eðlis geti bent til þess að það sé ekki rétt að breytingin hafi verið gengin yfir um 1400, eins og menn hafa talið (sjá sinnig 2.3).

4. KAFLISTOÐHLJÓÐ I KVEÐSKAP

## 4.0 Inngangsorð

i 3. kafla hér á undan sáum við að stoðhljóð er stundum táknað í textum og stundum ekki allt fram á 16. öld. Hina breytilegu táknum virtist, a.m.k. að hluta, mega rekja til hljóðfræðilegra atriða. Sú staðreynd bendir til þess að framburðurinn l og framburðurinn ur hafi verið valfrjáls afbrigði af eldra /-r/ fram á 16. öld (sjá einnig 2.3).

Hér í 4. kafla verður skoðað hvaða upplýsingar er að hafa um stoðhljóðið úr kveðskap. Spurningin er þessi: Finnum við eitthvað sem mælir gegn því að l-framburður hafi lifað við hlið ur-framburðar fram á 16. öld?

i 4.1 verður greint frá athugun Jóns Þorkelssonar (1863) á kveðskap frá 14. öld og um 1400. Það var aðallega á þeirri athugun sem Jón byggði þá skodun að hljóðbreytingin hafi verið um garð gengin um 1360.

i 4.2 verður litið á hvernig farið er með "stoðhljóðsorð", sem í fornau máli voru einkvæð, í síðustu bragliðum visuordá i nokkrum rínum frá 14. - 16. öld. Það er svo borð saman við táknum á stoðhljóði í textum frá sama timabili.

i 4.3 er sagt frá því sem fram kemur hjá Stefáni Karlssyni (1964) um "stoðhljóðsorð" í Egils rínum, frá 1643, og þær upplýsingar bornar að því sem í ljós kom í 4.2.

i 4.4 er getið um tilgátur Jóns Helgasonar (1926) og Stefáns Karlssonar (1964) um að "tónkvæði"

("musikalsk aksent") hafi greint á milli "stoðhljóðsorða" annars vegar og orða með eldra /-ur/ hins vegar, í kvæðum 15. og 17. aldar.

i 4.5 eru teknar saman niðurstöður úr kafianum.

#### 4.1 Um athugun Jóns Porkelssonar (1863)

Jón Porkelsson (1863) sýnir með dæmum hvernig nokkur kvæði frá miðri og ofanverðri 14. Öld hafa smáman saman fleiri og fleiri dæmi, eftir því sem á öldina liður, um að ort sé þannig að lágmarksfjöldi atkvæða í visuordi krefjist stoðhljóðsframburðar (1863:16-30).

\* Dæmi: Hrynhendur hattur krefst a.m.k. átta atkvæða í visuordi. Framburðurinn á eldra /-r/ i helldr er því bersýnilega ur i

elian giarn því helldr varna<sup>1</sup>

(Úr Guðmundar kvæði (drápu?) byskups, 18°, eftir Arngrím Brandsson).

Það er á grundvelli kvæðanna sem Jón Porkelsson setur fram þá hugmynd að framburður á eldra /-r/ hafi verið á reiki á 14. Öldinni þangað til u.p.b. 1380, en þá sé framburðurinn orðinn "hinn sami sem nú" (1863:31-32). Jón telur að stoðhljóð sé orðið almennt í framburði fólks á þeim tima; það sjáist af því hve algengt þá sé orðið að stoðhljóðsframburðar sé krafist til að ná upp í lágmarksfjölda atkvæða.

Jón Porkelsson (1863) tinir til dæmi úr 7 heimildum (kvæðum, visum, rínum) frá 1345 til u.p.b.

<sup>1</sup> Óll dæmi í 4.1, númer á erindum o.s.frv., skrifa ég upp eftir útgáfum Finns Jónssonar, Den norsk-islandske skialddeildinng og Binnasaefni I. Það á líka við um dæmi sem Jón Porkelsson (1863) bendir á og hér er vitnað til; Finni og Jóni ber ekki alltaf saman.

1400, þar sem lágmarksfjöldi atkvæða í visuorði krefst stoðhljóðsframburðar. Heimildirnar sem Jón notar eru þessar: Guðmundar kvæði (drápa?) byskups, frá 1345, eftir Arngrím Brandsson ábóta á Þingeyrum, Selkolluvisur, Hrynhent kvæði um Guðmund Arason og Ólafs ríma Haraldssonar eftir Einar Gilsson, ort um eða upp úr miðri 14. öld, Lilja Eysteins Ásgrimssonar (d.1361), Guðmundar drápa Árna Jónssonar ábóta, líklega frá s.hi. 14. aldar (Arni varð ábóti 1371, fór utan 1379 (Jón Porkelsson 1863:25)) og loks fyrstu tvær rimur Skáld-Helga rimna, frá um 1400.<sup>1</sup>

i kvæðum þeim sem Jón Porkelsson (1863) nefnir til, frá 1345 til um 1400, er sem áður segir talsvert um að bragarhátturinn "gangi ekki upp" nema með ur-framburði.

Mér finnst þó þess virði að benda lá að i rimnaháttum með stýfð visuorð gerir kvæðskapurinn beinlinis gagnstæða kröfu: Þar eru viða notuð "stoðhljóðsorð" sem síðasti bragliður stýfðs visuorðs, og bragarhátturinn "gengur ekki upp" nema með ur-framburði. Þetta er t.d. auðséð þegar litioð er á Ólafs rimu Einars Giissonar og Skáld-Helga rimur (allar nema 5. rimu, sem hefur öll visuorð óstýfð).

Dæmi (úr ferskeyttum hætti þar sem 1. og 3. visuorð eru stýfð):

Fyrre manna j fotspor stigr  
(Skáld-Helga rimur, I, 14<sup>1</sup>)

<sup>1</sup> Þegar litioð er á dæmi Jóns Porkelssonar (1863:16-30) kemur í ljós að hvernig sem á því standur er ekkert þeirra um "stoðhljóðsorð" í síðasta braglið visuorðs. Þar krefst þó dróttkvæður og hrynhendur háttur reglulega tviliða, og má heita furðulegt ef það er tilvilkjun að af milli 60 og 70 dæmum Jóns um stoðhljóðsframburð í kvæðum með hrynhendum hætti eða dróttkvæðum er ekki eitt einasta dæmi um ur-framburð í síðasta tvilið í linu. Öll dæmin eru um stoðhljóð "inni i" visuorði.

Sætan innir sinum fedr  
 (Skáld-Helga rímur, I, 29<sup>1</sup>)  
 "all miog willtu yfazt medur  
 (Skáld-Helga rímur, I, 29<sup>3</sup>)  
 Olafr kongr auRr ok fridr  
 (Ólafs ríma, 1<sup>1</sup>)  
 Fylkir rikr frægr ok milldr  
 (Ólafs ríma, 11<sup>1</sup>)

i tveimur síðustu visuorðunum, sem ég tók sem dæmi, fæst t.d. ekki réttur bragarháttur nema með því að lesa "Ólafr/Olafur kóngur ör og friðr" og "Fylkir rikur frægr/frægur og mildr". (Bragarhátturinn sker ekki úr um framburð á Olafr og frægr.) Þegar ríman er kveðin virðist því sem **breytilegur framburður**, l og ur, i kóngur, friðr, rikur, mildr, sé forsenda þess að hægt sé að fara rétt með bragarháttinni.

Fyrning i málí skálda er vel pekkt. Samt knýr þessi spurning dýra: hvernig getum við verið svo viiss um að það sem þarna virðist vera breytilegur framburður í kveðskapnum hafi ekki átt sér stoð i samtímaframburði?

Röksemdafærsia Jóns Porkelssonar (1863) fyrir því að dæmin þar sem stoðhljóðsframburðar er krafist í bragarhætti sýni að hljóðbreytingin sé um garð gengin á s.hi. 14. aldar er mjög sama eðlis og sú kenning hans, sem fyrr er getið, að vixl <r> og <ur> í rithætti séu einungis skriftarlegt atriði ("stafsetningarkenningin", sjá 2.3). Pannig segir Jón um vitnisburð sjö fyrrgreindra heimilda sinna (1863:30):

... er auðsatt, að skáldin leita við að yrkja eptir hinum forma  
 framburði, en þeim tekst það eigi alveg. Því siðar sem kvæðin eru oft, því  
 meira ber á hinum nýja framburði, Pannig ber minna á honum í  
 Guðmundardrápu Arngríms frà 1345 og í Lilju Eysteins, sem ort er 1358,  
 ef ekki fyrr, meira ber á honum í Ólafsrímu Einars Gilssonar og  
 Guðmundardrápu Arna ábóta Jónessonar, og af þessum kvæðum mun vera óhætt  
 að álykta, að framburðrinn á niðrlagserrinu hafi um 1380 verið orðin

alveg hinn sami sem nú, nefnilega að það hafi verið framborið sem ur,

og enn segir Jón (1863:31):

... með því hinn forni framburðar var talinn réttr, en hinn nýi rangr,  
leituðu ritararnir við að ríta eptir hinum forna framburði og skáldin að  
yrkja eptir honum, en hvorugum tökst það fullkomlega, og þeim veitti  
þetta því erfðara, sem stundir liðu lengra fram.

Jón Porkelsson (1863), og fleiri eftir honum,  
hafa þannig talið, sinkum á grundvælli fyrrnefndra 7  
kvæða og rimna, þar sem bragarháttur sýnir ur-framburð,  
að ur sé orðinn hinn almenni framburður í lok 14. aldar.  
Þá er litið á dæmi um l i skáldskap og stafsetningu  
eftir þann tima sem fyrningu.

En í raun og veru sé òg ekkert sem bendir til  
þess að ur hafi endilega verið einrátt í framburði.  
Kveðskapur frá miðri 14. öld og fram um 1400, og þetta  
gildir raunar um kveðskap frá 15. - 16. öld lika (sjá  
4.2), sýnir okkur ekki að ur sé einráður framburður.  
Hann sýnir okkur að framburðurinn ur er til orðinn, en  
hann sýnir okkur einnig að skáld hafi eftir sem áður  
getað notað framburðinn l í kveðskap.

Það er því aðeins með óbeinni ályktun hægt að  
komast að niðurstöðu eins og þeirri, út frá kveðskapnum,  
að ur sé einráður framburður við lok 14. aldar og l-  
"framburður" eftir þann tima fyrningin tóm.

## 4.2 Rímur frá 14. - 16. öld

4.2.1 "Stoðhljóðsorð" í síðustu bragliðum visuorða -  
Gögn úr fimm heimildum

Sem fyrr segir (sjá 4.1) eru dæmi þess frá 14. öld og um 1400 að notuð séu "stoðhljóðsorð" sem síðasti bragliður í stýfðum visuorðum, þ.e.a.s. nauðsynlegt er að bera orðin fram einkvæð til að bragarhátturinn raskist ekki. Um þetta eru m.a.s. dæmi í rínum sem jafnframt hafa dæmi sem sýna að til að ná upp í lágmarksfjölda atkvæða í visuorði sé ur-framburður nauðsynlegur.

Eg athugaði dæmi um notkun á "stoðhljóðsorðum" aftast í visuorðum í nokkrum rínum frá 14.- 16. öld. Með "stýfðum visuorðum" og "óstýfðum" hér á eftir á ég við að þau séu stýfð eða óstýfð samkvæmt réttum bragarhætti. Miðað er við rimnaútgáfu Finns Jónssonar 1905-1912, nema annað sé tekið fram.

I Olafs rímu Haraldssonar eftir Einar Gilsson (frá því um eða upp úr miðri 14. öld), eru stýfð visuorð 130. Þar af enda 36 á "stoðhljóðsorðum" (27,7%). Þriðjungur "stoðhljóðsorðanna" hefur e, t, k á undan eldra /-r/. Óstýfðu visuordin (130) enda aldrei á "stoðhljóðsorði".

I fyrstu tveimur rínum Skáld-Helga rimna (frá því um 1400) eru stýfð visuorð 242. Þar af endar 31 á "stoðhljóðsorði" (12,8%). Eitt styft visuord endar á eldra /-ur/ í efn. "okkur" (skr. ockr) (II, 43<sup>3</sup>) og á það að ríma á móti flockr. Af "stoðhljóðsorðunum" hafa aðeins 12,9% e, t, k á undan eldra /-r/. Óstýfðu visuordin (242) enda aldrei á "stoðhljóðsorði".

I Skíðarimu (frá því um 1400-1450) eru stýfð visuorð 404. Þar af enda 46 á "stoðhljóðsorði" (11,4%). Af "stoðhljóðsorðunum" hafa hvorki meira né minna en 43,5% e, t, k á undan eldra /-r/. Óstýfðu visuordin

(404) enda aldrei á "stoðhljóðsorði".

I fyrstu tveimur rínum Króka-Refs rímnar (Pálmi Pálsson 1883) (frá seinni hluta 15. aldar) eru stýfð visuorð 420. Þar af enda 80 á "stoðhljóðsorði" (19%). Af "stoðhljóðsorðunum" hafa 35% e, t, k á undan eldra /-r/. Tvö stýfð visuorð enda á eldra /-ur/, í orðunum "óhæfur" (ft.) (skr. óhæfr) (I, 60<sup>1</sup>) sem á að ríma við gæfr (lo.), og í "átur" (ft.) (skr. átr) (II, 61<sup>2</sup>) sem á að ríma á móti hæfilátr, bátr, kátr. Östyfðu visuorðin (164) enda aldrei á "stoðhljóðsorði".

I Ólafs rínum, eftir Rauðúlfss þætti, (frá því um 1550) eru stýfð visuorð 124. Þar af enda 10 á "stoðhljóðsorði" (8,1%). 20% þeirra hafa e, t, k á undan /-r/. Östyfðu visuorðin (64) enda aldrei á "stoðhljóðsorði".

I þeim 5 heimildum frá 14. öld til 16. aldar, sem ég hef nū rakið, eru "stoðhljóðsorð" notuð i töluverðum mæli eins og þau væru einkvæð. Þau komu fyrir aftast í stýfðum visuorðum í 27,7%, 12,8%, 11,4%, 19% og 8,1% dæma um stýfð visuorð.

A hinn böginn eru "stoðhljóðsorð" aldrei notuð sem tvíkvæð í síðasta braglið miðað við reglulegan bragarrátt, þ.e.a.s. þau koma aldrei fyrir aftast í östyfðum visuorðum.

Eg rakst á þrjú dæmi um að orð með eldra /-ur/, sem því hafa verið tví- eða þríkvæð, væru notuð sem (einkvædir) síðustu bragliðir stýfðra visuordra. En það vekur athygli að orð með eldra /-ur/ er hvergi að finna sem síðustu liði östyfðra visuordra, fremur en orð með eldra /-r/. Má vera að tilviljun ráði, en e.t.v. er þetta visbending um að skáldin hafi haft þá reglu að öll orð sem enduðu eða gátu endað á -ur tilheyrdum stýfðum visuorðum, ekki östyfðum.

#### 4.2.2 Stuttur samanburður við laust mál

I 3. kafla hér á undan kom fram að i textum frá 14. - 16. öld virðist sem meiri tilhneiging sé til að tákna stoðhljóð á undan /-r/ í bakstöðu ef á undan því fór E, t eða k en ef þar voru önnur samhljóð. Sé þetta visbending um að i framburði hafi frekar verið tilhneiging til að skjóta inn stoðhljóði á eftir E, t, k heldur en öðrum hljóðum væri þess e.t.v. að vænta að samböndin -pr, -tr, -kr væru fátiðari en önnur i niðurlægi stýfðra visuorða. I ofangreindum fimm rimum frá 14. - 16. öld eru orð sem enda á -pr, -tr, -kr um 28,9% af öllum "stoðhljóðsordum" í síðustu bragliðum. Eins og fram kom í 3.1 hér að framan hef ég getið mér þess til að orð með /-pr/, /-tr/, /-kr/ í bakstöðu séu um 23,86% "stoðhljóðsord" í lausu máli. Ef taka má þessa hlutfallstölu til viðmiðunar í síðustu bragliðum visuorða, eru orð með E, t, k á undan /-r/ í bakstöðu því ekki eins sjaldgæf og e.t.v. mætti búast við.

Eg heid að þótt 28,9% sé lítið eitt hærri hlutfallstala en 23,86%, þá þarfí það ekki að vera til vitnis um að orð með E, t, k séu í bundnu máli oftar einkvæð en önnur "stoðhljóðsord" að jafnaði. Þ.e. að tilhneigingin í bundnu máli sé þverðug við það sem er í lausu máli. Dæmi úr bundnu máli eru aðeins 203 talsins, og gæti munurinn því legið innan eðlilegra skekkjumarka.

Liklegra finnst mér að hlutfallstöluna 28,9% megi túlka þannig að orð með E, t, k á undan /-r/ haldi "eðlilegri" hlutdeild sinni í heildarfjölda "stoðhljóðsord" í síðustu bragliðum. Hljóðfræðileg gerð "stoðhljóðsord" virðist m.ö.o. ekki ráða neinu um notkun þeirra í síðustu bragliðum visuorða.

En hvernig má reyna að skyra muninn á lausu máli, þar sem hljóðfræðileg gerð "stoðhljóðsord" virðist skipta máli, og stýfðum bragliðum rimnanna, þar sem ekki er að sjá að hljóðfræðileg gerð skipti máli?

Skyringin gæti verið á þá leið að þarna væri "strikað yfir" valfrelsi í framburði með kveðskaparreglu. Reglan segði að þegar bragarháttur krefðist einkvæðs orðs, gæti skáldið látið hvæða "stoðhljóðsorð" sem væri gegna því hlutverki. Sömu orð, eða hljóðfræðilega sams konar orð, gæti skáldið aftur sinnis haft tvíkvæð þegar svo stæði á í versgerðinni, nema í síðustu braglidum óstýfðra visuordá, enda sé litioð á "stoðhljóðsorð" í lok visuordá sem einkvæð. Í lausa málínu, þar sem táknumin ber vitni valfrelsi í framburði óhér kveðskaparreglunni, kemur fram tilhneicing til að velja fremur annað afbrigðið en hitt í tilteknu hljóðfræðilegu umhverfi. Í bundna málínu, þar sem kveðskaparreglan er valfrelsinu yfirsterkari, getur engin slik tilhneicing komið fram.

Loks má varpa því fram að góður árangur rímnaskálda í notkun á framangreindri reglu í kveðskapnum, þegar þeir hælda (fyrrum aðeins einkvaðum) "stoðhljóðsorðum" frá síðustu braglidum óstýfðra visuordá, renni stóðum undir hugmyndina um tilvist lifandi l-framburðar, eftir 1400 og fram á 16. öld, við hlið ur-framburðar. Þess ber þó að geta að e.t.v. matti eins gera ráð fyrir hinu gagnstæða; að reglan hafi alls ekki stuðst við lifandi l-framburð að neinu leyti heldur hafi einungis verið lærð hefð, og hljóðað svo: "Et orð endar à ur má eingöngu nota það aftast í stýlum visuordum, ekki óstýlum", (sbr. að i þeim rínum sem ég kennaði voru engin dæmi um að orð með eldra /-ur/ væru notuð sem síðasti liður óstýfðs visuordós). Regla sem þessi virðist vera svo einföld að það gæti verið næg ekýring að því hve vel rímnaskáldum tekst að forðast að nota "stoðhljóðsorð" (sem og orð með eldra /-ur/) í síðustu braglidum óstýfðra visuordá.

#### 4.3 Egils rimur frá 17. öld

Stefán Karlsson (1964) greinir frá því að i Egils rínum (frá 1643) sé fornri hljóðvöl haldið til haga í síðasta risi óstýfðra visuordá, með frávikum í aðeins 0,8% - 3,2% dæma (eftir því hvernig litið er á "stoðhljóðsorð"). Í grein Stefáns eru þessar upplýsingar um "stoðhljóðsorð" sem síðasta braglið í rínum:

Miðað við reglulegan bragarhátt eru stýfð visuord i öllum rínum 7485. Þar af enda 256 (3,4%) á "stoðhljóðsorðum" (1964:23). Eitt visuord, sem samkvæmt réttum bragarhætti ætti að vera stýft, endar á eldra /-ur/ í orðinu móður (þgf.) (1964:14) og á að rima við rjóð(u)r.

Miðað við reglulegan bragarhátt eru óstýfð visuord 5767. Þar af enda 83 (1,4%) á "stoðhljóðsorðum" (1964:23). Eitt þeirra, góður, rimar við orð með eldra /-ur/, móður (ef.) (1964:13).

Sé þetta borð saman við áðurnefndar heimildir frá 14. - 16. öld, sjáum við að um miðja 17. öld er þarna haldið þeim síð að nota "stoðhljóðsorð" fyrir einkvæða síðustu bragliði en hlutfall slikra er þarna komið niður í 3,4%, úr 8,1% - 27,7% á 14. - 16. öld.

Annað greinir Egils rimur frá áðurnefndum heimildum: hér eru "stoðhljóðsorð" talin fullgildir tvíkvædir bragliðir aftast í óstýfðum visuordum, þótt þau komi reyndar ekki fyrir nema í 1,4% dæma um óstýfð visuord.

#### 4.4 Aðgreinandi "tónkvæði"?

i norsku og sánsku er reglan sú að "aksent 1", "akút"-áhersla, sé i orðum sem voru einkvæð í norrænu en "aksent 2", "grave"-áhersla, i orðum sem þar voru

tvíkvæð. "Akút"-áherslan heilst þótt orð fái stoðhljóð og verði við það tvíkvætt, t.d. sæ. hágæl með "akút"-áherslu (sbr. fsæ. haghl) en aftur á móti nýckel með "grave"-áherslu (sbr. fsæ. nykil) (Wessén 1945:16).

i lýsingu sinni á AM 350 fol. (sem er nær allit frá því um 1363) kemst Jón Helgason að þeirri niðurstöðu að flest bendi til þess að ekki hafi verið stoðhljóð i málí skrifaraðs (1926:55). Við niðurstöðu þessa hnýtir Jón athugasemd um "tónkvæði", "musikalsk aksent", sem hann ræðir síðan ekki frekar: Hann segir að þótt orð með eldra /-r/, t.d. hverfr, hafi verið borin fram sem tvíkvæð, sé slikum orðum haldið aðgreindum frá orðum með eldra /-ur/ í kveðskap frá 15. öld, "sikkert ved hjelp av den musikalske aksent".

Stefán Karlsson (1964:26-27) telur að skýra megi sérstöðu "stoðhljóðsorðanna" gagnvart bragreglum Egils rimna (sjá 4.3) með því að þar sé tónkvæði (enn) á ferðinni og greini á milli orða með eldra /-r/ og eldra /-ur/.

Samkvæmt því er það tónkvæðið sem veldur því að i kveðskapnum er litið á orð með eldra /-r/ sem einkvæð, ef þau voru einkvæð i fornu málí. Og vegna tónkvæðis séu "stoðhljóðsorð" ekki rímuð við orð með eldra /-ur/ (sem i fornu málí voru a.m.k tvíkvæð).<sup>1</sup>

Stefán getur þess til að öll visuord sem hafi "stoðhljóðsorð" sem síðasta braglið tilheyri i raun stýfðum visuordum (1964:24), p.e.a.s. að i visuordum sem samkvæmt bragarrætti eru óstýfð, en enda á "stoðhljóðsorði", sé i raun brotið gegn bragarrætti.

Sé þessi hugmynd um aðgreinandi tónkvæði i "stoðhljóðsorðum" borin að þeim rínum frá 14. - 16. öld, sem frá er sagt í 4.2, gæti hún að því leyti betur átt

<sup>1</sup> Rímið máttur (þgf.) - ríðsúr og móður (sf.) - gáður skýrir Stefán með því að gómul hefð sé fyrir einkvæðum aukafallsmundum af ogálf.

við þær en við Egils rimur, að i fyrrgreindum heimildum varð, sem fyrr var frá greint, aldrei vart við "stoðhljóðsorð" sem síðustu bragliði óstýfðra visuorða.

A hinn bóginн virðast dæmin þrjú frá 14. - 16. öld um að orðin "okkur" (efn.), "óhæfur" (ft.) og "átur" (ft.) séu rimuð á móti "stoðhljóðsorðum" ganga þvert gegn hugmyndinni um aðgreinandi tónkvæði. Hinir fjölmörgu öfugu rithættir í textum frá 14. - 16. öld (sjá 3. kafla) virðast auk þess heldur mæla á móti því að orðum með eldra /-r/ og eldra /-ur/ hafi verið haldið aðgreindum í framburði með einhverjum öðrum hætti en þeim að þau fyrرنefndu hafi haft ýmist r-framburð eða ur-framburð en þau síðarnefndu aðeins ur-framburð.

Tilvist aðgreinandi tónkvæðis verður hvorki sönnuð né afsönnuð. Ef við á hinn bóginн föllumst á þá skýringu, sem sett var fram í 4.2.2 hér á undan, að það sé vegna kveðskaparhefðar sem litið er á "stoðhljóðsorð" sem einkvæð í síðustu bragliðum en ekki tvikvæð, í rínum frá 14. - 16. öld, verður óþarf að gripa til þeirrar skýringar að það hafi verið tónkvæði sem hélt "stoðhljóðsorðum" frá því að rima við orð með eldra /-ur/. Þá má lika skýra rímið "okkur" - "flokkr" með því að skáldið hafi ruglað "okkur" (efn.) saman við "stoðhljóðsorðin". Það gæti hann varla gert hafi orðum eins og "okkur" (efn.), "óhæfur" (ft.), "átur" (ft.) o.s.frv. verið haldið frá "stoðhljóðsorðum" með aðgreinandi tónkvæði.

#### 4.5 Niðurstaða

I 4.0 var spurt: Finnum við eitthvað í kveðskap sem mælir gegn því að L-framburður hafi lifað við hlið ur-framburðar fram á 16. öld? Eg hallast að því að svara spurningunni neitandi.

Athugun Jóns Porkelssonar (1863) á kveðskap frá 14. öld og um 1400 sýnir að ur-framburðurinn er þá til orðinn. Þar með er ekki sagt að L-framburður sé útdauður í daglegu máli i lok 14. aldar, eins og haldið hefur verið fram.

\* Athugun á nokkrum rínum frá 14. - 16. öld sýnir að "stoðhljóðsorð" sem i fornu máli voru einkvæð eru notuð í endarimi eins og þau séu enn einkvæð, í síðustu bragliðum stýfðra visuordá, en eru alls ekki notuð sem (tvikvæðir) síðustu bragliðir óstýfðra visuordá. Þetta þýðir m.ö. að ur-framburði er gagngeart haldið utan síðustu bragliða í visuordum, ef halda á réttum bragarhætti. "Stoðhljóðsorð" með e, i, k á undan eldra /-r/ eru ekkert síður en önnur notuð sem einkvæðir síðustu bragliðir.

Þessa niðurstöðu vil ég túlka þannig að það sé **kveðskaparhefð** sem segi að aðeins skuli nota orð eins og

<sup>1</sup> Rétt er að hafa í huga að í 4.2 kom fram að i rínum frá 14. - 16. öld virtist e.t.v. vera litið sömu augum á orð með eldra /-ur/ og eldra /-r/, þannig að orð af hvorugri tegund komu fyrir aftast í óstýfðum visuordum, og demí voru um að orð úr hópum tveimur rímuðu saman í niðurlagi stýfðra visuordá. Segja má að bessi staðreynnd gati bent í þá átt að skáldin hafi ekki treyst ser til að gera greinarmun á orðum úr bessum hópum. Þó matti enn malda í móinn og segja sem svo að þetta semfall styrki aðeins þá vissu okkar að "stoðhljóðsorð" hafi getað haft ur-framburð, og þess vegna hafi orðum með eldra /-ur/ verið ruglað saman við þau, en burfi ekki að byggja að L-framburður sé horfinn í "stoðhljóðsorðunum".

læt(u)r, mað(u)r o.s.frv. sem einkvæða síðustu bragliði, ekki tvíkvæða. Það getur tæpast verið til viljun að þessi orð sem síðustu bragliðir séu einskorðuð við stýfð visuord. Ekki er heldur að sjá að hliðóstrædileg gerð orðanna hafi nein áhrif á hvaða orð eru notuð sem einkvædir liðir, a.m.k. ekki þau áhrif sem ætla mætti miðað við táknum á stoðhljóði í textum frá sama timabili.

Aldmennt er áliðið að kveðskaparhefðir séu sterkar og mál i kveðskap geti af þeim sökum oft verið nokkrum skrefum á eftir daglegu málí þeirra sem ortu og kváðu. Góðan árangur rímnaskáldanna við að einskorða orð með eldra /-r/ í síðustu bragliðum við stýfð visuord má því e.t.v. skyra með því að þau hafi verið svo vel að sér um uppruna orðanna (dæmi eru þó um að þeim verði á að nota orð með eldra /-ur/ í síðustu bragliðum stýfðra visuord)auk þess sem fram hefur komið að orð með eldra /-ur/ fundust ekki í athugun minni í síðustu bragliðum óstýfðra visuord, fremur en orð með eldra /-r/). Pessi góði árangur skáldanna verður samt skiljanlegri með það i huga að afbrigðið r hafi lifað við hlið ur í daglegum framburði fram á 16. öld. Tilvist kveðskaparhefðarinnar mælir a.m.k. ekki gegn lifandi r-framburði.

I Egils rínum frá 17. öld er þeirri hefð ennþá við haldið að líta á "stoðhljóðsorð" sem einkvæð i kveðskap þar sem bragarráttur krefst einkvaðra orða, en jafnframt er farið að nota "stoðhljóðsorð" sem tvíkvæða bragliði aftast í visuordum, þótt i litlum mæli sé.

Sú hugmynd að "tónkvæði" ("musikalisk aksent") hafi haldið orðum með eldra /-r/ og orðum með eldra /-ur/ aðgreindum í kveðskap verður hvorki studd frekar né hrakin. En sé lítið á aðgreininguna sum finna má i kveðskapnum sem kveðskaparhefð, sem jafnframt hafi stuðst við lifandi r-framburð, verður óþarf að gripa til hugmyndarinnar um tónkvæði til skyringar. Einnig má benda á að miðað við hugmyndina um tónkvæði getur verið

erfitt að skyra þau tilvik þegar orð með eldra /-ur/,  
sem væntanlega hefðu haft "grave"-áherslu, ríma við orð  
með eldra /-r/, sem ættu að hafa haft "akút"-áherslu.

## 5. KAFLI

### NÍÐURSTUDUR

Helsta niðurstaða er þessi (sbr. 2., 3. og 4. kafla hér á undan): leiða má getum að því að innskot stoðhljóðs hafi verið valfrjálst frá ofanverðri prettándu öld og fram á sextándu öld.

Heimildir frá ofanverðri 13. öld og fram á 16. öld syna breytilegan rithátt, <r> og <ur>, fyrir eldra /-r/. í haldsseimi i skrift og "grafískir" þættir (sbr. þær reglur sem Holm-Oisen fann i AM Óla fol., síð 3.3.1.11) hafa eflaust ráðið einhverju um breytileikann, en hann virðist einnig hafa ráðist af hljóðfræðilegum skilyrðum í örðum með eldra /-r/.

Það kemur fram á eftirfarandi hátt:

a) frá ofanverðri 13. öld og fram á 16. öld er hlutfallslega miklu algengara að tákna stoðhljóð á undan eldra /-r/ sem stóð á milli samhljóða en ella mætti búast við;

b) frá seinni hluta 14. alðar og fram á 16. öld er einnig hlutfallslega töluvert algengara að stoðhljóð sé táknað á undan eldra /-r/ i bakstöðu sem stóð á eftir e, í eða k en á undan eldra /-r/ i bakstöðu sem stóð á eftir öðrum samhljóðum en e, í eða k.

Ef breytilega táknum, <r> og <ur>, má þannig m.a. rekja til hljóðfræðilegra skilyrða liggur beinast við að túlka það á þann veg að innskot stoðhljóðs hafi verið valfrjálst í málinu frá ofanverðri 13. öld og fram á 16. öld. Valfrelsíð kemur samkvæmt þessu þannig fram að r og ur eru frjáls afbrigði af eldra /-r/; samt er tilhneiting til að taka annað afbrigðið fram yfir hitt við ákvæðin hljóðfræðileg skilyrði, þótt ekki sé um fyllidreifingu að ræða. Áðurnefnd tilhneiting er lykillinn að því að hægt er að leiða rök að því að bæði

afbrigðin, r og ur, hafi í raun lifað hlið við hlið, lengur en venjulega hefur verið talið.

Í kveðskap frá 14. Öld og síðar er sýnt að bragarhættir krefjast stundum ur-framburðar til að ná lágmarksfjölda atkvæða í visuordi miðað við reglulegan bragarhátt. Þessi staðreynnd mælir ekki gegn því að r og ur hafi verið frjáls afbrigði fram á 16. Öld.

Athugun á rínum frá 14. Öld og fram á 16. Öld sýnir að miðað við reglulegan bragarhátt eru orð með eldra /-r/ í síðustu bragliðum stýfóra visuorða höfð með r-framburði, og orð með eldra /-r/ koma ekki fyrir sem síðasti bragliður óstýfóra visuorða. M.ö.o.: ur-framburði í orðum með eldra /-r/ virðist skipulega haldið frá síðustu bragliðum. Þetta mætti túlka sem kveðskaparhefð, sem virðist þá yfirsterkari áðurnefndri tilhneigingu þar sem hljóðfræðileg skilyrði réðu ferðinni. Því hvers konar orð með eldra /-r/ geta í jöfnum mæli staðið sem einkvæðir bragliðir.

Í rínum frá virtist vera farið með orð með eldra /-ur/ eins og með orð með eldra /-r/, að því levti að þau virtist ekki vera að finna í niðurlagi óstýfóra visuorða, sem þó hefði mætt vænta. Auk þess fundust fæein dæmi um að orð með eldra /-ur/ væru höfð aftast í visuordum sem samkvæmt réttum bragarhætti eru stýfð. Þetta bendir til samfalls allra orða, sem voru eða gátu verið borin fram með ur, gagnvart kveðskaparreglunni. Pótt þarna geti þannig verið um kveðskaparhefð að ræða mælir það þó ekki endilega gegn lifandi r-framburði. E.t.v. mætti geta sér þess til að góður árangur skáldanna við að halda öllum orðum, sem voru eða gátu verið borin fram með ur, utan við niðurlag óstýfóra visuorða benti frekar til þess að skáldin þekktu úr mæltu málí r-framburð við hlið ur-framburðarins, á stórum hluta allra orða sem gátu verið borin fram með ur.

Eins og fram kom í 2.4.2 hafa menn áður haft

grunsemdir um sérstaka tilhneigingu til að skjóta inn stoðhljóði á undan eldra /-r/ sem stóð á milli samhljóða. Konráð Gislason (1889) gat þess til að stoðhljóðsinnskot hefði fyrst orðið í slikum samböndum. Eins og fram kom i 3. kafla eru slik orð stór hluti elstu dæma um táknað stoðhljóð en þar koma lika fram aðrar tegundir hljóðfræðilegs umhverfis. Ekki er því hægt að fullyrða að breytingin hafi hafist í orðum þar sem eldra /-r/ stóð á milli samhljóða. E.t.v. er sönnu nár að segja að eftir að regla um innskot stoðhljóðs kemur til sögunnar séu r og ur orðin frjáls afbrigði, en ur sé oftar notað þar sem /-r/ stóð á milli samhljóða en annars staðar.

\* 2.4.3.3 var getið um hugsanlega sérstöðu er, tr, kr í bakstöðu gagnvart öðrum bakstöðuklósum með r. Þar var einkum haft í huga að er, tr, kr á milli sérhljóða hafa önnur áhrif á lengd áherslusérhljóða í nútínamáli en önnur sambönd með r, en því hefur verið haldið fram að sú breyting á hljóðdvöl, sem leiddi til nügildandi reglna, hafi getað hafist þegar á 14. Öld. Gefin hefur verið sú skyring á undantekningunni frá lengdarreglunni að vegna hömlu á hljóðskipun atkvæða hafi atkvæðaskipting sem þessi verið óleyfileg: \*Vpr\$V, \*Vtr\$V, \*Vkr\$V. Sjá 2.4.3.3. Hömluna sjálfa má aftur reyna að skyra með því að visa til stigveldis í styrk eða hljómmagni samhljóða.

Sem áður segir hefur nú komið á daginn að á 14. - 16. Öld, þegar bakstöðuklasarnir er, tr, kr lifðu, samkvæmt framangreindum niðurstöðum, við hljóð pur, tur, kur, virðist mega sjá tilhneigingu til að taka þá síðarnefndu fram yfir þá fyrrnefndu. Það bendir til þess að bakstöðuklasar með e, t, k og r séu "verri" en aðrir bakstöðuklasar með samhljóði á undan L. E.t.v. vegna þess að of mikill munur sé á styrk eða hljómmagni samhljóðanna þannig að hin "sterku" eða hljómlitlu e, t, k geti enn síður en önnur samhljóð staðið a milli nins

"veika" eða hljómmikla r og sérhljóðs í kjarna atkvæðis. Þessi niðurstaða styður óbeint fyrrgreinda tilgátu, að skýra megi sérstöðu pr., tr., kr. á milli sérhljóða gagnvart lengdarreglu með því að klasarnir pr., tr., kr. séu óleyfilegir á undan atkvæðaskilum í orðum eins og skopra, titra, pukra.

6. KAFLIUM ORSAKIR BREYTINGARINNAR**6.0 Inngangsord**

i undanfærandi köflum höfum við beint sjónum að því hvað heimildir segja okkur um aldur og framvindu breytingarinnar þegar stoðhljóð kom upp í íslensku. Í þessum kafla er ekki ætlunin að bæta neinu þeinlinis við þær niðurstöður. Það sem hér fer á eftir eru vangaveltur um **orsakir breytingarinnar**.

Rakið er hvernig reyna má að skýra orsakirnar miðað við hugmyndir Clements og Keyssers (1983) (i 6.2) og hugmyndir Piggotts og Singhs (1985) (i 6.3) og loks er skýring Wesséns (1945) rakin (i 6.4). En fyrst koma nokkur orð um ástæður þess að leita skýringa á orsökum breytingarinnar annars staðar en i "hefðbundinni" lýsingu á fyrirbærinu í íslensku.

**6.1 Lýsing - skýring?**

i "hefðbundinni" framsetningu á stoðhljóðsreglunni (sjá Hrein Benediktsson 1969:394) felst ekki skýring á fyrirbærinu, aðeins lýsing.<sup>1</sup>

Vitaskuld er regla Hreins Benediktssonar (1969), t.d., góð og gild lýsing. En af reglu sem þeirri er ekki að sjá að það sé endilega neitt eðlilegra eða skiljanlegra að stoðhljóðið kom upp á milli samhljóðs og

<sup>1</sup> Höð sama gildir rannar um allar reglur sem fram hafa verið settar til sölysa y-innskoti í nutímamáli, nema heilst reglu Kiparskys (1984:143), sjá 1.3.

/r/, eins og reyndin var, heldur en t.d. á milli samhljóðs og /t/, svo dæmi sé tekið. í mynduð regla:

$$\emptyset > u/VC_n \quad t \left\{ \begin{array}{l} C \\ \# \end{array} \right\}$$

sem leiða myndi til ást --> \*ásut, hests --> \*hesuts, býður upp á sama hljóðfræðilegt umhverfi eins og stoðhljóðsregla Hreins, nema hvað þarna er /t/ í stað /r/.

Eins og sjá mætti af dæmunum i 2.2, þegar rætt var um stoðhljóð i nokkrum öðrum málum, og enn kemur fram í eftifarandi köflum, 6.2 - 6.4, má líta á tilkomu stoðhljóðs sem anga af almennri tilhneigingu til að greiða úr vondum klösum.

Af þessum sökum er eftirsóknarvert að lýsing á innskoti stoðhljóðs feli "eðlileikann" í sér á einhvern hátt og hægt sé að sjá að það er ekki tilvilkjun að dagr geti orðið dagur þótt ást breytist ekki í \*ásut.

i eftifarandi köflum verður greint frá premur leiðum til að gera grein fyrir stoðhljóði með það fyrir augum að láta skyringu, orsakir, koma fram í lýsingu á fyrirbærinu.

Markmið kaflanna 6.2, 6.3 og 6.4 er ekki að draga fram þjár leiðir til þess að gera síðan upp á milli þeirra og velja þá "bestu". Ætlunin er fremur að undirstrika að þegar leitað er skyringa, i hugmyndum Clements og Keysers, Piggotts og Singhs eða Wesséns, eru súmu grundvellarhugtökum í öllum tilvikum uppi á teningnum: atkvæðagerð og hljóðskipunarlegar hömlur á hana.


## 6.2 Stoðhljóðið borið að hugmyndum Clements og Keysers (1983)

Hér verður tilkoma stoðhljóðs í íslensku borin að hugmyndum Clements og Keysers um atkvæðið og lýsingu á því (sjá Clements og Keyser 1983, einkum bls. 1-138).

Clements og Keyser halda því fram að i stað þess að gera ráð fyrir að atkvæði skiptist beint í einstök hljóð megi gera ráð fyrir sérstakri þróju röð, sem þeir kalla "CV-tier", sem millistigi á milli atkvæðis og hljóða. Í CV-röðinni kemur fram hvernig atkvæðagerðin er og hvar í atkvæðinu einstök samhljóð og sérhljóð geta síðan verið.<sup>1</sup>

Litum nú á hvernig ég imynda mér að atkvæðaskiptingin væri, samkvæmt hugmyndum Clements og Keysers, fyrir og eftir breytingu í orðunum dagr, tekr, fegrð, hestr (sbr. Clements og Keyser 1983:38-39) (ðómerkir "atkvæði"):

<sup>1</sup> Clements og Keyser (1983) telja síg syna fram á tilvist CV-ráðar með því t.d. að hljóðakerfisreglur geti orkað sjálfstætt á CV-röðina annars vegar og röð einstakra sérhljóða og samhljóða hins vegar. Það getur leitt til þess að einstökum hljóðum sé eytt en eftir standi tómir liðir í CV-röðinni. Meðal dama um slikt nefna þeir greiningu Höskulðar Práinssonar (1978) á sáblistri í íslenskum munnumyndunarþáttum harðra lokhljóða er eytt og eftir stendur aðeins þátturinn +sp,rgl. (síðan lengist undanfarandi sérhljóð, en seinni helmingur þess verður þá +sp,rgl., þ.e. [h]) (Höskuldur Práinsson 1978; Clements og Keyser 1983:77-79; Kristján Árnason 1986:14-15). Clements og Keyser segja að líta megi á eyðingu munnumyndunarþáttar þ.e. [t] sem sembarilega við að i "neðstu röðinni", hljóðaröðinni, hafi heilli sneið verið eytt, og í CV-röðinni standi eftir tómur C-liður. Mér finnst þetta ófullnagjandi tulkun á hugmynd Höskulðar; mér finnust ekki vera hagt að halda því fram að hljóði hafi verið eytt þegar þátturinn +sp,rgl. stendur eftir. Það synist sónmuðar að segja að [t] hafi þáð raddbandabætti og munnumyndunarþáttit við sáblistur se munnpáttum eytt en eftir standi raddbandabætturinn +sp,rgl. (sbr. Höskuld Práinsson 1978:34-37, t.d.).




Eins og sjá má verður grundvallarbreyting á atkvæðaskiptingu orðanna við innskot stoðhljóðs.

Clements og Keyser gera ráð fyrir hömlum á atkvæðagerð, þannig að hvert tungumál hafi ákvæðna leyfilega lengd á framstöðuklösum og bakstöðuklösum (1983:30-32, 37). En ef hljóðaklasar eru lengri en atkvæði leyfir geta samhljóð i klösum lent utan gátta, orðið "extrasyllabic", þ.e. falla ekki undir neitt atkvæði. Um slik samhljóð segja Clements og Keyser (1983:39):<sup>1</sup>




<sup>1</sup> Kiparsky (1984) gerir órein fyrir daður í nótumamáli með baklaðu

Typically, such consonants are separated from neighboring consonants by short neutral or voiceless vowels and are historically susceptible to processes which either eliminate them or incorporate them into well-formed syllables by means of processes such as vowel epenthesis, sonorant vocalization and metathesis.

A grundvelli þessa er hægt að skyra þróunina í íslensku með því að til verði hamla á bakstöðuklasa sem hvorki leyfi (C)CC ef seinasta hljóðið er ɿ né (C)CCC ef næst síðasta hljóðið er ɿ. Endurskoðuð atkvæðaskipting skilur ɿ eða ɿ + samhljóð eftir utan atkvæðis. Við greininguna á dagr --> dagur o.s.frv. hér að framan verður þá að bæta þessu millistigi:




/dagtr/ þar sem /r/ felli utan atkvæðaskiptingar (sé "extrasyllabiskt") en sé "bjargað" með y-inniskoti. Æstaða þess að /r/ fellur utan atkvæðis er samkvæmt Kiparsky su að annars bryti það gegn reglum um atkvæðagerð "adhering in this respect to the unmarked syllable structure as determined by the universal sonority hierarchy" (1984:143). Grundvallarhugmyndin er sýnilega samþarileg við hugmyndir Clements og Keyser (1983) þótt munur sé á framsetningu. Sjá einnig kafla 1.3.



Gera má ráð fyrir að svo sé skipað til að öll hljóð i orði falli undir eitt hvert atkvæði (sbr. greiningu Clements og Keyser á orðum úr tyrknesku, 1983:61), og Clements og Keyser gera ráð fyrir því að þegar hljóðkerfisregla hefur verkað megi endurskoða atkvæðaskiptinguna (1983:54-55).

Með því að visa til atkvæðaskiptingar ( $C'$  táknað samhljóð sem fellur utan atkvæðis) má setja regluna sem skaut inn stoðhljóði svona fram:<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Æg býst við að regla um virkt y-innskot í nutímamáli gati litið eins út miðað við þessar hugmyndir; vantanlega yrði þá annað hvort að skrifa hinn sigilda höfuðverk, muninn á akurinn og lifrin, á reikning mismunandi atkvæðaskiptingar, þannig t.d. að  $r$  í akurinn falli utan atkvæðis af einhverjum ástæðum en  $r$  í lifrin ekki, eða gera ráð fyrir mismunandi beklaðum formum, þannig að  $Y$  í akur o.s. frv. sé lexikalskt.



Pessi framsetning tekur reglu Hreins Benediktssonar (1969:394, sjá 2.1) fram að því leyti að hér þarf ekki á slaufusviganum að halda hægra megin við /r/; reglan verkar hvenær sem /r/ á eftir öðrum hljóðum stendur utan atkvæðis.

Nú höfum við séð hvernig gera má grein fyrir tilkomu stoðhljóðs með hugmyndum Clements og Keyser (1983). En hvað segir greiningin okkur í raun og veru um orsakir breytingarinnar?

Niðurstaðan er sú að með tilvisun til hugmynda Clements og Keyser megi skýra tilkomu stoðhljóðs sem afleiðingu af hömlu á atkvæðagerð. Hamlan leiðir til þess að orðum eins og dagr, fegrð o.s.frv. er skipt þennig í atkvæði að /r/ verður út undan. Þá fyrst kemur til kasta reglu sem skytur inn stoðhljóði á undan sliku /r/.

### 6.3 Stoðhljóðið borið að hugmyndum Piggotts og Singhs (1985)

Piggott og Singh (1985) telja sig geta útskyrt innskot hljóða með því að visa til atkvæðagerðar og hljóðskipunarlegra hamla:

... the occurrence of epenthetic vowels and consonants can be attributed to certain properties of syllable structure and some universal principles of syllabification interacting with (phonotactic) constraints, some of which are universal, others language-specific ... We believe that this analysis provides an explanation of the phenomenon of epenthesis (1985:415)

*men með  
elstafarhljóðum*

Eg vek sérstaklega athygli á því að þarna er talað um að "útskýra" - ekki aðeins að "lysá".

Grunnhugmyndin hjá Piggott og Singh (1985) er sú að hljóðum sé sjálfkrafa skotið inn til að fylla upp í "göt" sem myndast þegar hljóðum er skipt i atkvæði.<sup>1</sup>

Þeir miða við að atkvæði ( $\sigma$ ) skiptist í "onset" ( $O$ ) og "rhyme" ( $R$ ), og hið síðarnefnda hafi alltaf a.m.k. "nucleus" ( $N$ ) og þar að auki "coda" ( $C$ ) ef vill.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Piggott og Singh virðast á móti því að tala um sō hljóðum sé skotið inn með reglum; þess i stað tala þeir um "viðgerðir" á vondum atkvæðum ("repair strategy") (1985:422-423). Piggott og Singh benda á að innskotsregla, sem er sett fram að hattí Chomskys og Halle í *The Sound Pattern of English* (1968), sé ölluð að því leyti að i henni felist engin útskýring á því sem hún á sameiginlegt með sams konan reglum t.a.m. í dörum málum, heldur sé nauðsynlegt að tiltaka allt hljóðfræðilegt umhverfi í hvort sinn sem innskotsregla er sett fram (1985:421). (Sem dæmi um slika framsetningu mátti nefna reglu um "introduction of units into strings": " $\emptyset \rightarrow B / X \_\_ Y$ " (Chomsky og Halle 1968:359) þar sem B er nýja sneidin og X og Y tákna umhverfið. Dæmi úr íslensku getur verið regla Hreins Benediktssonar (1969) í 2,1).

<sup>2</sup> Haugen (1958) notar hugtökin "onset", "nucleus" og "coda" í lýsingu sinni á dreifingu fónema í íslensku nútímaáli. Kristján Árnason (1984:152) hefur stungið upp á íslensku heitunum "stuðull" (onset), "rim" (rhyme), "kjarni" (nucleus) og "kálfur" (coda).

Komið hefur verið fram með greiningu á atkvæðum í nútímaíslensku með þessum hugtökum: Kristján Árnason (1984) gerir "tilraun til þess að gera grein fyrir hljóðkerfislegri byggingu áhersluatkvæða í íslensku með því að líta á þau "ofanfrá", þ.e. í stað þess að byrja á hinum einstöku hljóðum ... er litið á atkvæði sem heild og spurt hvernig hentugt sé að skipta því niður" (1984:152). Þess skal getið að Kristján gerir þar ekki ráð fyrir millistigum á milli stuðuls, kjarna og kálfssannara vegar og einstakra hljóða hins vegar (eins og eftir er hjá Piggott og Singh 1985).

Þeir gera ráð fyrir millilið, "skeletal point" (táknað "x"), á milli O, N og C annars vegar og einstakra hljóða hins vegar. Ef milliliður sem tilheyrir R er ekki tengdur neinu hljóði er um að ræða tóman lið (sjá Piggott og Singh 1985:423-433) - p.e.a.s. þar er þá "gat" í atkvæðinu.<sup>1</sup>

